

# Samantekt

## Lög nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna

(Ásamt lögskýringargögnum, dómsúrlausnum og álitum umboðsmanns Alþingis ofl.)

Maí 2013.

Uppfært í janúar 2016.

Tóku gildi 31. desember 1986. *Breytt með* l. [128/1989](#) (tóku gildi 1. jan. 1990), l. [119/1990](#) (tóku gildi 31. des. 1990), l. [92/1991](#) (tóku gildi 1. júlí 1992 nema 103. gr. sem tók gildi 9. jan. 1992), l. [119/1992](#) (tóku gildi 11. jan. 1993), l. [99/1994](#) (tóku gildi 1. júlí 1994), l. [70/1996](#) (tóku gildi 1. júlí 1996), l. [150/1996](#) (tóku gildi 30. des. 1996), l. [67/2000](#) (tóku gildi 26. maí 2000), l. [47/2006](#) (tóku gildi 1. júlí 2006), l. [154/2010](#) (tóku gildi 30. des. 2010), l. [126/2011](#) (tóku gildi 30. sept. 2011) og l. [85/2012](#) (tóku gildi 11. sept. 2012 nema 2. málsl. b-liðar 12. gr. sem tekur gildi 1. sept. 2013).

## Efnisyfirlit

Formáli .....	4
Efnisskipan laganna .....	5
I. kafli .....	6
Gildissvið og samningsaðild. ....	6
1. gr. ....	6
2. gr. ....	9
3. gr. ....	10
4. gr. ....	11
5. gr. ....	13
6. gr. ....	16
7. gr. ....	20
8. gr. ....	22
II. kafli .....	23
Efni kjarasamninga, gildistími og ábyrgð. ....	23
9. gr. ....	23
10. gr. ....	33
11. gr. ....	34
12. gr. ....	35
13. gr. ....	37
III. kafli .....	38
Um verkföll. ....	38
14. gr. ....	38
15. gr. ....	42
16. gr. ....	48
17. gr. ....	49
18. gr. ....	50
19. gr. ....	51
20. gr. ....	59
21. gr. ....	60
22. gr. ....	61
23. gr. ....	62
24. gr. ....	63
25. gr. ....	64
IV. kafli .....	65
Um Félagsdóm. ....	65
26. gr. ....	65
27. gr. ....	70
V. kafli .....	73
Um trúnaðarmenn á vinnustöðum. ....	73
28. gr. ....	73
29. gr. ....	74

30. gr. ....	75
VI. kafli. ...	76
VII. kafli. Ýmis ákvæði.....	76
34. gr. ....	76
35. gr. ....	76
36. gr. ....	76
Ákvæði til bráðabirgða.....	77
Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.....	78
Inngangur. ....	78
Forsaga og fyrri lagaákvæði. ....	79
Helstu breytingar og grundvallaratriði. ....	79
Viðauki I. ....	81
Dómar Félagsdóms.....	81
Ríkið og stofnanir þess.....	82
Sveitarfélög og fyrirtæki þess.....	88
Sjálfseignarstofnanir.....	91
Almennur vinnumarkaður .....	92
Viðauki II.....	98
Lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.....	99

## Formáli

Lög nr. [94/1986](#), um kjarasamninga opinberra starfsmanna, öðluðust gildi 31. desember 1986. Starfsmannaskrifstofa fjármála- og efnahagsráðuneytisins hefur á síðustu árum tekið saman á rafrænu formi samantektir vegna laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. [70/1996](#) og laga um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins nr. [1/1997](#). Í þessari þriðju samantekt eru ákvæði laganna með skýringum í frumvarpi sem varð að lögum nr. 94/1986 ásamt því að teknir eru saman þeir dómur Félagsdóms sem gengið hafa frá gildistöku laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. [94/1986](#).

Í þessari samantekt vegna laga nr. 94/1986 eru reifanir á dómum frá 1986 til ársloka 2015 látnar fylgja einstökum efnisákvæðum laganna. Í viðauka [I](#) er annars vegar yfirlit yfir dóma Félagsdóms vegna ríkis og sveitarfélaga frá árinu 1986 til 2015 og hins vegar yfirlit yfir dóma á almennum vinnumarkaði frá 2000 til 2015 sem birtir eru á úrskurðarvefnum [Úrskurðir og álit](#). Í viðauka [II](#) eru síðan lög nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Ráðgert er að auka við efni í samantektina eftir því sem þurfa þykir og að hún verði uppfærð reglulega á [heimasíðu](#) ráðuneytisins. Björn Rögnvaldsson, lögfræðingur á skrifstofu stjórnunar og umbóta, hefur haft umsjón með því að útbúa samantektina til birtingar.

## Efnisskipan laganna

### *Lögin skiptast í sjö kafla:*

Í [fyrsta](#) kafla er mælt fyrir um gildissvið þeirra og samningsaðild.

Í [öðrum](#) kafla, er mælt fyrir um efni kjarasamninga, gildistíma og ábyrgð.

[Þriðji](#) kafla laganna tekur til verkfalla.

[Fjórti](#) kafla fjallar um Félagsdóm.

[Fimmti](#) kafla fjallar um trúnaðarmenn á vinnustöðum.

[Sjötti](#) og [sjöundi](#) kafla hefur að geyma ýmsar sérreglur auk fyrirmæla um gildistöku laganna og lagaskil.

**I. kafli.**  
**Gildissvið og sammingsaðild.**

**1. gr.**

Lög þessi gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

[Ákvæði laganna taka ekki til:

1. [Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir [kjararáð].]<sup>1</sup><sup>2</sup>
2. Starfsmanna ríkisbanka eða lánastofnana ríkisins.
3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar kaup þeirra og kjör fara eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. [80/1938](#) og lög nr. [19/1979](#).
4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.
5. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í [6.–8. tölul.]<sup>3</sup> [19. gr.](#) þessara laga og eru utan sammingsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án sammings.]<sup>4</sup>

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

**1. Lögskýringargögn**

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Í grein þessari er kveðið á um hverjir falli undir gildissvið laganna. Er þar í aðalatriðum um að ræða þá starfsmenn sem falla undir gildissvið þeirra tvennra laga sem frumvarpinu er ætlað að leysa af hólmi. Lögunum er þannig ætlað að taka til allra þeirra starfsmanna sem ráðnir eru með a.m.k. þriggja mánaða uppsagnarfresti eða settir eru eða skipaðir til starfa. Enn fremur geta lögin tekið til annarra félagsmanna í þeim félögum sem sammingsumboð hafa stundi þeir fast samfellt starf, eins þó um sé að ræða hlutastarf sem ekki nær hálfu starfi. Lögin taka einnig til starfsmanna sveitarfélaga og stofnana þeirra sem ráðnir eru með hliðstæðum hætti.

Undanskildir gildissviðinu eru þeir hópar starfsmanna sem upp eru taldir í 1.-6. tölul. greinarinnar. Frávik þessi eru hin sömu og í núgildandi lögum að því viðbættu að í upptalningu starfa í 1. tölul. hefur verið bætt nokkrum starfsheitum, landlækni, rektor Kennaraháskóla Íslands, ríkislögmanni og yfirdýralækni. Einnig er 3. tölul. nokkuð breyttur.

Í 3. tölul. er gert ráð fyrir að áfram verði unnt að ráða hjá opinberum stofnunum starfsmenn er taki laun samkvæmt þeim almennu kjarasamningum sem gerðir eru á milli samtaka vinnuveitenda og launþega, sbr. lög um stéttarfélög og vinnudeilur. Um þessa starfsmenn gilda einnig reglur laga nr. [19/1979](#), um uppsagnarfrest og laun í veikindum, og eiga þeir aðild að lífeyrissjóði stéttarfélags síns.“

**1.2 Breytingar frá fjárhags- og viðskiptanefnd neðri deildar**

<sup>1</sup> L. [47/2006](#), 13. gr.

<sup>2</sup> L. [150/1996](#), 3. gr.

<sup>3</sup> L. [150/1996](#), 3. gr.

<sup>4</sup> L. [70/1996](#), 56. gr.

„Við upptalningu í 1. tölul. 1. gr. bætist í stafrófsröð: rektor Tækniskóla Íslands og ríkisskattanefndarmenn í fullu starfi.“

### **1.3 Breytingar eftir 2. umræðu í neðri deild og 3. umræðu í efri deild**

„1. gr. hljóðar svo:

Lög þessi gilda um alla starfsmenn sem eru félagar í stéttarfélögum sem skv. 4. og 5. gr. laganna hafa rétt til að gera kjarasamninga samkvæmt þeim og eru ráðnir hjá ríkinu, ríkisstofnunum, sveitarfélögum eða stofnunum þeirra með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka ekki til:

1. Biskups Íslands, borgardómara, borgarfógeta, bæjarfógeta, flugmálastjóra, forstjóra ríkisspítala, héraðsdómara, hæstaréttardómara, landlæknis, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli, lögreglustjórans í Reykjavík, orkumálastjóra, póst- og símamálastjóra, rafmagnsveitustjóra ríkisins, rannsóknarlögreglustjóra, ráðherra, ráðuneytisstjóra, rektors Háskóla Íslands, rektors Kennaraháskóla Íslands, rektors Tækniskóla Íslands, ríkislögmans, ríkissaksóknara, ríkisskattanefndarmanna í fullu starfi, ríkisskattstjóra, sakadómara, sendiherra, skattrannsóknarstjóra, sýslumanna, tollgæslustjóra, tollstjórans í Reykjavík, vegamálastjóra, verðlagsstjóra, yfirborgardómara, yfirborgarfógeta, yfirdýralæknis og yfirsakadómara, en starfskjör þeirra skulu ákveðin af Kjaradómi.

2. Starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.

3. Starfsmanna stofnana og fyrirtækja ríkis og sveitarfélaga þegar um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarfélaga þeirra og vinnuveitenda, sbr. lög nr. [80/1938](#) og lög nr. [19/1979](#).

4. Þeirra sem skipa samninganefndir ríkis og sveitarfélaga.

5. Forstöðumanna stofnana, sbr. 5. og 6. tölul. 29. gr. laga nr. [38/1954](#), sem óska að vera utan samningsumboðs stéttarfélaga og ákveður fjármálaráðherra þeim starfskjör án samninga.

6. Þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem getið er í 4.-6. tölul. 19. gr. þessara laga og eru utan samningsumboðs stéttarfélags samkvæmt ákvörðun sveitarstjórnar sem ákveður þeim starfskjör án samninga.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.“

## **2. Dómar**

### **2.1 Dómar Félagsdóms**

Fd. 28. júlí 2008 í máli nr. 4/2008. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í eigin nafni gegn Strætó bs. og gagnsök.

Sjá einnig [4.](#), [26.](#), [27.](#) og 2. og 4. mgr. [30.](#) gr.

B krafðist þess að felld yrði úr gildi uppsögn J, trúnaðarmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hjá Strætó bs., úr starfi hjá Strætó bs. Félagsdómur tók til ákvörðunar hvort kröfur B, eins og þær voru fram settar, ættu efnislega undir valdsvið dómsins svo sem það er afmarkað í [26.](#) gr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn ljóst af ákvæðinu að aðalkröfur B, eins og þær voru úr garði gerðar, féllu utan valdsviðs dómsins og bar því þegar af þeim sökum að vísa þeim frá dómnum. Varakrafa B tók til þess að óheimilt hefði verið að segja umræddum starfsmanni S upp starfi og að þar með hefði uppsögnin verið brot á tilgreindum ákvæðum gildandi kjarasamnings og ákvæðum 2. og 4. mgr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn að eins dómsvald réttarins væri skilgreint í [26.](#) gr. heyrði það ekki undir valdsvið réttarins að dæma um hvort uppsögn starfsmanns, þar á meðal trúnaðarmanns, teldist vera brot á kjarasamningi eða ákvæðum laganna. Þá báru gögn málsins ekki með sér að ágreiningur, sem krefjist úrlausnar dómsins, hafi risið milli aðila um túlkun á gr. 9.9.1 í fyrrgreindum kjarasamningi milli þeirra. Af framangreindri niðurstöðu leiddi sjálfkrafa að kröfu B um að S verði gerð sekt var vísað frá Félagsdómi. Á sama hátt var varakröfu B vísað frá dómi. Gagnkrafa S var

bundin því að kröfur B yrðu teknar til efnismeðferðar. Þar sem það skilyrði var ekki uppfyllt bar að vísa þeim kröfum sjálfkrafa frá dómi. Var máli þessu því vísað í heild frá Félagsdómi.

Fd. 15. apríl 2005 í máli nr. 2/2005. Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu f.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Sjá einnig hrd. frá 9. maí 2005 í máli nr. [170/2005](#)

Í málinu krafðist LÍ þess að viðurkennt yrði með dómi að félagsmönnum LÍ, sem starfa við heilsugæslustöðvar og taka laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar frá 15. október 2002, hafi sjálfir val um hvort þeir taki laun samkvæmt A. lið 1. gr. kafla IX, föst mánaðarlaun, eða laun samkvæmt B. lið 1. gr. kafla IX, samsett laun. Heilsugæslulæknar féllu utan laga nr. 94/1986 og voru seldir undir úrskurðarvald kjaranefndar að lögum með laun sín og starfskjör þegar sú ákvörðun var tekin sem er tilefni málshöfðunar þessarar. Féll því utan valdsviðs Félagsdóms, eins og það er afmarkað samkvæmt [26.](#) gr. laga nr. 94/1986, að dæma um þann ágreining sem uppi var í málinu. Var málinu því vísað frá Félagsdómi.

Fd. 12. júlí 2004 í máli nr. 2/2004. SFR vegna 45 starfsmanna LSH gegn íslenska ríkinu og Eflingu stéttarfélagi. Réttur til þess að ganga í annað stéttarfélag. Túlkun félagsákvæða stéttarfélags um takmörkun á úrsögn úr stéttarfélagi. Ráðningarsamningar.

Íslenska ríkið hafði gert kjarasamninga við SFR og Eflingu stéttarfélag um störf gæslumanna á Landspítala-háskólasjúkrahúss. 45 félagsmenn Eflingar gengu í SFR og kröfðust þess að félagið færi með kjarasamnings fyrirsvar sitt. Dæmt að SFR skyldi fara með kjarasamnings fyrirsvarið frá þeim tíma er kjarasamningur Eflingar rann út eða 31. desember 2003. Fallist á þá kröfu að kjarasamningur SFR frá 25. janúar 2001 skyldi gilda um kjör umræddra starfsmanna miðað við 1. janúar 2004. Í þessu sambandi var vísað til dóma Félagsdóms í máli nr. 18/1998 (Fd XI:350) og Félagsdóms nr. [9/2001](#) frá 4. júlí 2001 sem fordæma. Ekki var tekin afstaða til ráðningarsambands einstakra félagsmanna SFR og Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Fd. 4. júlí 2001 í máli nr. 9/2001. SFR vegna M gegn íslenska ríkinu, Byggðasamlagi um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördaemi vestra og verkalýðsfélaginu Vöku. Félagafrelsi. Samningsaðild almenns stéttarfélags, skv. lögum nr. [80/1938](#).

M sagði sig úr V og óskaði eftir því að SFR færi með samningsaðild fyrir hennar hönd. Í dóminum segir að í málinu sé tekist á um samningsaðild þegar svo standi á að fjármálaráðherra hafi gert kjarasamning um sömu störf við tvö stéttarfélög annars vegar SFR skv. lögum nr 94/1986 og hins vegar við almennt stéttarfélag skv. lögum nr. [80/1938](#). Í lögum nr. 94/1986 sé ekki gert ráð fyrir því að fjármálaráðherra geri kjarasamninga við stéttarfélag skv. lögum [80/1938](#), „enda þótt alkunna sé að fyrir sé að fara víðtækri samningsgerð af þeim toga.“ Með hliðsjón af þessum aðstæðum varð að leysa úr málinu.

Fd. 31. maí 1991 í máli nr. 1/1991 (IX:427). Félag íslenskra Náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra, Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi Háskólakennara. Samningsumboð tekur aðeins til aðalstarfs.

Krafa FÍN snérist um viðurkenningu á samningsumboði félagsins fyrir félagsmenn sína vegna ákveðinna aukastarfa þeirra. Tekið fram að 1. mgr. 1. gr. veiti þeim stéttarfélögum, sem undir lögin falla, aðeins rétt til að gera kjarasamninga, sem taki til aðalstarfa viðkomandi starfsmanna. Sératkvæði.

Fd. 13. mars 1986 í máli nr. 1/1986 (IX:122). Fjármálaráðherra gegn ASÍ f.h. Sveinafélags rafeindavirkja.

Tekið fram að einhliða yfirlýsing um uppsögn ráðningarkjara hafi ekki þau réttaráhrif, að staða umræddra rafeindavirkja sem opinberra starfsmanna breytist að eðli til þannig að lög nr. 38/1954 taki ekki lengur til þeirra né lög nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Sératkvæði.



## 2. gr.

**Lög þessi taka einnig til starfsmanna sjálfseignarstofnana sem starfa í almannabágu samkvæmt lögum, eru í fjárlögum eða njóta fjárframlaga til launagreiðslna úr ríkissjóði af daggjöldum eða úr sveitarfélagssjóði, enda komi til samþykki viðkomandi stofnana.**

### *1. Lögskýringargögn*

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Þessi grein tekur til sjálfseignarstofnana sem samkvæmt lagaákvæðum sinna verkefnum er varða almannaheill og eiga lögbundinn rétt á að opinberir aðilar greiði kostnað af starfseminni.

Við stofnanir þessar starfa ýmist starfsfólk sem tekur laun eftir launakerfi opinberra starfsmanna eða eftir samningum annarra stéttarféлага. Gert er ráð fyrir að forráðamenn viðkomandi stofnana ákveði hvort starfsmenn lúti þessum lögum.“

### 3. gr.

[Ráðherra]<sup>5</sup> fer með fyrirvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögum þessum. Hann skipar nefnd manna til að annast samninga af sinni hendi og tilkynnir viðsemjendum sínum skipan hennar.

[Heimilt er [ráðherra] að fela einstökum ríkisstofnunum að annast framkvæmd kjarasamninga fyrir sína hönd. Slíka heimild getur [ráðherra] afturkallað með sex mánaða fyrirvara. Skytt er ofangreindum aðilum að veita [ráðuneytinu] allar upplýsingar um launavinnslu, laun og samsetningu þeirra, launatengd gjöld og önnur þau atriði er máli skipta um framkvæmd laga, kjarasamninga og reglugerða er ráðuneytið setur.]<sup>6</sup>

[Forseti Alþingis gerir]<sup>7</sup> kjarasamninga við starfsmenn Alþingis.

Sveitarstjórnir fara með fyrirvar sveitarfélags síns að því er varðar kjarasamninga við starfsmenn sína. Þær geta skipað nefnd til að annast samninga af sinni hendi og skulu þá tilkynna viðsemjendum sínum skipan hennar.

Sveitarstjórnir geta haft með sér samvinnu um samningsgerð og falið sameiginlegri samninganefnd samningsumboð sitt. Sama á við um samvinnu milli ríkis og sveitarfélaga, svo og þeirra og forráðaaðila stofnana skv. 2. gr.

#### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Ákvæði þessarar greinar er óbreytt frá fyrri lögum og að því viðbættu að tekið er fram um fyrirvar sveitarstjórnar fyrir kjarasamninga við starfsmenn sína en það ákvæði var áður í reglugerð. Þá er einnig gert ráð fyrir því í grein þessari að þeir sem semja fyrir hönd vinnuveitenda geti tveir eða fleiri haft samvinnu um samningagerð sín á milli.“

#### 2. Dómar

##### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 21. mars 2011 í máli nr. 8/2010. Dýralæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Álagsgreiðslur. Vaktaálag.

Sjá reifun við 12. gr.

Fd. 12. júní 1996 í máli nr. 3/1996 (X:626). SFR gegn fjármálaráðherra vegna ríkisspítalanna. Valdsvið samráðsnefndar. Framkvæmd kjarasamninga.

Ákvörðun um röðun læknaaritara í launaflokka, sem tekin var á samráðsnefndarfundi ríkisspítala og SFR, dæmd bindandi. Heimild fyrir nefndri ráðstöfun var að finna í 2. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1986, sbr. 1. gr. laga nr. 119/1990.

---

<sup>5</sup> L. 126/2011, 117. gr.

<sup>6</sup> L. 119/1990, 1. gr.

<sup>7</sup> L. 85/2012, 29. gr.

#### 4. gr.

Stéttarfélög starfsmanna ríkis og sveitarfélaga eða samtök slíkra félaga fara með fyrirvar félagsmanna sinna um gerð kjarasamninga samkvæmt lögum þessum og aðrar ákvarðanir í sambandi við þá.

Þau stéttarfélög, sem við gildistöku laga þessara hafa sérkjarasamninga við [ráðherra]<sup>8</sup> samkvæmt lögum nr. [29/1976](#) eða lögum nr. 62/1985 eða hafa kjarasamninga við sveitarfélög samkvæmt reglugerð nr. 236/1976, eiga rétt á að gera samninga við sama aðila samkvæmt lögum þessum óski þau eftir því innan árs frá gildistöku laganna.

#### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Í þessari grein og tveim þeim næstu er kveðið á um hverjir geti farið með samningsumboð fyrir hönd starfsmanna.

Við gildistöku laganna fá samningsrétt öll félög sem hafa nú sérkjarasamninga við ríki eða sveitarfélög á grundvelli fyrri laga. Þannig er tryggt að ekki verður með lögum þessum tekinn samningsréttur af stéttarfélagi sem hefur hann nú, að óbreyttri félagsskipan.“

#### 2. Dómar

##### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 27. júní 2011 í máli nr. [6/2011](#). Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar gegn Orkuveitu Reykjavíkur.

Uppsögn trúnaðarmanns vegna skipulagsbreytinga.

Fd. 21. mars 2011 í máli nr. [8/2010](#). Dýralæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu.

Sjá reifun við [12.](#) gr.

Fd. 28. júlí 2008 í máli nr. [4/2008](#). Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í eigin nafni gegn Strætó bs. og gagnsök.

Sjá einnig [1.](#), [26.](#), [27.](#) og 2. og 4. mgr. [30.](#) gr.

B krafðist þess að felld yrði úr gildi uppsögn J, trúnaðarmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hjá Strætó bs., úr starfi hjá Strætó bs. Félagsdómur tók til ákvörðunar hvort kröfur B, eins og þær voru fram settar, ættu efnislega undir valdsvið dómsins svo sem það er afmarkað í [26.](#) gr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn ljóst af ákvæðinu að aðalkröfur B, eins og þær voru úr garði gerðar, féllu utan valdsviðs dómsins og bar því þegar af þeim sökum að vísa þeim frá dómnum. Varakrafa B tók til þess að óheimilt hefði verið að segja umræddum starfsmanni S upp starfi og að þar með hefði uppsögnin verið brot á tilgreindum ákvæðum gildandi kjarasamnings og ákvæðum 2. og 4. mgr. [30.](#) gr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn að eins dómsvald réttarins væri skilgreint í [26.](#) gr. heyrði það ekki undir valdsvið réttarins að dæma um hvort uppsögn starfsmanns, þar á meðal trúnaðarmanns, teldist vera brot á kjarasamningi eða ákvæðum laganna. Þá báru gögn málsins ekki með sér að ágreiningur, sem krefjist úrlausnar dómsins, hafi risið milli aðila um túlkun á gr. 9.9.1 í fyrrgreindum kjarasamningi milli þeirra. Af framangreindri niðurstöðu leiddi sjálfkrafa að kröfu B um að S verði gerð sekt var vísað frá Félagsdómi. Á sama hátt var varakröfu B vísað frá dómi. Gagnkrafa S var bundin því að kröfur B yrðu teknar til efnismeðferðar. Þar sem það skilyrði var ekki uppfyllt bar að vísa þeim kröfum sjálfkrafa frá dómi. Var máli þessu því vísað í heild frá Félagsdómi.

Fd. 12. júlí 2004 í máli nr. [2/2004](#). SFR vegna 45 starfsmanna LSH gegn íslenska ríkinu og Eflingu stéttarfélagi. Samningsaðild. Réttur til þess að ganga í annað stéttarfélag. Ráðningarsamningar.

<sup>8</sup> L. [126/2011](#), 117. gr.

Sjá einnig [1.](#) gr.

Íslenska ríkið hafði gert kjarasamninga við SFR og Eflingu stéttarfélag um störf gæslumanna á Landspítala-háskólasjúkrahúss. 45 félagsmenn Eflingar gengu í SFR og kröfðust þess að félagið færi með kjarasamningsfyrirsvar sitt. Dæmt að SFR skyldi fara með kjarasamningsfyrirsvarið frá þeim tíma er kjarasamningur Eflingar rann út eða 31. desember 2003. Fallist á þá kröfu að kjarasamningur SFR frá 25. janúar 2001 skyldi gilda um kjör umræddra starfsmanna miðað við 1. janúar 2004. Í þessu sambandi var vísað til dóma Félagsdóms í máli nr. 18/1998 (Fd XI:350) og Félagsdóms í máli nr. [9/2001](#) frá 4. júlí 2001 sem fordæma. Ekki var tekin afstaða til ráðningarsambands einstakra félagsmanna SFR og Landspítala-háskólasjúkrahúss.

*Fd. 19. janúar 1994 í máli nr. 1/1994. (X:149). VSÍ f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf. gegn BSRB vegna Reykjavíkurborgar og til réttargæslu ASÍ. Lögformlegur samningsaðili*

Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar hafði boðað til verkfalls hjá SVR hf. Tekið fram að félagið væri stéttarfélag samkvæmt [4.](#) gr. laga nr. 94/1986. SVR hf. væri aðili að VSÍ og þar með bundið af gildandi kjarasamningum þess við aðildarfélög ASÍ. Um þá kjarasamninga væri eftir lögum nr. [80/1938](#), um stéttarfélög og vinnudeilur. Það var álit dómsins að Starfsmannafélag Reykjavíkur uppfyllti ekki það skilyrði 2. gr. laga nr. [80/1938](#) að vera opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæði þess og geti því ekki verið lögformlegur samningsaðili skv. 5. gr. þeirra laga. Skipti ekki máli þó svo að félagið hefði breytt samþykktum sínum í þá veru að það skyldi opið félagsmönnum fyrirtækja sem störfuðu í almannaþágu og hefðu verið í eigu borgarinnar, en væru nú rekin af öðrum aðilum.

*Fd. 31. maí 1991 í máli nr. 1/1991 (IX:427). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra, Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi Háskólakennara. Samningsumboð vegna aukastarfa.*

FÍN hafði samningsumboð skv. [4.](#) gr. við gildistöku laga nr. 94/1986. Ekki skipti máli hvort slíkur réttur yrði einnig leiddur af 3. tölul. 1. mgr. [5.](#) gr.

## 5. gr.

Önnur stéttarfélög eða félagasamtök en um ræðir í 4. gr. öðlast rétt til að vera samningsaðili samkvæmt lögum þessum sé a.m.k. eitt eftirtalinna skilyrða uppfyllt, sbr. þó 1. mgr. 6. gr.:

1. Að félag taki til meiri hluta opinberra starfsmanna hjá ríki eða sveitarfélagi annarra en þeirra sem eru í stéttarfélögum sem eiga rétt til samninga skv. 2. og 3. tölul. þessarar greinar.
2. Að félag taki til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögina heyra hjá tiltekinni stofnun og að þeir félagar séu 100 eða fleiri.
3. Að félag taki til a.m.k. 2/3 hluta starfsmanna sem undir lögina heyra og eru í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda og að þeir félagsmenn séu 40 eða fleiri.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Í greininni eru sett almenn skilyrði sem ný stéttarfélög þurfa að uppfylla svo að þau öðlist rétt til að gera samninga á grundvelli laganna. Uppfylla þarf eitt þriggja skilyrða, þ.e. að vera fagfélag af tiltekinni lágmarksstærð, að vera félag starfsmanna við stofnun af tiltekinni lágmarksstærð eða að vera eina almenna stéttarfélag starfsmanna hjá ákveðnum vinnuveitanda.

Í 1. tölul. felst að almennt starfsmannafélag hjá ríki eða sveitarfélagi skuli taka til meiri hluta þeirra starfsmanna sem ekki eru félagsbundnir í stofnanafélögum eða starfsstéttarfélögum sem samningsrétt eiga.

Í 2. tölul. er sett skilyrði um stofnanafélög þess efnis að slíkt félag taki til að minnsta kosti tveggja þriðju hluta af starfsmönnum stofnunarinnar og að félagar í fullu starfi séu 100 eða fleiri. Í þessu efni var höfð hliðsjón af stofnanafélögum innan BSRB en flest hin smæstu þeirra eru af svipaðri stærð og framangreint lágmark. Með ákvæði þessu er opnuð leið fyrir slíkar félagsmyndanir við stærstu stofnanir ríkis og sveitarfélaga. Með stofnun er hér átt við sjálfstæðar rekstrareiningar sem heyra undir einn og sama forstöðumann.

Í 3. tölul. er gert ráð fyrir samningsumboði fagfélaga, þ.e. félaga sem taka til a.m.k. tveggja þriðju hluta heillar starfsstéttar sem er með lögformleg starfsréttindi eða uppfyllir skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda. Enn fremur er skilyrði að félagsmenn í fullu starfi séu eigi færri en 40. Skilyrði þessi eru ekki bundin við einn einstakan vinnuveitanda heldur alla þá vinnuveitendur sem undir lögina geta heyrt. Opnar lagaákvæði þetta því leið til þess að eitt og sama fagfélag geti tekið til starfsmanna hjá mörgum opinberum vinnuveitendum og annast gerð kjarasamninga við þá alla, hvern í sínu lagi eða sameiginlega eftir því sem verkast vill.

Grein þessi tekur til þeirra starfsstétta sem hafa starfsréttindi sem bundin eru í lögum eða reglugerðum svo og fagstétta sem þurfa hliðstæða sérhæfingu og sérþjálfun til þeirra starfa sem þær annast. Er hér annars vegar um að ræða starfsstéttir, svo sem kennara, hjúkrunarfræðinga, fóstrur, sjúkraliða, verkfræðinga, arkitekta, tæknifræðinga, sjúkraþjálfara o.s.frv., þar sem sérstök ákvæði í lögum eða reglugerð kveða á um starfsréttindi og rétt til notkunar á starfsheitum. Hins vegar er um að ræða fagfélög starfsmanna sem lokið hafa hliðstæðu námi og sérhæfingu og framangreindar stéttir. Er þar fyrst og fremst um að ræða háskólamenntaða starfsmenn.“

### 2. Dómar

#### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 30. maí 2013 í máli nr. 4/2013. Flugvirkjafélag Íslands gegn íslenska ríkinu v/Flugmálastjórnar Íslands. Samningsaðild fyrir flugvirkja hjá Flugmálastjórn.

F krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi að það færi með samningsaðild sex félagsmanna F hjá Flugmálastjórn Íslands vegna starfa þeirra sem flugvirkja hjá stofnuninni á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 94/1986, sbr. einnig 1. mgr. 1. gr. s.l. F benti á að þær fjöldatakmörkanir, sem um getur í 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986, hefði engin áhrif til takmörkunar á rétti F, þótt heildarfjöldi félagsmanna F í starfi hjá ríkinu sé undir 40. Vísaði F að þessu leyti til dómafordæmis Félagsdóms í máli nr. 9/1999, þar sem fjöldatakmörkunum 3. tölul. 5. gr. var vikið til hliðar og réttur stéttarfélags til að fara með samningsaðild viðurkenndur, m.a. með vísan til meginreglunnar um samningsfrelsi og 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Í taldi skipta meginmáli við úrlausn málsins að líta yrði til þess að F væri stéttarfélag sem starfaði á grundvelli lag nr. 80/1938. Til að geta öðlast samningsrétt samkvæmt lögum nr. 94/1986 þurfi stéttarfélag að uppfylla tiltekin skilyrði 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986. Í taldi að F uppfyllti ekki þessi skilyrði og var það meginástæðan fyrir því að Í hafði hafnað að gera kjarasamning við F vegna flugvirkja sem starfa hjá Flugmálastjórn. Í niðurstöðu dómsins kom fram að ljóst væri að F uppfyllti skilyrði 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 um að félag taki til a.m.k. 2/3 starfsmanna sem undir löginn heyra og eru í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun. Hins vegar var ljóst að félagsmenn F, sem undir löginn heyra, voru færri en 40 í heild. Við mat á því hvort fallist verði á samningsrétt F við ríkið, þrátt fyrir fjöldatakmörkanir í ákvæðinu, taldi dómurinn að líta yrði til þess að í 1. mgr. 74. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995, sé kveðið á um rétt manna til að stofna félög í sérhverjum löglegum tilgangi og er stéttarfélag þar sérstaklega getið. Í 11. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 segir jafnframt m.a. að mönnum sé rétt að stofna og ganga í stéttarfélag til verndar hagsmunum sínum. Hefur verið talið að sá réttur taki ekki aðeins til þess að vera félagsmaður, heldur einnig til þess að láta til sín taka í starfsemi félagsins og þar með fela stéttarfélagi sínu umboð til að gera kjarasamning. Telst það til grundvallarhlutverks stéttarfélags að annast samningsfyrirsvar félagsmanna sinna við kjarasamningsgerð. Verður hér einnig að líta til þess að frávik frá meginreglu samningsréttarins um samningsfrelsi aðila verði að skýra þröngt, auk þess sem allan vafa verður að skýra til samræmis við stjórnarskrárvarinn rétt manna. Var það niðurstaða Félagsdóms að fallast á það með F að víkja bæri fjöldatakmörkunum 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 til hliðar í því tilviki sem hér var til úrlausnar og viðurkenna að F færi með samningsaðild fyrir þá sex flugvirkja sem störfuðu hjá Flugmálastjórn Íslands.

Fd. 30. apríl 2008 í máli nr. 1/2008. Félag prófessora við ríkisháskóla gegn íslenska ríkinu, Félagi háskólakennara, Félagi háskólakennara á Akureyri og Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.

Sjá reifun við 7. gr.

Fd. 29. desember 2005 í máli nr. 12/2005. Skurðlæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu og til réttargæslu Læknafélagi Íslands.

Sjá einnig við 6. gr.

Viðurkennt var að Skurðlæknafélag Íslands fari með samningsumboð fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga við íslenska ríkið, vegna starfa þeirra sem skurðlækna í þjónustu ríkisins. Vísað var til þess að skv. félagslögum væri tilgangur Skurðlæknafélags Íslands sá að gæta hagsmuna félagsmanna sinna, m.a. með því að koma fram fyrir þeirra hönd við gerð kjarasamninga við íslenska ríkið og aðra atvinnurekendur. Félagið væri því stéttarfélag sem gæti öðlast rétt til samningsaðildar skv. 5. gr. laga nr. 94/1986 að uppfylltum skilyrðum þeirrar lagagreinar. Talið var að félagið uppfyllti skilyrði 3. tölul. nefndrar 5. gr., þar á meðal um lögformleg starfsréttindi, og tekið fram að 1. mgr. 6. gr. laganna stæði ekki í vegi fyrir þessari niðurstöðu.

Fd. 26. mars 2001 í máli nr. 11/2000. Bifreiðastjórafélagið. Sleipnir gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Skilyrði um samningsaðild. Kröfugerð.

Í máli sínu vísaði B m.a. til niðurstöðu Félagsdóms í máli frá 23. desember 1999 í máli nr. 9/1999. Taldi félagið að það ætti samningsrétt vegna tilgreinda bifreiðastjóra hjá SVR skv. 3. tölul. 1. mgr. 5.

gr. Dæmt m.a. með tilvísun til ummæla í skýringum við ákvæðið að B teldist ekki starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfyllti það skilyrði að hafa menntun sem jafna mætti til slíkra starfsréttinda. Sú málsástæða B að skilyrðið um formlega menntun bryti gegn 65. gr. [stjórnarskrárinnar](#) var talin of seint fram komin. Var því talið að B uppfyllti ekki skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. og kröfu hans um samningsaðild fyrir umrædda bifreiðastjóra því hafnað.

*Fd. 16. nóvember 2000 í máli nr. 11/2000 (XI:620). Bifreiðastjórafélagið. Sleipnir gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Skilyrði um samningsaðild. Kröfugerð. Frávísunarkröfu hafnað.*

B krafðist viðurkenningar á að félagið færi með samningsaðild fyrir tilgreindra bifreiðastjóra hjá SVR. R krafðist frávísunar þar sem B uppfyllti ekki skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. að því er varðaði fjölda félagsmanna. Það ákvæði væri enn í gildi þrátt fyrir dóm Félagsdóms í máli nr. 9/1999. Dæmt að málið ætti undir 1. tölul. 1. mgr. 26. gr. Við efnisúrlausn málsins kæmu þær málsástæður sem B byggði kröfur sínar á m.a. hvort fullnægt væri skilyrðum 3. tölul. 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. um samningsaðild félagsins.

*Fd. 23. desember 1999 máli nr. 9/1999 (XI:484). Vélstjórafélag Íslands gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Skilyrðum um samningsaðild vikið til hliðar. Félagafrelsi.*

V byggði á því að félagið ætti samningsrétt skv. 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. Í niðurstöðu Félagsdóms er vísað til félagafrelsisákvæða stjórnarskrárinnar og mannréttindasáttmála Evrópu. Það varð niðurstaða dómsins að víkja yrði til hliðar fjöldatakmörkunum 3. tölul. 5. gr. og viðurkenna rétt V til að fara með samningsaðild tilgreindra félagsmanna sína gagnvart Reykjavíkurborg þegar gildandi samningur borgarinnar og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar félli úr gildi.

*Fd. 27. júní 1997 í máli nr. 9/1997 (XI:97). Sjúkraliðafélag Íslands gegn Reykjanesbæ og Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar. Samningsaðild sjúkraliða.*

I, félagsmaður í SFÍ, var ráðinn forstöðumaður við dagvist aldraðra. Tekið fram að samningsréttur stéttarfélaga skv. 3. tölul. 5. gr. væri ekki bundin því skilyrði að hann tæki einungis til þeirra félagsmanna viðkomandi stéttarfélags sem gegndi störfum hjá viðsemjanda félagsins, þar sem starfsmenntun væri áskilin, sbr. dóm Félagsdóms 14. júlí í máli nr. 16/1995.

*Fd. 14. júlí 1995 í máli nr. 16/1995 (X:411). Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Samningsaðild hjúkrunarfræðings.*

FÍH var talið fara með samningsaðild fyrir hjúkrunarfræðing sem ráðinn var í starf forstöðumanns við Félags- og þjónustumiðstöð og þjónustuíbúðir aldraðra. Vísað var m.a. til þess að samningsréttur stéttarfélaga skv. 3. tölul. 5. gr. væri ekki bundinn því skilyrði að hann tæki einungis til þeirra félagsmanna viðkomandi stéttarfélags sem gegna störfum hjá viðsemjanda félagsins, þar sem starfsmenntun væri áskilin.

## 6. gr.

Eigi skal nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt, sbr. 3. tölul. 5. gr. Þetta ákvæði takmarkar þó ekki þann rétt til samninga sem félög hafa skv. 2. mgr. 4. gr. að óbreyttri félagsskipan.

Félög, sem skv. 4. gr. hafa samningsrétt við hluta vinnuveitenda og uppfylla jafnframt skilyrði 3. tölul. 5. gr. um lögformleg starfsréttindi eða ígildi þeirra, öðlast rétt til samninga við aðra vinnuveitendur með sama hætti og önnur félög sem falla undir 5. gr., sbr. síðustu málsgrein þessarar greinar.

Félög, sem rétt hafa til samningsgerðar skv. 4. og 5. gr., geta tvö eða fleiri gert sameiginlegan kjarasamning er taki til allra samningsbundinna kjaraatriða eða hluta þeirra.

Stofnun nýs félags, sem fer með samningsumboð skv. 5. gr., skal tilkynna a.m.k. þremur mánuðum fyrir lok samningstímabils þeirra kjarasamninga sem gilda fyrir félagsmenn hins nýja félags.

[Þeir starfsmenn, sem eru félagar í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélögum og gerast ríkisstarfsmenn þann 1. nóvember 1990 eða 1. janúar 1991 á grundvelli laga nr. [75/1990](#), um breyting á lögum nr. 59/1983, um heilbrigðisþjónustu, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við ríkið.

Starfsmenn, sem falla undir lög þessi og komu til starfa 1. janúar 1990 eða síðar í þau störf sem lög um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga, nr. [87 31. maí 1989](#), taka til, skulu jafnframt eiga val um hvort þeir verða félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða í öðru því félagi ríkisstarfsmanna sem hefur samkvæmt lögum þessum samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn. Það sama gildir um starfsmenn sem falla undir þessi lög og koma til starfa eftir 1. nóvember 1990 eða 1. janúar 1991 í þau störf sem lög nr. [75/1990](#) taka til.

Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélag skal hafa tilkynnt [ráðuneytinu]<sup>9</sup> fyrir 15. janúar 1991 fyrir hvaða starfsmenn það fer með samningsumboð gagnvart ríkinu á grundvelli þessara laga.

Hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélög hafa því aðeins samningsumboð gagnvart ríkinu fyrir starfsmenn skv. 5. og 6. mgr. þessarar greinar að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt skv. 7. mgr. þessarar greinar.]<sup>10</sup>

[Þeir starfsmenn sem eru félagar í SFR-stéttarfélagi í almannþjónustu og gerast starfsmenn sveitarfélaga 1. janúar 2011 á grundvelli breytinga á lögum nr. [59/1992](#), um málefni fatlaðra, skulu eiga þess kost að vera áfram í sama stéttarfélagi sem fer þá með samningsumboð fyrir þeirra hönd við viðkomandi sveitarfélög.

Starfsmenn sem falla undir lög þessi og koma til starfa eftir 1. janúar 2011 skulu verða félagsmenn í hlutaðeigandi bæjarstarfsmannafélagi eða í öðru því félagi sem hefur samkvæmt lögum þessum ótakmarkað samningsumboð fyrir viðkomandi starfsmenn.

SFR-stéttarfélag í almannþjónustu skal hafa tilkynnt viðkomandi sveitarfélagi fyrir 15. janúar 2011 fyrir hvaða starfsmenn það fer með samningsumboð gagnvart viðkomandi sveitarfélagi á grundvelli þessara laga.

SFR-stéttarfélag í almannþjónustu skal því aðeins hafa samningsumboð gagnvart viðkomandi sveitarfélagi fyrir starfsmenn skv. 9. mgr. að tilkynningarskyldu hafi verið fullnægt skv. 11. mgr.]<sup>11</sup>

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Í greininni er ákvæði þess efnis að stofnun nýs félags leiði eigi til þess að fleiri en eitt stéttarfélag hafi rétt til að gera samning við sama vinnuveitanda fyrir eina og sömu starfsstétt.

<sup>9</sup> L. [126/2011](#), 117. gr.

<sup>10</sup> L. [119/1990](#), 2. gr.

<sup>11</sup> L. [154/2010](#), 1. gr.



Þótt hluti þeirra félaga, sem nú hafa sérkjarasamninga, uppfylli ekki þau skilyrði sem sett eru í 5. gr. mun það ekki rýra rétt þeirra til samninga þar sem greinin kveður á um að þessi félög fái fullan samningsrétt án skilyrða.

Sama máli gildir um það skilyrði að eigi skuli nema eitt stéttarfélag hafa rétt til samningsgerðar við sama vinnuveitanda fyrir sömu starfsstétt. Ákvæði þetta takmarkar ekki rétt núverandi félaga til að gera samninga að óbreyttri félagaskipan. Þannig munu núverandi kennarafélög og félög hjúkrunarfræðinga halda óbreyttum samningsrétti sínum. Þau munu einnig fá rétt til að semja við aðra vinnuveitendur en samningar þeirra ná til nú.

Í greininni er jafnframt kveðið á um að þau félög sem rétt hafi til samningsgerðar geti haft samflot eða samvinnu um að gera kjarasamninga sameiginlega að öllu leyti eða að hluta til. Enn fremur er í greininni gert ráð fyrir að nokkur tímanlegur aðdragandi, þ.e. þrjú mánuðir, verði að því að nýtt félag taki upp samningsgerð. Einnig að þrátt fyrir samning nýs félags gildi samningar fyrri félags eða félaga út gildistíma þeirra.“

## 2. Dómar

### 2.1 Dómar Félagsdóms

*Fd. 11. febrúar 2009 í máli nr. 9/2008. Sjúkraliðafélag Íslands gegn Reykjavíkurborg.*

S gerði kröfu, vegna fjögurra starfsmanna við sérhæfða umönnun og hjúkrun sjúkra á hjúkrunardeild Seljahlíðar, sem rekin er af velferðarsviði stefnda, um að viðurkennt yrði að S hefði farið með samningsaðild vegna starfsmanna frá og með 1. júní 2008, en til vara frá 1. júlí 2008 og að viðurkennt yrði að laun þeirra hafi farið eftir gildandi kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og Reykjavíkurborgar frá og með 1. júní 2008, en til vara frá 1. júlí 2008. Samkvæmt ráðningarsamningum við R störfuðu starfsmennirnir sem um ræðir sem ófaglærðir starfsmenn við aðhlyningarstörf hjá R áður en þeir hófu sjúkraliðanám. Þeir tóku laun og önnur ráðningarkjör samkvæmt kjarasamningi stefnda og Eflingar-stéttarfélags. Fyrir lá samkvæmt gögnum máls að starfsmennirnir héldu áfram í sömu störfum hjá R eftir að þeir luku sjúkraliðanámi og þar til nýr ráðningarsamningur var gerður við þrjá af þessum fjórum starfsmönnum sem tók gildi 1. október 2008 þegar þeir tóku við starfi sjúkraliða á Seljahlíð. Var gert ráð fyrir því að gerður yrði nýr ráðningarsamningur við fjórða starfsmanninn um starf sjúkraliða við stofnunina þegar hann kæmi aftur til starfa að loknu fæðingarorlofi. Einnig lá fyrir að frá þeim tíma færi um laun þeirra og kjör eftir kjarasamningi S og R. Félagsdómur taldi því að S hefði fyrst getað farið með samningsaðild frá og með þeim tíma er gerðir voru við starfsmennina nýir ráðningarsamningar um störf sjúkraliða. Var því ekki fallist á kröfu S um að S færi með samningsaðild á þeim tíma sem deilt var um. Varðandi síðari kröfu S sagði Félagsdómur að ekki væri fallist á þau sjónarmið S að sjúkraliðanám framangreindra starfsmanna ætti sjálfkrafa að leiða til þess að þeir færðust upp í störf sjúkraliða á þeirri stofnun, sem þeir störfuðu á. Taldi dómurinn ósannað að starfsmennirnir hefðu í raun unnið sjúkraliðastörf. Þá taldi dómurinn ekki liggja fyrir að aukin menntun starfsmannanna að þessu leyti leiði sjálfkrafa til þess framgangs sem S gerði kröfu um. Auk þess taldi dómurinn að mönnunarpörf og stöðugildi sjúkraliða á hjúkrunarstofnunum R hlyti að vera háð mati og ákvörðun yfirmanna viðkomandi stofnunar eftir eignum og ástæðum hverju sinni. Þá taldi dómurinn að ekki yrði talið að þau opinberu viðmið og ábendingar landlæknis, sem S byggði á í þessu sambandi hefði þýðingu, enda lá ekki fyrir að R hefði í þessu efni vanrækt skyldur sínar samkvæmt lögum og reglugerðum um heilbrigðisþjónustu. Var R því sýknað af kröfum S.

*Fd. 16. maí 2007 í máli nr. 1/2007. Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Afls, starfsgreinafélags Austurlands f.h. GE og GMÓ gegn Fjarðabyggð og Félagi opinberra starfsmanna á Austurlands.*

A krafðist þess að viðurkennt yrði að Afl, starfsgreinafélag, fari með samningsaðild fyrir GE og GMÓ, við gerð kjarasamnings við Fjarðabyggð vegna starfa þeirra við Grunnskólann á Eskifirði og Almenningsbókasafnið á Eskifirði, Fjarðabyggð. Þá krafðist A þess að viðurkennt yrði að um laun og kjör þeirra GE og GMÓ hefði frá og með ráðningu til Fjarðabyggðar farið samkvæmt kjarasamningi

Launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands sem gerður var í maímánuði 2005. Niðurstaða Félagsdóms var að kröfur A voru viðurkenndar.

Fd. 6. apríl 2006 í máli nr. 1/2006. Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands, vegna Afls, starfsgreinafélags Austurlands f.h. SBB gegn Fjarðabyggð og Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi.

A krafðist þess að viðurkennt yrði að Afl, starfsgreinafélag fari með samningsaðild fyrir SBB við gerð kjarasamnings við Fjarðabyggð vegna starfa hans sem tækjamanns við Þjónustumiðstöð Fjarðabyggðar. Jafnframt krafðist A að viðurkennt yrði að um laun og kjör SBB hafi frá og með ráðningu hans til Fjarðabyggðar farið samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands sem gerður var í maímánuði 2005. Féllst Félagsdómur á kröfu A.

Fd. 29. desember 2005 í máli nr. 12/2005. Skurðlæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu og til réttargæslu Læknafélagi Íslands.

Sjá einnig við [5.](#) gr.

Viðurkennt var að Skurðlæknafélag Íslands fari með samningsumboð fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga við íslenska ríkið, vegna starfa þeirra sem skurðlækna í þjónustu ríkisins. Vísað var til þess að skv. félagslögum væri tilgangur Skurðlæknafélags Íslands sá að gæta hagsmuna félagsmanna sinna, m.a. með því að koma fram fyrir þeirra hönd við gerð kjarasamninga við íslenska ríkið og aðra atvinnurekendur. Félagið væri því stéttarfélag sem gæti öðlast rétt til samningsaðildar skv. 5. gr. laga nr. 94/1986 að uppfylltum skilyrðum þeirrar lagagreinar. Talið var að félagið uppfyllti skilyrði 3. tölul. nefndrar 5. gr., þar á meðal um lögformleg starfsréttindi, og tekið fram að 1. mgr. 6. gr. laganna stæði ekki í vegi fyrir þessari niðurstöðu.

Fd. 12. júlí 2004 í máli nr. 2/2004. Starfsmannafélag ríkisstofnana vegna 45 einstaklinga gegn íslenska ríkinu og Eflingu-stéttarfélagi.

Sjá einnig við [7.](#) gr. og frávísunarúrskurð frá 17. maí 2004 í máli nr. [2/2004](#).

Viðurkennd var samningsaðild Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) fyrir rúmlega 40 nýja félagsmenn vegna starfa þeirra hjá Landspítala en þeir höfðu verið ráðnir til starfa á kjörum samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Eflingar-stéttarfélags. Jafnframt var viðurkennt að kjarasamningur SFR skuli gilda um laun og kjör sömu einstaklinga frá og með 1. janúar 2004, þ.e. degi eftir að síðasta samningstímabil kjarasamnings ríkisins við Eflingu-stéttarfélag rann út.

Fd. 23. júní 2002 í máli nr. 8/2002. Fjármálaráðherra gegn Læknafélagi Íslands og Félagi ungra lækna. Friðarskylda.

Félag ungra lækna var bundið af þeim kjarasamningi sem Læknafélag Íslands hafði gert við fjármálaráðherra. Ekki var talið að sú samningsskuldbinding fæli í sér skerðingu á fjálsri stéttarfélagsaðild þeirra. Var vísað til 2. mgr. 3. gr. laga nr. [80/1938](#) og 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986.

Fd. 9. júlí 2001 í máli nr. 10/2001. Sjómannafélag Reykjavíkur gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Frestur til þess að tilkynna samningsumboðs nýs stéttarfélags

S krafðist þess að viðurkennt yrði að félagið færi með samningsaðild fyrir hafnsögumenn hjá Reykjavíkurborg. Litið var á S sem nýtt stéttarfélag skv. [5.](#) gr. og samkvæmt 4. mgr. 6 gr. bar að tilkynna stofnun nýs félags, sem færi með samningsumboð, a.m.k. þremur mánuðum fyrir lok samningstímabils þeirra kjarasamninga sem gilda fyrir félagsmenn hins nýja félags. Þar sem beiðni R um samningsaðild var of seint fram komin bar að vísa málinu frá dómi án kröfu.

Fd. 4. júlí 2001 í máli nr. 9/2001. SFR vegna M gegn íslenska ríkinu, Byggðasamlagi um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra og verkalýðsfélaginu Vöku. Félagafrelsi. Samningsaðild almenns stéttarfélags, skv. lögum nr. [80/1938](#).

M sagði sig úr Verkalýðsfélaginu Vöku og óskaði eftir því að SFR færi með sammingsaðild fyrir sína hönd. Í dóminum segir að í málinu sé tekist á um sammingsaðild þegar svo standi á að fjármálaráðherra hafi gert kjarasamning um sömu störf við tvö stéttarfélög annars vegar SFR skv. lögum nr 94/1986 og hins vegar við almennt stéttarfélag skv. lögum nr. [80/1938](#). Ekki var talið að 1. mgr. 6. gr. hefði staðið því í vegi að SFR færi með sammingsaðild vegna M eða að SFR hafi borið tilkynningarskylda skv. 4. mgr. sömu greinar.

*Fd. 27. nóvember 1998 í máli nr. 18/1998 (XI:350). Stéttarfélag verkfræðinga gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar. Úrsögn úr stéttarfélagi. Gildandi kjarasamningar.*

Þrír verkfræðingar sögðu sig úr S. og óskuðu eftir því að Stéttarfélag verkfræðinga færi með sammingsaðild vegna þeirra. Vísað til ákvæða 2. mgr. 3. gr. laga nr. [80/1938](#) um að félagsmaður sem segði sig úr stéttarfélagi væri bundin af gildandi kjarasamningum þar til þeir gætu fyrst fallið úr gildi. Ætti regla þessi sér einnig stoð í 4. mgr. 6. gr. Feli samningsskuldbinding skv. þessu ekki í sér skerðingu á frjálsri stéttarfélagsaðild þeirra.

## 7. gr.

Starfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til þátttöku í stéttarfélagi sem fer með samningsumboð samkvæmt lögum þessum eftir því sem samþykktir viðkomandi félags segja. Aðeins eitt félag fer með umboð til samninga fyrir hann.

Starfsmaður, sem lög þessi taka til og eigi er innan stéttarfélags samkvæmt lögum þessum, greiði til þess stéttarfélags, sem hann ætti að tilheyra, gjald jafnt því sem honum bæri að greiða væri hann í því, enda fari um laun hans og önnur starfskjör samkvæmt samningum þess samkvæmt nánari ákvörðun [ráðherra]<sup>12</sup> eða sveitarstjórnar. Þá ákvörðun skal tilkynna viðkomandi stéttarfélagi.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Efni þessarar greinar er hið sama og er í 5. og 6. gr. laga um [kjarasamninga BSRB](#), svo og 4. og 5. mgr. 3. gr. laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.“

### 2. Dómar

#### 2.1 Dómar Félagsdóms

*Fd. 30. apríl 2008 í máli nr. 1/2008. Félag prófessora við ríkisháskóla gegn íslenska ríkinu. Félagi háskólakennara, Félagi háskólakennara á Akureyri og Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.*

FP krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi að FP færi með samningsumboð fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga við íslenska ríkið vegna starfa þeirra sem prófessora við ríkisháskóla. FP krafðist þess einnig að viðurkennt yrði með dómi að íslenska ríkinu væri óheimilt að halda eftir af launum prófessora við ríkisháskóla, sem eru félagsmenn í FP, gjöldum samkvæmt 2. málsg. 7. gr. laga nr. 94/1986 til Félags háskólakennara, Félags háskólakennara á Akureyri og Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands. Í janúar 2007 tók kjararáð fyrir að skera úr um hvort ráðið skyldi ákveða laun og starfskjör prófessora. Komst kjararáð að niðurstöðu um að ákvörðun launa og starfskjara prófessora heyrði ekki undir kjararáð samkvæmt lögnum. Í framhaldi af úrskurði kjararáðs kom til skoðunar hvort Félag prófessora í Háskóla Íslands (FPHÍ) og Prófessorafélag Íslands (PÍ) væru stéttarfélög í skilningi laga nr. 94/1986. Prófessorar leituðu álit S, fyrrum prófessors við lagadeild Háskóla Íslands. Í álitgerð S var komist að niðurstöðu um að FPHÍ uppfyllti að öllum líkindum skilyrði 3. tölul. 5. gr. laganna til að eiga aðild að kjarasamningum við ríkið. Með bréfi fjármálaráðuneytisins til FP í júní 2007 var tilkynnt að ráðuneytið væri ekki sammála niðurstöðu S. Ráðuneytið teldi að ekki væri uppfyllt það skilyrði 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 að um væri að ræða félag sem tæki til „starfsmanna sem eru í starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða uppfylla skilyrði um formlega menntun sem jafna má til slíkra starfsréttinda“. Ennfremur sagði að ekki væri ljóst hvort önnur skilyrði ákvæðisins væru uppfyllt. Að beiðni FP samdi S nýja álitgerð af þessu tilefni. Komst S að þeirri niðurstöðu að félagið uppfyllti skilyrði 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 um að félagsmenn væru starfsstétt með lögformleg starfsréttindi eða menntun, sem jafna mætti til slíkra starfsréttinda. Með bréfum fjármálaráðuneytisins í ágúst 2007, til prófessora við ríkisháskóla, var tilkynnt um ákvörðun starfskjara. Skýrt var frá því að til loka kjarasamninga félaga háskólakennara á árinu 2008 skuli laun prófessora taka sömu breytingum og kveðið var á um í kjarasamninga félaga starfsmanna háskólanna. Gilti þetta um alla prófessora aðra en prófessora við Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum. Frá og með 1. september 2007 hóf ríkið gjaldtöku af launum prófessora til greiðslu samningsréttargjalda til hinna stefndu félaga háskólakennara. FP mótmælti þessari framkvæmd með bréfi í september 2007 og stefndi málinu til Félagsdóms. Félagsdómur vísaði til þess að prófessorar voru seldir undir ákvörðunarvald kjaranefndar um kaup sitt og starfskjör með ákvörðun löggjafarvaldsins, sbr. 6. gr. laga nr. [150/1996](#), er breytti lögum nr. [120/1992](#). Í athugasemdum með 6. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 150/1996, kom fram að samkvæmt niðurstöðu funda

<sup>12</sup> L. [126/2011](#), 117. gr.

menntamálaráðherra með fulltrúum Háskóla Íslands þætti rétt „vegna sérstöðu starfa háskólaprófessora“ að leggja til að laun þeirra er gegndu prófessorstöðu að aðalstarfi í skilningi starfsmannalaganna yrðu framvegis ákveðin af kjaranefnd. Félagsdómur taldi ekki ljóst hvaða sérstöðu löggjafinn hefði haft í huga, en þótti ekki óvarlegt að álykta að horft hefði verið m.a. til menntunarkrafna. Taldi dómurinn hvað sem því liði ljóst að prófessorar hefðu þarna með ákvörðun löggjafarvaldsins verið teknir út úr hópi háskólakennara hvað varðar skipan kjaramála. Stóð svo þar til kjararáð ákvað í janúar 2007 að ákvörðun launa og starfskjara prófessora heyrði ekki undir ráðið. Eins og FP vísar til tók kjararáð fram að vandséð væri „að háskólarnir og samtök prófessora geti ekki samið um samræmt heildarkerfi, sem viðhaldi núverandi kerfi eða leysi það af hólmi“. Með þessu hefur prófessorum óneitanlega verið mörkuð sérstaða af hálfu löggjafarvaldsins hvað snertir fyrirkomulag kjaramála. Að því virtu og með vísan til orðalags skilyrðis 3. tölul. 5. gr. laga nr. 94/1986 um formlega menntun sem jafna megi til lögformlegra starfsréttinda, sbr. og fyrrgreind túlkunarviðhorf, þótti Félagsdómi ekki varhugavert að telja að því skilyrði væri fullnægt í tilviki FP. Viðurkenndi Félagsdómur að FP færi með samningsumboð fyrir félagsmenn sína við gerð kjarasamninga við íslenska ríkið vegna starfa þeirra sem prófessorar við ríkisháskóla. Jafnframt var viðurkennt að íslenska ríkinu væri óheimilt að halda eftir af launum prófessora félagsgjöldum til Félags háskólakennara, Félags háskólakennara á Akureyri og Kennarafélags Kennaraháskóla Íslands.

Fd. 12. júlí 2004 í máli nr. 2/2004. Starfsmannafélag ríkisstofnana vegna 45 einstaklinga gegn íslenska ríkinu og Eflingu-stéttarfélagi.

Sjá einnig við 6. gr. og frávísunarúrskurð frá 17. maí 2004 í máli nr. 2/2004.

Viðurkennd var samningsaðild Starfsmannafélags ríkisstofnana (SFR) fyrir rúmlega 40 nýja félagsmenn vegna starfa þeirra hjá Landspítala en þeir höfðu verið ráðnir til starfa á kjörum samkvæmt kjarasamningi ríkisins og Eflingar-stéttarfélags. Jafnframt var viðurkennt að kjarasamningur SFR skuli gilda um laun og kjör sömu einstaklinga frá og með 1. janúar 2004, þ.e. degi eftir að síðasta samningstímabil kjarasamnings ríkisins við Eflingu-stéttarfélag rann út.

Fd. 27. nóvember 1998 í máli nr. 18/1998 (XI: 350). Stéttarfélag verkfræðinga gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Úrsögn úr stéttarfélagi. Félagsaðild.

Það leiddi af grunnreglu 2. mgr. 3. gr. laga nr. 80/1938, sem einnig átti sér stoð í 4. mgr. 6. gr. laga nr. 94/1986 að þrír verkfræðingar sem höfðu sagt sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar voru bundnir af kjarasamningi starfsmannafélagsins og Reykjavíkurborgar út samningstímabilið.

Fd. 15. október 1998 í máli nr. 9/1998 (XI:325). Stéttarfélag verkfræðinga gegn Reykjavíkurborg. Úrsögn úr stéttarfélagi. Frávísun.

Ágreiningslaust var að þremur verkfræðingum var frjálst að segja sig úr Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar og ganga í S. Hluti kröfugerðarinnar var talinn varða hagsmuni starfsmannafélagsins, sem ekki var stefnt í málinu. Vísað frá án kröfu.

Fd. 22. september 1998 í máli nr. 4/1998. Sjúkraliðafélag Íslands gegn Íslenska ríkinu og Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Gjald til stéttarfélaga. Félagafrelsi.

S krafðist viðurkenningar á því að félagið færi með samningsaðild fyrir SG við gerð kjarasamninga vegna starfa hennar við Meðferðarheimilið að Sogni. Stofnunin hafði auglýst eftir starfi gæslumanns. Um launakjör SG fór eftir kjarasamningi SFR. Ekki hafi verið gert ráð stöðugildum sjúkraliða við stofnunina. Tekið fram að skv. 2. mgr. 7. gr. bæri SG að greiða gjöld til SFR eins og hún væri félagsmaður, en engin skylda til aðildar að félaginu. Skylda til greiðslu gjalda til þess félags, sem færi með samningsaðild fyrir starfsmann brjóti hvorki í bága við félagafrelsisákvæði 74. gr. [stjórnarskrárinnar](#) né 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. [62/1994](#) eða 4. gr. laga nr. [80/1938](#).

## 8. gr.

Stéttarfélög eða samtök stéttarféлага, sem rétt hafa til að gera samninga samkvæmt lögum þessum, skulu tilkynna viðsemjanda sínum eigi síðar en við upphaf samningaviðræðna hverjir skipa samninganefndir þeirra.

Stéttarfélög starfsmanna sveitarféлага geta haft samvinnu um samningsgerð og kosið sameiginlega nefnd til að fara með samningsumboð sitt. Sama á við um samvinnu stéttarféлага, starfsmanna hjá ríki og sveitarfélögum svo og stofnana skv. 2. gr.

### *1. Lögskýringargögn*

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Efni fyrri málsgreinar er hliðstætt núgildandi ákvæðum en þó er ekki gert ráð fyrir að skipan samninganefndar sé tilkynnt viðsemjanda með svo löngum fyrirvara sem áður var.

Síðari málsgreinin undirstrikar heimild stéttarfélags starfsmanna til þess að kjósa sameiginlega nefnd til að fara með samningsumboð sitt gagnvart einum eða fleiri vinnuveitendum.“

**II. kafli.**  
**Efni kjarasamninga, gildistími og ábyrgð.**

**9. gr.**

**Í kjarasamningi skal kveðið á um föst laun, vinnutíma, þar með talið vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar,<sup>13</sup> starfsmenntun og önnur atriði sem aðilar verða sammála um.**

**Um aukatekjur og önnur hlunnindi ríkisstarfsmanna, sem líkt er farið, skal kveða á í reglugerð sem [ráðherra]<sup>14</sup> setur.**

**1. Lögskýringargögn**

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Efni þessarar greinar er óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að ekki eru lengur gerð skil á milli aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings.“

**2. Dómar**

**2.1 Dómar Félagsdóms**

*Fd. 14. október 2015 í máli nr. 20/2015. Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Ágreiningur um launaflokk kandídata.*

L krafðist þess að viðurkennt yrði að kandídat sem hefur fengið útgefið tímabundið starfsleyfi/lækningaleyfi frá embætti landlæknis skuli eiga rétt til launa að lágmarki samkvæmt launaflokki 200, sbr. ákvæði 3.2.1 í kjarasamningi fjármála- og efnahagsáðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar og L hins vegar. Samkvæmt grein 1.2 í kjarasamningnum fellur kandídat undir hugtakið læknir í samningnum nema annað sé tekið fram. Þeir sem lokið hafa sex ára námi og lokið prófi í læknisfræði teljast kandídatar. Í gildandi kjarasamningi sem og í eldri kjarasamningi hafa mánaðarlaun verið skilgreind í launaflokkum annars vegar og í þrepum hins vegar. Segir í grein 3.2.1 að kandídat, sem er sá eða sú sem ekki hafi fengið lækningaleyfi, raðist í launaflokk 100, læknir, sem er sá eða sú sem er með lækningaleyfi, raðist í launaflokk 200-205, læknir með sérfræðileyfi, sem er sá eða sú sem hafi lokið sérnámi og fengið sérfræðileyfi, raðist í launaflokk 300-307 og yfirlæknir, sem er læknir með sérfræðileyfi sem ráðinn er til stjórnunar o.s.frv., raðist í launaflokka 400-407. Samhljóða ákvæði var í grein 3.2.1 í eldri kjarasamningi. Þann 1. janúar 2013 gengu í gildi ný lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012. Áður voru í gildi ýmist lög eða reglugerðir um hverja löggilta heilbrigðisstétt, m.a. lækna lög nr. 55/1988 um lækna. Í 4. gr. lækna laga var ákvæði þess efnis að ef nauðsyn krefði mætti ráðherra, eftir meðmælum landlæknis, fela læknakandídotum eða læknanemum sem lokið hefðu 4. árs námi, að gegna tilgreindum læknisstörfum um stundarsakir og hefði viðkomandi þá lækningaleyfi á meðan hann gegndi þeim störfum. Kveður L að eftir gildistöku laga nr. 34/2012 hafi embætti landlæknis, sem sér um útgáfu lækningaleyfa, bæði tímabundinna og ótakmarkaðra, ákveðið að allir læknanemar og kandídatar skyldu sækja um tímabundið lækningaleyfi á grundvelli 1. mgr. 11. gr. þeirra. Síðan fái allir læknanemar og læknakandídatar tímabundið lækningaleyfi/starfsleyfi meðan á kandídatstími standi. Kandídatstími sé viðbótarmenntun sem allir þeir sem útskrifast úr læknánámi þurfi að ljúka til að fá almennt lækningaleyfi, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar um menntun, réttindi og skyldur lækna og skilyrði til að hljóta lækningaleyfi og sérfræðileyfi nr. 467/2015, áður reglugerð með sama heiti nr. 1222/2012. L kveður að um langa hríð hafi það verið svo að kandídatar með tímabundið lækningaleyfi í heilsugæslu hafi oftast en ekki fengið laun samkvæmt launaflokki 200. Kandídatsefni 2015 telja að þeir eigi allir rétt á launum samkvæmt launaflokki 200 þegar þeir byrja að starfa á kandídatstími hinn 1. júní 2015. Kveður L kandídatsefnin hafa sett fram þær kröfur sínar við LS á fundi í febrúar 2015. Á fundinum hafi einnig verið rakið að í kjaraviðræðum L og Í í byrjun árs 2015 hefði L bent ríkinu á að

<sup>13</sup> Sjá rgl. [30/1990](#) og rgl. [31/1990](#).

<sup>14</sup> L. [126/2011](#), 117. gr

skilgreininguna á kandiðat væri vegna breyttrar framkvæmdar eðlilegt að endurskoða, ella væri framvegis eðlilegt að gera kröfu um að kandiðatar fengju laun skv. launaflokki 200 því kandiðatar væru allir með tímabundið lækningaleyfi. Samninganefnd ríkisins hafi ekki talið ástæðu til að breyta skilgreiningunni þrátt fyrir ábendinguna. Hafi þá verið áréttað að þess mætti vænta að kandiðatar myndu framvegis almennt krefjast launa skv. launaflokki 200, eins og raunin hafi orðið, sbr. áðurnefndan fund með fulltrúum LS. Í niðurstöðu Félagsdóms kemur fram að þrátt fyrir að kandiðatar kunni að sinna sambærilegum eða samskonar störfum og læknar með almennt og ótakmarkað lækningaleyfi, að þá er starfið að því leyti eðlisólíkt að það er í rauninni nám og fer fram undir handleiðslu og á ábyrgð framkvæmdastjóra lækninga viðkomandi stofnunar eða deildar. Þá er ljóst að raunverulegur munur er á starfsleyfi sem kandiðat hefur fengið frá landlækni, sem er tímabundið, og almennu ótakmörkuðu lækningaleyfi, en fram hefur komið að læknakandiðat getur ekki sinnt starfsnáminu án þess að hafa fengið til þess umrætt tímabundið leyfi frá landlækni. Þá hefur komið fram að engir læknakandiðatar starfa án umrædds tímabundins leyfis og myndi það leiða til þess að enginn læknakandiðat myndi taka laun samkvæmt launaflokki 100 ef kröfur L næðu fram að ganga, en það getur ekki hafa verið ætlun samningsaðila. Þrátt fyrir að í grein 1.2 í kjarasamningi aðila segi að kandiðat falli undir hugtakið læknir í samningnum, nema annað sé tekið fram, þá þykir L ekki geta byggt kröfu sína á því þar sem í grein 3.2.1 er sérstaklega fjallað bæði um lækna og kandiðata, en það verður ekki skilið á annan hátt en þann að þá falli kandiðat ekki undir hugtakið læknir í skilningi ákvæðisins. Þá verður að telja ólíklegt að við samningsgerðina hafi vakað fyrir samningsaðilum að kandiðat taki laun samkvæmt sama launaflokki og læknir með almennt og ótakmarkað lækningaleyfi, en hann er einn þeirra sem sér um starfsnám kandiðatsins og er honum til handleiðslu. Þá er jafnframt óhjákvæmilegt að geta þess að í kröfugerð samninganefndar L við gerð kjarasamnings voru ekki gerðar um það kröfur að kandiðatar tækju laun samkvæmt hærri launaflokki en launaflokki 100. L hefur m.a. vísað til þess að einhverjar heilbrigðisstofnanir hafi ákveðið að greiða og greitt kandiðötum laun samkvæmt launaflokki 200. Það er þó mat dómsins að L geti ekki byggt kröfu sína á þessu enda getur þetta ekki breytt efni kjarasamningsins eða haft sérstök áhrif á túlkun hans, enda ekki í samræmi við þann eðlismun sem er á starfi læknis með almennt ótakmarkað lækningaleyfi annars vegar og starfi kandiðats með tímabundið starfsleyfi/lækningaleyfi hins vegar. Engu getur heldur breytt í þessu efni að embætti landlæknis hafi breytt umsóknareyðublaði um hið tímabundna starfsleyfi, enda ræðst efni og inntak leyfisins af öðrum þáttum. Var í sýknað af öllu kröfum L í málinu.

*Fd.14. október 2015 í máli nr. 22/2015. Ljósmeðrafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Frádráttur launa í verkfalli.*

Sjá einnig svar fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurnum tveggja þingmanna á 145. löggjafarþingi 2015-2016: 1) [Svar við fyrirspurn Svandísar Svavarsdóttur.](#) 2) [Svar við fyrirspurn Birgittu Jónsdóttur.](#)

Ágreiningur aðila laut að frádrætti af launum vegna verkfalla. L krafðist þess að viðurkennt yrði að í hefði brotið gegn grein 1.1 og 1.6, sbr. grein 2.6, í kjarasamningi L og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs með því að greiða félagsmanni L, F ljósmóður, ekki óskert laun vegna sex vakta í apríl 2015. Í byrjun apríl 2015 hófust sameiginlegar verkfallsaðgerðir hjá 17 aðildarfélagum BHM en L er stéttarfélag innan bandalagsins. BHM fékk veður af því að við launaútreikning í verkföllum hygðist í framfylgja eigin viðmiðunarreglum um launagreiðslur samkvæmt dreifibréfi Í nr. 6/2001 á meðan á verkfalli stæði svo og við framkvæmd og túlkun á 19. og 20. gr. laga nr. 94/1986. Ekki hafi komið til frádráttar í byrjun apríl, enda hefði Í litið svo á að boðað verkfall L væri ólöglegt. Félagsdómur hafi komist að þeirri niðurstöðu að svo væri ekki, sbr. dóm Félagsdóms í máli nr. 14/2015. Að þeim dómi gengnum hafi BHM áréttað athugasemdir við þessar ráðagerðir í um framkvæmd á launaútreikningum. Frá og með þriðjudeginum 7. apríl 2015 klukkan 00:00 hófst ótímabundið verkfall L sem stóð frá þeim tíma til 24:00 alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga á Landspítala þar sem F, félagsmaður L, starfar, þar til lög nr. 31/2015 tóku gildi 13. júní 2015. Með þeim lögum var lagt bann við verkfallsaðgerðum L meðal annarra. Þegar launagreiðslur hafi borist félagsmönnum L í byrjun maímánaðar, hafi komið í ljós að félagsmenn L hefðu fengið greidd laun samkvæmt túlkun Í á eigin reglum um frádráttarheimildir og útreikningi á því hve háu hlutfalli launa haldið skyldi eftir þar sem verkfall L hafi ekki tekið til allra daga vikunnar. Í hafi í þessum efnun beitt grein 1.1.2 í kjarasamningi aðila, sem fjalli um hvernig reikna eigi brot úr mánaðarlaunum þegar unninn sé 8



stunda vinnudagur reglubundið. Flestir félagsmenn L, þar með talið F, gangi vaktir og vinni ekki 8 stunda reglulegan vinnudag, að mati L. BHM gerði athugasemd við Í af þessu tilefni og var krafist leiðréttingar á því sem bandalagið taldi vera misbrest á launagreiðslum með bréfi og kom þar fram að ella yrði leitað fulltingis dómstóla án frekari fyrirvara. Í brást við erindinu með bréfum annars vegar sem svar við tölvupósti lögmanns BHM og fyrrgreinds bréfs bandalagsins. Í gerði grein fyrir þeirri afstöðu að þegar verkfall stæði yfir væri um að ræða félagslega aðgerð („kollektiv“) af hálfu stéttarfélagsins. Því yrðu allir félagsmenn að sitja við sama borð um frádrátt launa og skipti þá ekki máli hvort um tímabundið eða ótímabundið verkfall væri að ræða. Byggði Í á fyrrnefndum vinnureglum sínum í þessu efni og vísaði jafnframt til niðurstöðu Félagsdóms í máli nr. 8/1984 frá 17. desember 1984. Var þessari útreikningsaðferð síðan beitt gagnvart félagsmönnum L, þar með talið F. Í niðurstöðu Félagsdóms kemur fram að þótt verkfall raski ekki ráðningarsambandi einstakra félagsmanna og atvinnurekenda þeirra, er það meginregla í vinnurétti að meðan á verkfalli stendur, falla niður skyldur samkvæmt ráðningarsamningi þeirra starfsmanna sem verkfallsrétt hafa. Er starfsmanni, sem er í verkfalli, óskytt og óheimilt að vinna þau störf sem ráðningarsamningur hans tekur til. Á móti fellur niður sú skylda vinnuveitandans að greiða starfsmanninum laun. Óumdeilt er að þeir sem ekki hafa heimild til verkfalls samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986 halda óskertum launum og að þeir, sem kallaðir eru til starfa samkvæmt ákvæðum 20. gr. sömu laga, fá greitt samkvæmt ákvæði kjarasamnings aðila um tímakaupsfólk. Er ágreiningslaust að F voru greidd óskert laun vegna þeirra vakta sem hún stóð í apríl á grundvelli undanþáguheimildar samkvæmt 19. gr. laganna. Samkvæmt 18. gr. laga nr. 94/1986 tekur boðað verkfall til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn, annarra en þeirra sem óheimilt er að leggja niður störf samkvæmt lögnum, sbr. undanþáguákvæði 19. og 20. gr. laganna. Verkfall er þannig félagsleg aðgerð félagsmanna þess stéttarfélags sem boðað hefur til verkfalls. Dómurinn taldi að ekki yrði dregin önnur ályktun af verkfallsboðun L en að verkfallið næði til allra félagsmanna í L sem störfuðu á Landspítala. Í þessu ljósi og með vísan til þess sem áður er rakið taldi Félagsdómur að samkvæmt ákvæðum kjarasamnings aðila væru bæði vinnuskylda og laun félagsmanna í L miðuð við mánuð, án tillits til þess hvornig vinnu innan hans er hagað, yrði að líta svo á að félagsmenn í L hafi verið í verkfalli, óháð því hvort þeir áttu vinnuskyldu umrædda daga eða ekki. Taldi dómurinn að ekki yrði á það fallist með L að unnt sé að leggja að jöfnu þá aðstöðu þegar F, félagsmaður í L, annars vegar innti af hendi vinnu samkvæmt fyrirfram ákveðinni vaktskrá í aprílmánuði og hins vegar þegar hún stóð vaktir á grundvelli undanþáguheimildar samkvæmt 19. gr. laga nr. 94/1986. Jafnframt segir í niðurstöðu dómsins að við útreikning Í á mánaðarlaunum F fyrir apríl virðist hafa verið deilt með 21,67 í mánaðarlaun hennar og margfaldað með þeim dögum sem F var við vinnu, þar á meðal með þeim dögum sem greinir í dómkröfum, allt í samræmi við grein 1.1.2 í kjarasamningi aðila um útreikning á broti úr mánaðarlaunum. Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið um ávinnslu réttar til greiðslu mánaðarlauna og að F var sannanlega í verkfalli alla þá daga sem boðuð vinnustöðvun tók til, þó að einungis ein vakt hafi fallið á þá daga, fékk dómurinn ekki séð að Í hafi brotið gegn þeim kjarasamningsákvæðum sem L tilgreinir í dómkröfum sínum. Með sömu rökum var hvorki fallist á að sú niðurstaða feli í sér brot gegn almennum reglum vinnuréttar, feli í sér félagsnauðung í skilningi 4. gr. laga nr. 80/1938, um stéttarfélög og vinnudeilur, né brjóti gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar eða 11. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu, svo sem L hélt fram. Því var Í sýknað af kröfum L en tveir dómarar greiddu sératkvæði og vildu taka kröfu L til greina.

*Fd. 12. október 2015 í máli nr. 5/2015. Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu vegna Landspítala. Frítökuréttur vegna samfelldrar vinnu umfram 16. klst.*

L krafðist þess að viðurkennt yrði að félagsmenn L sem starfa við Landspítalann, eigi rétt til 1½ klst. frítökuréttar fyrir hverja klukkustund sem unnin er umfram samfellda 16 klst. vinnulotu upp að 24 klst., án tillits til þess hvort nýr viðmiðunarsólarhringur hefjist innan vinnulotunnar. Í kjarasamningi L við Í er gert ráð fyrir að læknar safni frítökurétti við ákveðnar kringumstæður. Annars vegar safnist frítökuréttur ef 11 tíma hvíldartími næst ekki á hverjum viðmiðunarsólarhring. Þá safnast upp frítökuréttur samkvæmt nánar fyrirmælum samningsins, sbr. grein 4.7. Hins vegar eru sérákvæði í kjarasamningnum um uppsöfnun frítökuréttar ef samfelld vinnulota fer yfir 16 klukkustundir, sbr. 2. málslíð 3. mgr. greinar 4.7.2. Fari samfelld vinnulota yfir 24 klukkustundir safnast aukinn frítökuréttur sbr. grein 4.7.4. Við starfslok læknis skal ótekinn frítökuréttur gerður upp með sama hætti og orlof,

sbr. ákvæði 4.7.7 í kjarasamningi. L og Í hafa verið sammála um það hvernig reikna eigi frítökurétt þegar samfelld vinnulota læknis fari umfram 16 klst. Það var mat Félagsdóms að L hefði ekki fært fram röksemdir fyrir því að víkja ætti frá skýru orðalagi ákvæðis 3. mgr. í grein 4.7.2 þar sem fram kemur með berum orðum að frítökurétturinn myndist fyrir hverja unna stund sem unnin er umfram 16 klukkustundir á viðmiðunarsólarhring. Gat vísun L til greinar 4.7.4 í kjarasamningi ekki breytt þessu enda fjallar hún um frítökurétt þegar unnið er samfelld umfram 24 stundir. Jafnframt gat dómurinn þess að grein 4.7.2 er ekki bundin við samfellda vinnu, auk þess sem dómkrafa L var bundin við vinnulotu umfram 16 stundir að 24 stundum og fellur því utan efnis greinar 4.7.4. Í var því sýknað af öllum kröfum L í málinu.

Fd. úrskurður 29. júní 2015 í máli nr. 19/2015. Ljósmeðrafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Frádráttur af launum í verkfalli.

Ágreiningur aðila laut að frádrætti af launum vegna verkfalla. Í krafðist frávísunar m.a. með þeim rökum að krafa LMFÍ væri ekki í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til skýrleika dómkrafa, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála. Taldi dómurinn að kröfugerð og málatilbúnaður LMFÍ uppfyllti ekki skilyrði d- og e- liða 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 og vísaði málinu frá dómi. Sjá nú dóm Félagsdóms frá 14. október 2015 í máli nr. 22/2015

Fd. 10. júlí 2014 í máli nr. 1/2014 (óbirtur). SFR- stéttarfélag í almannajónustu gegn íslenska ríkinu vegna Fangelsismálastofnunar ríkisins. Vaktaálag í helgidagafríum.

Kröfur SFR vörðuðu túlkun og framkvæmd á grein 2.6.7 í kjarasamningi SFR og fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs. SFR byggði kröfur sína á því að F hefði brotið gegn greininni með því að greiða ekki B, fangaverði, vaktaálag í helgidagafríum skv. grein 2.6.7. Krafðist SFR að viðurkennt yrði að F væri skylt að greiða B vaktaálag í helgidagafríum samkvæmt grein 2.6.7. Í niðurstöðu Félagsdóms kemur fram að fyrir lá í málinu að venjubundin og athugasemdaleus framkvæmd Í á kjarasamningi aðila þess efnis að ekkert vaktaálag hefur verið greitt í helgidagafríum. Hvort sem lítið er til greinar 2.6.7 eða annarra ákvæða kjarasamnings aðila verði ekki á það fallist að kjarasamningurinn kveði með skýrum hætti á um að vaktaálag eigi að teljast hluti af óskertum, föstum launum starfsmanna, þó að ákvæðið útiloki það ekki heldur, sbr. dóm Félagsdóms frá 12 nóvember í máli nr. 9/2012. Eins og ákvæðið hljóðar gengur sú túlkun, sem Í hefur lagt til grundvallar um langt árabil, því ekki þvert á orðalag kjarasamningsins. Með vísan til þeirrar löngu venju sem komin var á framkvæmd greiðslna samkvæmt grein 2.6.7 í helgidagafríum, sem hafði fram til þessa ekki sætt athugasemdum SFR, var Í sýknað af öllum kröfum SFR.

Fd. 3. febrúar 2014 í máli nr. 11/2013. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga vegna F gegn íslenska ríkinu vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Matstofa lokuð. Fæðispeningar.

Dómkröfur F voru þær að viðurkennt yrði með dómi að HSU hefði brotið gegn gr. 3.4.3 í kjarasamningi FÍH og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs með því að hafa ekki greitt F fæðispeninga þegar F var á vakt en matstofa ekki opin. Í hélt því fram að samkvæmt gr. 3.4.1 teldist matstofa sá staður þar sem hægt sé að vera fram heitan eða kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum. F átti þess kost að panta mat og fá hann afhentan í matsal HSU og bæði sé hægt að hita mat í matsalnum og á kaffistofu bráðamóttökunnar. Á þessum stöðum sé hægt að matast. Í hélt því fram að með þessu væri skilyrðum greinarinnar uppfyllt og matstofa opin. Í niðurstöðu Félagsdóms kom fram það mat að sú aðstaða sem F stóð til boða fullnægði ekki því að geta talist matstofa þar sem hægt er að bera fram heitan eða kaldan mat, aðfluttan eða eldaðan á staðnum, hvorki í skilningi ákvæða kjarasamningsins, né heldur samkvæmt almennum málskilningi. Leit dómurinn því svo á að matstofa væri ekki opin þegar F var við störf á þeim tímum sem tilgreindir voru í dómkröfum F og hafi því HSU borið að greiða F fæðispeninga samkvæmt ákvæðum kjarasamningsins. Félagsdómur féllst því á að HSU hafi brotið gegn gr. 3.4.3 í kjarasamningi aðila og féllst á viðurkenningarkröfu F.

Fd. 21. maí 2013 í máli nr. 2/2013. Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu v/Landspítala. Vaktaálag vegna bundinna vakta þegar starfsmaður forfallast vegna veikinda barna.

L krafðist þess að viðurkennt yrði að Í væri skylt að greiða félagsmönnum L, sem starfa við Landspítalann, vaktaálag vegna bundinna vakta, sem þeir forfallast frá vegna veikinda barna sinna undir 13 ára aldri, enda verði annarri umönnun ekki komið við og fari slíkar fjarvistir ekki umfram 96 vinnuskyldustundir miðað við fullt starf á hverju almanaksári. L vísaði til ákvæðis í gr. 9.8.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og St. Franciskuspítala annars vegar og Læknafélags Íslands hins vegar. Í mótmælti túlkun L á ákvæði gr. 9.8.1. Taldi Í að með vaktaálagi samkvæmt reglubundinni varðskrá/vaktskrá í kjarasamningi aðila væri eingöngu átt við vaktir samkvæmt gr. 4.6.2 en ákvæði gr. 9.8.1 næði ekki yfir gæsluvaktir og bundnar vaktir sem komi til vegna vinnutilhögunar lækna með lækningaleyfi utan dagvinnu á sjúkrahúsum. Vísaði Í m.a. til forsögu ákvæðisins í kjarasamningum stéttarfélaganna opinberra starfsmanna. Í niðurstöðu dómsins kom m.a. fram að enga tilgreiningu væri að finna í ákvæði gr. 9.8.1 um að það tæki ekki til gæsluvakta eða svokallaðra bundinna vakta. Í bar sönnunarbyrðina fyrir því að sjónamið um hefð eða venju leiddi til þess að umrætt ákvæði yrði skilið með þeim hætti sem Í byggði á en ekki verða með beinum hætti leidd af orðalagi ákvæðisins. Var það mat dómsins að sú sönnun hefði ekki tekist. Var viðurkenningarkrafa L því tekin til greina.

Fd. 14. febrúar 2013 í máli nr. 11/2012. Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn íslenska ríkinu v/ Veiðimálastofnunar. Uppsögn á föstum yfirvinnutímum.

FÍN gerði þær dómkröfur að viðurkennt yrði að Í væri, í samræmi við 8. gr stofnanabáttar kjarasamnings Veiðimálastofnunar og Félags íslenskra náttúrufræðinga, samkvæmt ákvæðum kjarasamnings félagsins og fjármálaráðherra, frá 18. mars 2005, skylt að greiða 5 yfirvinnutíma virka daga og 10 yfirvinnutíma laugardaga og sunnudaga í rannsóknarferðum, nema um væri að ræða heimferðardag eða dagsferð. Niðurstaða dómsins var að taka kröfu FÍN til greina. Í dómnum kom m.a. fram að fyrir lægi að umræddar rannsóknarferðir væru fastur liður í starfsemi Veiðimálastofnunar. Yrði að ganga út frá því að starfsmönnum stofnunarinnar væri skipað til verka með tíðkanlegum hætti varðandi rannsóknarferðir þessar og samkvæmt starfsskyldum bæri þeim að fara í þessar ferðir væri þeim falið það, enda hefði annað ekki komið fram. Jafnframt sagði í dómnum að þegar litið er til þessa, eðlis ferða þessara og aðstæðna í þeim, sem að framan er lýst, og jafnframt horft til þess að nærlægt er að virða umrædda yfirvinnutíma sem fasta yfirvinnu eða þá fasta þóknun, sbr. ádurgreind kjarasamningsákvæði, þykir skjóta nokkuð skökku við að umrædd orðalagsbreyting, sem Í bindur trúss sitt við, skuli hafa verið gerð. Ekki liggur óbyggjandi fyrir hver tilgangurinn var með breytingu þessari og þá sérstaklega hvort stofnuninni var ætlað á eigin eindæmi að skammta yfirvinnutíma í ferðum þessum. Í heldur því fram að orðalagsbreytingu þessari hafi einungis verið ætlað að taka til heimferðardaga og dagsferða, þar sem eðlilegt hafi verið talið að greiða í samræmi við rauntíma. FÍN hefur mótmælt þessari skýringu. Hvað sem því líður liggur fyrir að um langt árabil eða frá 1997, þegar hið breytta ákvæði kom inn, hefur fullur tímafjöldi yfirvinnu verið greiddur, uns sú breyting varð í ársbyrjun 2011 vegna fjárhagsaðstæðna stofnunarinnar sem er tilefni máls þessa. Verður því að taka undir það með FÍN að venja hafi a.m.k. skapast um þá túlkun á umræddu ákvæði stofnanasamningsins sem stéttarfélagið heldur fram. Slíkri venjubundinni framkvæmd verður almennt ekki breytt nema með nýjum kjarasamningi milli aðila. Verður þannig ekki fallist á að hin venjubundna framkvæmd, sem varðar í þessu tilviki kjarasamningsbundnar greiðslur vegna tiltekins vinnuþáttar, teljist vera einhliða ákvörðun á sviði stjórnunarréttar vinnuveitanda sem segja megi einhliða upp. Þá verður heldur ekki talið að fyrirmæli laga og stjórnvaldsfyrirmæla um ábyrgð forstöðumanna ríkisstofnana á rekstri og fjármunum stofnunar geti skipt hér máli svo sem stefndi ber við.

Fd. 5. október 2012 í máli nr. 7/2012. Bandalag háskólamanna f.h. Félags lífeindafræðinga gegn íslenska ríkinu v/Heilbrigðisstofnunar Vesturlands. Greiðslur vegna útkalla.

Sjá einnig Fd. í máli nr. [9/2010](#).

Fd. 21. mars 2011 í máli nr. 8/2010. Dýralæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Álagsgreiðslur. Vaktaálag.

Sjá reifun við [12](#). gr.

Fd. 15. desember 2010 í máli nr. 9/2010. Bandalaga háskólamanna f.h. Félags lífeindafræðinga gegn íslenska ríkinu vegna Sjúkrahússins á Akureyri. Greiðsla vegna útkalla.

Kröfur B vörðuðu túlkun og framkvæmd á ákvæðum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 28. febrúar 2005, sem endurnýjaður var með samkomulagi dags. 28. júní 2008. Dómkröfur B voru í fyrsta lagi að viðurkennt verði að SA beri samkvæmt grein 2.3.3.1 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs að greiða minnst þrjár klst. í yfirvinnukaup fyrir hvert skipti sem starfsmaður er kallaður til vinnu sem ekki er í beinu framhaldi eða undanfari daglegs vinnutíma hans og í öðru lagi að viðurkennt verði að stefnanda beri samkvæmt grein 2.3.3.2 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs að greiða minnst fjórar klst. í yfirvinnukaup fyrir hvert skipti sem starfsmaður er kallaður til vinnu á tímabilinu frá kl. 00:00-08:00 á mánudegi til föstudags, kl. 17:00-24:00 á föstudegi eða á almennum eða sérstökum frídögum skv. gr. 2.1.4.1 og 2.1.4.2, nema reglulegur vinnutími starfsmanns eigi endranær að hefjast innan 3 og ½ klst. frá því að útkall hófst sem ekki er í beinu framhaldi eða undanfari daglegs vinnutíma hans. B byggði kröfur sína aðallega á því að SA gæti ekki einhliða breytt áralangri framkvæmd sem væri í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga. Með slíku greiðslufyrirkomulagi um langt skeið hafi tryggilega verið fest í sessi tiltekin túlkun á ákvæðum kjarasamnings aðila sem ekki yrði breytt einhliða enda um lögbundin lágmarkskjör að ræða. Taldi B að breyting á gildandi fyrirkomulagi yrði ekki náð fram nema með uppsögn kjarasamnings eða breytingu á viðeigandi ákvæðum við endurnýjun. B byggði kröfu sína og á því að áður en ákvörðun sú sem SA kynnti með bréfi í júní 2009 tók gildi hafi félagsmenn B fengið greitt fyrir hvert útkall og gilti þá einu hvort annað útkall fylgdi í kjölfarið. Var þessi framkvæmd viðhöfð um langt árabil í fullri sátt milli aðila og félagsmönnum B greitt í samræmi við hana. Með tilkynningu sinni hafi SA freistað þess að breyta þessari réttarstöðu einhliða félagsmönnum B til tjóns, án þess að færa rök fyrir því við hvaða heimild þessi framganga styddist. Ríkið mótmælti því að framkvæmd SA hefði verið í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings. Skilningur ríkisins á greinum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 hafi ætíð verið sá að þegar útköll sem liggja nálægt í tíma, að lágmarksgreiðsla næsta útkalls á undan er ekki lokið, þegar hið næsta hefst gildi sú regla að greiða skuli fyrir samfelldan tíma frá upphafi fyrsta útkalls til loka þess síðasta. Þessi skilningur hafi komið skýrlega fram í málsástæðum og lagarökum ríkisins í dómi Félagsdóms í máli nr. [13/2002](#) og í skýringum með sumum sérútgáfum kjarasamninga fyrir hvert stéttarfélag innan BHM. Þetta ætti t.d. við um sérútgáfu á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í skýringum með þeim kjarasamningi kemur fram að sé um endurtekin útköll að ræða með stuttu millibili skuli greiða samfelldan tíma frá upphafi fyrsta/fyrsta útkalls þangað til síðara/síðasta útkalli lýkur. Þó svo að þessi skýring væri ekki í öllum sérútgáfum fælist ekki í því viðurkenning af hálfu ríkisins á mismunandi túlkun á samhljóða ákvæðum samkomulagsins. Niðurstaða Félagsdóms var sú að vísa málinu frá með vísan til þess að kröfugerð B, eins og hún var sett fram, hafi verið of víðtæk og því ekki til þess fallin að leysa úr þeim ágreiningi sem upp er á SA.

Fd. 19. október 2010 í máli nr. 7/2010. Sjúkraliðafélag Íslands vegna G, S, M, H, ÓJ, G, ÓB og ÓL gegn Garðvangi. Greiðslur vegna aksturs. Ferðir teljist til vinnutíma.

Viðurkennt að ákvarðanir G um að fella niður greiðslur vegna aksturs væru andstæðar grein 5.4.1 í kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu. Enn fremur var viðurkennt að sjúkraliðar, sem starfa hjá G í Garði, en væru búsettir í Reykjanesbæ, Sandgerði eða Vogum, eigi, skv. grein 5.4.1 í kjarasamningi Sjúkraliðafélags Íslands og Samtaka fyrirtækja í heilbrigðisþjónustu, rétt á því að G sjái þeim fyrir ferðum til og frá vinnustað eða greiði þeim ferðakostnað og að slíkar ferðir teljist til vinnutíma að því er nemur flutningstíma frá mörkum næsta aðalíbúðarsvæðis til vinnustaðar.

Fd. 24. september 2010 í máli nr. 6/2010. Tollvarðafélag Íslands gegn íslenska ríkinu vegna tollvarða við embætti sýslumannsins á Akureyri. Bakvaktalag.

Dómkröfur TÍ voru þær að viðurkennt yrði að tollvörðum, sem störfuðu við embætti sýslumannsins á Akureyri og unnu samkvæmt samningi, dagsettum 15. júlí 1993, um vinnutíma tollvarða á Akureyri,

sbr. samkomulag dagsett 3. júní 1993 um bakvaktaálag tollvarða, skyldi veitt frí fyrir reglubundna bakvakt, sem skipulögð er allt árið, í samræmi við grein 2.5.4 í kjarasamningi TÍ og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, sem undirritaður var 6. júní 2005, óháð efni áður nefnds samnings frá 15. júlí 1993. S vísaði til forsögu kjarasamningsákvæða um bakvaktir og frítökurétt tollvarða í kjarasamningi málsaðila og sé það álit S að á meðan TÍ hafi ekki óskað eftir endurskoðun á samkomulaginu frá 15. júlí 1993, með hliðsjón af breyttum kjarasamningum, sé samkomulagið enn í fullu gildi. Í kjarasamningi málsaðila sé heimild í grein 2.5.6 til að gera breytingu á fyrra samkomulagi. Þar sem ekki sé getið um frítökurétt í samkomulaginu frá 1993 sé það álit S að tollverðir við embætti tollstjórans á Akureyri eigi ekki frítökurétt samkvæmt grein 2.5.4 í kjarasamningi málsaðila vegna bakvakta sem byggja á samningi um bakvaktaálag tollvarða frá 15. júlí 1993. Krafðist S því sýknu af kröfum TÍ. Niðurstaða dómsins varð sú að hann tók undir það með S að á meðan í gildi væri sérstakt samkomulag um bakvaktageiðslur tollvarðanna, sem telja yrði tæmandi, bæri þeim ekki réttur til frís á grundvelli greinar 2.5.4 í kjarasamningi aðila án þess að um það sé sérstaklega samið. Var S því sýknað af kröfu TÍ.

Fd. 4. júní 2010 í máli nr. 3/2010. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga f.h. K gegn íslenska ríkinu vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Uppsögn á föstum greiðslum fyrir akstur í starfi.

F krafðist þess að viðurkennt yrði að ákvörðun HS, sem tilkynnt var K, hjúkrunarfræðingi á heilsugæslustöðinni L, um að segja upp föstum greiðslum fyrir akstur í starfi, sé andstæð grein 5.4.1 í kjarasamningi Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 28. febrúar 2005, sbr. samkomulag dags. 9. júlí 2008 um breytingar og framlengingu á kjarasamningi. Dómurinn féllst á að kjarasamningsákvæðið gæti átt við um K þar sem vinnustaður hennar væri utan þess svæðis sem almenningssamgöngur ná almennt til. Sú túlkun ákvæðisins var í samræmi við dóm Félagsdóms í máli nr. 5/2009. Akstursgreiðslur áttu sér því stöð í greindu ákvæði kjarasamningsins og var ósannað að um einstaklingsbundin ráðningarkjör hafi verið að ræða enda var þeirra í engu getið í ráðningarsamningi. Lagði dómurinn því til grundvallar að um starfskjör K að þessu leyti færi samkvæmt grein 5.4.1 í kjarasamningi aðila. Sú ákvörðun HS að segja upp föstum greiðslum til K fyrir akstur í starfi, var því andstæð fyrrnefndu kjarasamningsákvæði.

Fd. 22. janúar 2010 í máli nr. 6/2009. Landssamband lögreglumanna gegn íslenska ríkinu. Vinnutími.

Ágreiningsefni aðila laut að túlkun á ákvæðum kjarasamnings milli LL og fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs frá 30. apríl 2005, sem gerður var á grundvelli laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. LL hafði uppi fjórar viðurkenningarkröfur er lutu að ákvæðum í gildandi kjarasamningi aðila og reglum Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu nr. V002/2008 um vinnutíma rannsóknadeildar varðandi bakvaktir. Taldi LL að reglurnar hefðu verið settar einhliða af embætti LRH, þrátt fyrir mótmæli LL og einstakra rannsóknarlögreglumanna. Í niðurstöðu dómsins kom fram að úrlausnarefnið væri þriðþætt. Í fyrsta lagi væri tekist á um þá kröfu LL að viðurkennt yrði að einhliða setning LRH á reglum um vinnutíma rannsóknadeildar við embættið hafi verið andstæð grein 2.1.2 í kjarasamningi milli LL og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs. Lögreglumönnum, sem starfa við umræddar deildir embættisins, bæri því ekki skylda til að fara eftir reglunum. Í öðru lagi væri til úrlausnar sú krafa LL að viðurkennt yrði að skýra bæri grein 2.6.13 í umræddum kjarasamningi þannig að lögreglumenn, sem náð hafi 55 ára aldri, skuli undanþegnir bakvaktarskyldu á næturvinnutíma. Í þriðja lagi væri til meðferðar sú krafa LL að viðurkennt yrði að skerðist hvíld, t.d. vegna vinnu á hvíldardegi, skuli hún að fullu bætt og verði tveir hvíldardagar teknir saman á grundvelli 3. mgr. greinar 2.4.4 kjarasamningsins eigi lögreglumaður rétt á 70 klst. samfelldri hvíld, sbr. 1. mgr. greinar 2.4.4 og grein 2.4.5.5 í kjarasamningnum. Niðurstaða dómsins var sú að íslenska ríkið var sýknað af kröfum LL.

Fd. 12. maí 2009 í máli nr. 4/2009. Kennarasamband Íslands vegna Félags framhaldsskólakennara gegn íslenska ríkinu. Kennsluskylða.

Sjá einnig úrskurð í máli nr. 7/2008. Frávísun.

K krafðist þess að viðurkennt yrði með dómi Félagsdóms, að félagsmenn Félags framhaldsskólakennara sem störfuðu við I á tímabilinu frá upphafi skólaárs 2004 til loka vorannar 2008 hafi uppfyllt kennsluskyldu sína samkvæmt kjarasamningi að fullu þegar þeir, samkvæmt ákvörðun vinnuveitandans, unnu tilskilinn fjölda kennslustunda með því fyrirkomulagi að slegið var saman hverju sinni tveim 40 mínútna kennslustundum í eina sem stóð í 75 mínútur án frímínútna og að óheimilt hafi verið að skerða launagreiðslur til þeirra vegna þessa fyrirkomulags í skólastarfinu. Félst dómurinn á kröfu K.

Fd. 24. apríl 2009 í máli nr. 5/2009. Sjúkraliðafélag Íslands f.h. Þ gegn íslenska ríkinu vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Aksturstími. Akstur til og frá vinnu.

S gerði þá dómkröfu að viðurkennt yrði að ákvörðun H, sem tilkynnt var Þ um að hætta keyrslu hennar til og frá Víðihlíð í Grindavík á vegum stofnunarinnar auk greiðslna fyrir aksturstíma, væri andstæð grein 5.4.1 í kjarasamningi S og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs. Félst dómurinn á að ákvörðun H um að hætta keyrslu Þ til og frá Víðihlíð á vegum stofnunarinnar auk greiðslna fyrir aksturstíma væri andstæð grein 5.4.1 í kjarasamningi S og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og samrýmdist ekki heldur venjubundinni og áralangri framkvæmd þess hjá H.

Fd. 30. júní 2009 í máli nr. 8/2008. Starfsmannafélag Kópavogs vegna A gegn Kópavogsbæ. Leiðrétting launa. Afturvirk.

S krafðist þess að viðurkennt yrði að við leiðréttingu launa A, í apríl 2006, afturvirk til 1. desember 2002, á grundvelli starfsmats, hefði borið að tengja starfsmatið við launaflokka miðað við að lægsti launaflokkur væri 108. launaflokkur og lægsta stigagjöf samkvæmt tengitöflu 265 stig, þá skyldi miðað við að 7 stig væru á milli launaflokka, sbr. gr. 1.3.1 í kjarasamningi Starfsmannafélags Kópavogs og launaneftdar sveitarfélaga f. h. Kópavogsbæjar með gildistíma frá 1. apríl 2005 til 30. nóvember 2008, og 7. tölul. 2. gr. samkomulags sömu aðila um nýjan kjarasamning dags. 19. október 2005. Fram kom í niðurstöðu dómsins að breyting á tengitöflum væru hluti kjarabóta sem samið hefði verið um frá og með 1. janúar 2006. Samkvæmt skýrum ákvæðum greinar 1.3.1 í kjarasamningnum hafi nýjar tengireglur ekki tekið gildi fyrir það tímamark. Taldi dómurinn því að krafa S um afturvirkni yrði hvorki byggð á þeim samningi né öðrum samningum er giltu um starfið. Var K því sýknað af kröfum S.

Fd. júlí 2006 í máli nr. 4/2006. Félag íslenskra flugumferðarstjóragegn íslenska ríkinu. Breyting á vaktakerfi.

Í sýknað að kröfu F en deilt var um það hvort Flugmálastjórn Íslands hefði brotið gegn kjarasamningi aðila með einhliða breytingum sínum á vaktakerfi í Flugstjórnarmiðstöðinni í Reykjavík.

Fd. 14. mars 2005 í máli nr. 17/2004. Landssamband lögreglumanna gegn íslenska ríkinu vegna embættis ríkislögreglustjóra. Frávísun. Skýrleiki.

Kröfugerð LL var vísað frá dómi þar sem hún þótti ekki svo skýr að unnt væri að leggja dóm á málið. LL krafðist viðurkenningar á skyldu íslenska ríkisins til að úthluta lögreglumönnum við embætti ríkislögreglustjóra 11,55 launaflokkum og vísaði til stofnanasamnings í því efni sem og "sameiginlegs" skilnings samningsaðila kjarasamnings um að samningurinn fæli í sér 14% meðaltalshækkun launa hjá hverju embætti fyrir sig.

Fd. 21. október 2005 í máli nr. 10/2005. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Heilsugæslunni í Reykjavík. Frávísun.

Kröfugerð FÍH gegn HR var vísað frá dómi. Ástæður frávísunarinnar voru þrjúþættar. Í fyrsta lagi gat FÍH ekki verið málsaðili fyrir Félagsdómi á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga

opinberra starfsmanna, þar sem FÍH er ekki sjálfstæður samningsaðili skv. þeim lögum. Í öðru lagi gat hvorugur málsaðila verið aðili að dómsmáli fyrir Félagsdómi á grundvelli laga nr. [80/1938](#), um stéttarfélög og vinnudeilur. Í þriðja lagi þótti málið ekki eiga undir valdsvið Félagsdóms, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. [91/1991](#), um meðferð einkamála. Krafa FÍH hljóðaði upp á viðurkenningu á því að stefndi hefði brotið gegn 4. gr. laga nr. [80/1938](#) með því að veita 13 hjúkunarfræðingum þakklætisvott að fjárgildi 13.900 kr. „fyrir þá trúmennsku og ósérhlífni sem þú sýndir í þeim erfiðleikum sem steðjuðu að Miðstöð Heimahjúkrunar í mars sl. þegar stór hluti starfsmanna sagði upp störfum“.

Fd. 11. október 2005 í máli nr. [11/2005](#). Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Frítökuréttur.

Viðurkennt var að með dagvinnulaunum samkvæmt ákvæði kjarasamnings um frítökurétt (2. mgr. 4.7.2 gr.) sé einnig átt við viðbótarþætti kjarasamnings. Í forsendum dómsins kom fram að ákvæðið yrði ekki skilið á annan veg en þann að þar sé átt við öll laun sem viðkomandi lækni séu greidd fyrir dagvinnu. Ákvæðið vísi því bæði til dagvinnulauna skv. röðun læknis í launaflokk og [eftir atvikum] dagvinnulauna samkvæmt viðbótarþáttum kjarasamnings. Ágreiningur um þetta hafði komið upp í tengslum við þau tilvik þegar 1/3 af frítökurétti er greiddur út skv. beiðni læknis.

Fd. 30. maí 2005 í máli nr. [8/2005](#). Félag íslenskra atvinnuflugmanna gegn íslenska ríkinu og Landhelgisgæslu Íslands. Ferðir á vegum stofnunar.

Viðurkennt var að tiltekin ákvæði í kjarasamningi Félags íslenskra atvinnuflugmanna við Flugleiðir hf./Icelandair ehf. um ferðatilhögun flugmanna á vegum félaganna gildi um kjör flugmanna hjá Landhelgisgæslu Íslands, þ.e. þegar þeir þurfa að ferðast á vegum stofnunarinnar.

Fd. 2. júlí 2003 í máli nr. [6/2003](#). Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar B-hluti gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Skýrr hf. Greiðsla fyrir útköll.

S krafðist þess að viðurkennt verði að Skýrr hf. bæri samkvæmt gr. 2.3.3.1 í gildandi kjarasamningi Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar, B hluta, við Skýrr hf. að greiða minnst 4 klukkustundir í yfirvinnukaup fyrir hvert skipti sem starfsmaður er kallaður til vinnu við fjarlausnir eða símhringingar sem ekki eru í beinu framhaldi eða undanfari daglegrar vinnu hans. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda. Fram kom í niðurstöðu dómsins að óumdeilt væri að Skýrr hf. hefði aldrei greitt fyrir símhringingar samkvæmt útkallsreglu samningsins og að sú framkvæmd hefði verið athugasemdalaus af hálfu S fram að höfðun máls þessa. Taldi dómurinn að enginn eðlismunur væri á fjarlausn og símaaðstoð. Var Skýrr hf. sýknað af kröfu S.

Fd. 4. febrúar 2003 í máli nr. [13/2002](#). Starfsmannafélag Akureyrarbæjar (STAK) f.h. FH gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Fjórðungshússins á Akureyri. Greiðsla fyrir útköll. Venjubundin framkvæmd.

Ágreiningslaust var að félagsmönnum í STAK hefði frá 1. janúar 1985 verið greitt fyrir hvert útkall óháð því hvenær fyrra útkalli lauk. Dæmt að STAK hefði mátt treysta því við gerð síðasta kjarasamnings frá 1. apríl 2001, að greitt yrði fyrri útköll til samræmis við þá vaju sem skapast hafði. Yrði slíkri venjubundinni framkvæmd almennt ekki breytt nema með nýjum kjarasamningi milli aðila.

Önnur niðurstaða í máli nr. [5/2003](#), 28. maí 2003. ASÍ vegna Félags ísl. rafvirkja gegn SA vegna Rafmagnsveitna ríkisins. Sjá einnig mál nr. [6/2003](#), 2. júlí 2003 útkall vegna fjarlausna og símhringinga.

Fd. 15. febrúar 2002 í máli nr. [18/2001](#). Stéttarfélag Sálfræðinga á Íslandi gegn Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Forsendur röðunar í launaflokka. Frávísun hafnað.

Sjá einnig við [26](#). gr.

Dæmt að S hefði ekki sýnt fram á með málatilbúnaði sínum að L væri unnt að gefa stefnanda upp frekari forsendur fyrir röðun, umfram það sem þegar lá fyrir í málinu.

Fd. 23. júní 1998 í máli nr. 5/1998 (XI:291). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn ríkissjóði Íslands. Gildi úrskurðar um forsendur launaramma og forsendur röðunar í launaflokka.

Ekki var fallist á að úrskurðurinn hafi verið svo óljós að ágreiningur hafi verið fyrir félagsmenn að átta sig á því hvar hann ætti heima í launakerfinu. Ekki var heldur fallist á að úrskurðurinn, sem kveðinn var upp í samræmi við samkomulag aðila um breytingar á kjarasamningi, bryti gegn 9. gr.

Fd. 19. nóvember 1996 í máli nr. 12/1996 (X:673). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn samgönguráðherra fh. Flugmálastjórnar og fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs. Efni kjarasamninga.

Ágreiningur var um fækkun flugumferðarstjóra á næturvakt úr fimm í fjóra. Byggði FÍF á því að kjarasamningur stæði slíkri breytingu í vegi. Sýknað var af kröfu FÍF á hendur flugmálayfirvöldum um að Flugmálastjórn væri óheimilt að breyta fyrirkomulagi vaktavinnu, án undangengis samkomulags við félagið. Í dómi Félagsdóms segir að þegar litið væri til þess hvers eðlis breytingarnar væru þóttu hvorki ákvæði kjarasamninga tryggja FÍF íhlutun um þær né yrði talið að um þær skyldi mælt í kjarasamningi, sbr. 1. mgr. 9. gr.



## 10. gr.

**Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Kveðið skal á um lengd samningstímabils og uppsagnarfrest í kjarasamningi.**

**Uppsögn skal vera skrifleg og kynnt viðtakanda á sannanlegan hátt.**

### *1. Lögskýringargögn*

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Um 10.-12. gr.

Efni þessara greina var áður í 8.-13. gr. laga um BSRB og hliðstæð ákvæði voru einnig í lögum um BHMR. Veruleg breyting er gerð á þessum ákvæðum til einföldunar. Lögbundinn uppsagnarfrestur er felldur niður en í stað þess er gert ráð fyrir að um hann verði samið hverju sinni. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að kröfugerð verði lögð fram með þriggja mánaða fyrirvara eins og nú er.“

### *2. Dómar*

#### *2.1 Dómar Félagsdóms*

*Fd. 21. mars 2011 í máli nr. [8/2010](#). Dýralæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Álagsgreiðslur. Vaktageiðslur.*

Sjá reifun við [12.](#) gr.

## 11. gr.

**Kjarasamningur framlengist um sex mánuði í senn, með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.**

### *1. Lögskýringargögn*

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Um 10.-12. gr.

Efni þessara greina var áður í 8.-13. gr. laga um BSRB og hliðstæð ákvæði voru einnig í lögum um BHMR. Veruleg breyting er gerð á þessum ákvæðum til einföldunar. Lögbundinn uppsagnarfrestur er felldur niður en í stað þess er gert ráð fyrir að um hann verði samið hverju sinni. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að kröfugerð verði lögð fram með þriggja mánaða fyrirvara eins og nú er.“

## 12. gr.

**Tilkynning um uppsögn kjarasamnings skal send ríkissáttasemjara samtímis og uppsögn er send gagnaðila.**

**Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður.**

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Um 10.-12. gr.

Efni þessara greina var áður í 8.-13. gr. laga um BSRB og hliðstæð ákvæði voru einnig í lögum um BHRM. Veruleg breyting er gerð á þessum ákvæðum til einföldunar. Lögbundinn uppsagnarfrestur er felldur niður en í stað þess er gert ráð fyrir að um hann verði samið hverju sinni. Þá er heldur ekki gert ráð fyrir að kröfugerð verði lögð fram með þriggja mánaða fyrirvara eins og nú er.“

### 2. Dómar

#### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 3. júní 2014 í máli nr. 9/2014. Íslenska ríkið gegn Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Boðun verkfalls. Stofnanasamningur. Friðarskylda.

Sjá reifun við [14.](#) gr.

Fd. 14. júlí 2011 í máli nr. 9/2011 (óbirtur). Félag prófessora við ríkisháskóla gegn íslenska ríkinu. Breyting á stjórnunar- og kennsluskyldu prófessora. Breyting á stjórnunar- og kennsluskyldu.

F krafðist þess m.a. að viðurkennt yrði að ákvörðun háskólaráðs HÍ sem tekin var þann 17. desember 2010, nr. 12/2010, um breytingar á stjórnunar- og kennsluskyldu prófessora, væri andstæð markmiðsákvæði í kjarasamningi F og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sem undirritaður var 21. desember 2009. Í kjarasamningnum var að finna markmiðsákvæði þar sem sagði m.a.: „Samningsaðilar eru einhuga um að stuðla áfram að bættum gæðum háskólastarfsins og standa vörð um frelsi prófessora til sjálfstæðra rannsókna. Rannsóknarþáttur starfs þeirra er lykilatriði í því sambandi. Samningsaðilar eru sammála um að skipting vinnutíma prófessora milli kennslu, stjórnunar og rannsókna sem í gildi er við undirritun, sbr. samþykkt háskólaráðs Háskóla Íslands frá 7. apríl 2006, sé forsenda samningsins og taki ekki breytingum á gildistíma hans nema með samkomulagi við aðila samnings þessa.“ Umrædd skipting vinnutíma var byggð á reglum HÍ um starfsskyldur kennara og sérfræðinga við HÍ sem samþykktar voru í háskólaráði. Þar var mælt fyrir um að starfsskyldur prófessora skiptust í 48% kennslu, 40% rannsóknir og 12% stjórnun. Á fundi háskólaráðs hinn 17. desember 2010 var tekin sú ákvörðun að breyta stjórnunar- og kennsluskyldu lektora, dósenta og prófessora um sex prósentustig, úr 48% í 54% og átti hækkunin að taka gildi 1. júlí 2011 og endurskoðast eigi síðar en í árslok 2011. F mótmælti breytingunum m.a. á grundvelli þess að F taldi að þær stæðust ekki markmiðsákvæði gildandi kjarasamnings prófessora og HÍ gæti ekki tekið einhliða ákvörðun um breytinguna. Í taldi að þessum hluta markmiðskaflans hefði ekki verið ætlaður lengri líftími en fram kom í honum sjálfum, þ.e. til 30. nóvember 2010, sbr. grein 17.1.1 í kjarasamningnum. Háskólaráð hafi tekið ákvörðun um breytinguna eftir að samningstíminn var liðinn og hafi ákvörðun ráðsins því ekki farið gegn þeim afmarkaða hluta markmiðsákvæðis kjarasamningsins. Ákvörðunin hafi því ekki verið andstæð markmiðsákvæðinu. Í niðurstöðu dómsins kom fram að líta yrði svo á að kjarasamningurinn hefði runnið sitt skeið á enda, án uppsagnar, samkvæmt ákvæðum sínum sem jafngilti því að honum hefði réttilega verið sagt upp. Taldi dómurinn því að 11. gr. laga nr. 94/1986 ætti ekki við heldur yrði að líta til reglu 2. mgr. 12. gr. laganna og langrar dómvenju um að fara beri eftir kjarasamningi, sem runnin er út, þar til nýr samningur hefði verið gerður. Ekkert kom fram í málinu sem leiddi líkur að því að önnur regla ætti við að þessu leyti um markmiðsákvæði

kjarasamningsins. Niðurstaða dómsins var því sú að hann taldi markmiðsákvæði samningsins hafa verið í gildi þegar hin umdeilda ákvörðun háskólaráðs var tekin og því um að ræða breytingu á kjarasamningsákvæði sem ekki varð breytt einhliða með þeim hætti sem gert var. Viðurkenningarkrafa F var því tekin til greina.

Fd. 21. mars 2011 í máli nr. 8/2010. Dýralæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Álagsgreiðslur. Vaktaálag.

D gerði þær dómkröfur að viðurkennt yrði að grein 1.6 um álagsgreiðslur - vaktaálag og 2. kafli um vinnutíma í kjarasamningi Dýralæknafélags Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dagsettur 28. febrúar 2005, sem framlengdur var þann 28. júní 2008 til 31. mars 2009, gildi um héraðsdýralækna frá 1. janúar 2006. Málavextir voru þeir að D gerði samning um vaktþjónustu við landbúnaðar- og fjármálaráðuneytið í ágúst 1999. Vaktþjónustusamningurinn var gerður samkvæmt fyrirætlum í IV. kafla laga nr. [66/1998](#) um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr sem fjallar um skipan héraðsdýralæknisumdæma. Í 12. gr. laganna er mælt fyrir um að landið skuli skiptast í ákveðin vaktsvæði og að skipulagðar skuli vaktir í samráði við starfandi dýralækna innan hvers vaktsvæðis þannig að dýralæknir sé þar jafnan á vakt. Þá segir að fyrir vaktþjónustuna skuli greiða samkvæmt samningi D við landbúnaðar- og fjármálaráðuneytið. Vaktþjónustusamningnum var sagt upp í lok ágúst 2009 og tók sú uppsögn gildi 1. janúar 2010. Taldi dómurinn að vaktsamningurinn hefði á sér yfirbragð og einkenni kjarasamnings, sbr. ákvæði [3.](#), [4.](#), [9.](#), [10.](#) og [12.](#) gr. laga nr. 94/1986 og taldi að um væri að ræða kjarasamning í skilningi þeirra laga og að eftir honum skyldi farið um greiðslur fyrir vaktþjónustu uns nýr samningur hefði verið gerður, sbr. 2. mgr. [12.](#) gr. laga nr. 94/1986.

Fd. 17. júlí 1992 í máli nr. 9/1992 (IX:538). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra. Gildistími kjarasamnings. Samtarfsnefnd.

Af reglu 2. mgr. 12. gr. leiddi að fara skyldi eftir ákvæðum 11. gr. um samstarfsnefnd, þar til nýr samningur hefði verið gerður

### 13. gr.

Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum sem þeir sjálfir eða fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu.

Ekki er heimilt að gera aðför í fundarhúsum, sjúkrastyrktarsjóðum, orlofsjóðum, orlofsheimilum eða menningarsjóðum heildarsamtaka eða einstakra félaga vegna þessarar ábyrgðar enda séu eignir þessar skýrt aðgreindar frá öðrum eignum og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa, svo sem styrkveitinga í verkföllum eða greiðslu samnings- eða verkfallskostnaðar.

#### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Efni greinarinnar er óbreytt frá því sem er í 17. gr. laga um BSRB en orðalag ítarlegra í niðurlagi 2. mgr. Ákvæði þetta er einnig í lögum nr. [80/1938](#) og er ekki um efnisleg frávík frá því að ræða.“

#### 2. Dómar

##### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 21. október 1999 í máli nr. 7/1999 (XI:476). Launanefnd sveitarfélaga f.h. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara. Fjöldauppsagnir.

Ekkert var fram komið sem benti til þess að F hefði staðið að uppsögnunum leikskólakennara hjá Á. Tekið fram að þar sem uppsagnir einstaklinga á samningstímabili væru ekki samningsrof í skilningi 13. gr. verði ábyrgð ekki felld á F á grundvelli ákvæðisins.

### III. kafli. Um verkföll.

#### 14. gr.

Stéttarfélagi, sem er samningsaðili samkvæmt lögum þessum, er heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um kjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum þessum. Ákvæði laga nr. [33/1915](#), um verkfall opinberra starfsmanna, ná ekki til þeirra sem heimilt er að gera verkfall samkvæmt lögum þessum.

[Það telst til verkfalla í skilningi laga þessara þegar starfsmenn leggja niður venjuleg störf sín að einhverju eða öllu leyti í því skyni að ná tilteknu sameiginlegu markmiði. Sama gildir um aðrar sambærilegar aðgerðir af hálfu starfsmanna sem jafna má til verkfalla.]<sup>15</sup>

#### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Efni þessarar greinar var í 18. gr. laga nr. [29/1976](#). Sú breyting er gerð að heimild til þess að gera verkfall miðast í frumvarpinu við einstök félög í stað bandalagsins áður. Lög nr. [33/1915](#) munu því framvegis gilda um þá sem ekki hafa verkfallsheimild, sbr. [19](#). gr., og til þeirra sem þetta frumvarp tekur ekki til en hafa fallið undir lögin frá 1915.“

#### 1.1 Úr nefndarálitni fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar

##### „Minnismiði

um verkfallsákvæði í 14. og 17. grein frumvarps tillaga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í framhaldi af framlagningu frumvarpsins hafa fjármálaráðuneytið og fulltrúar BSRB, BHMR og BK, sem að undirbúningi þess unnu, rætt um ákvæði 14. og [17](#). gr. með tilliti til samúðarverkfalla.

Í 14. gr. frumvarpsins er heimild til verkfalls miðuð við að verkfalli sé beitt til að stuðla að framgangi krafna félags í kjaradeilu. Í [17](#). gr. eru tilgreindar takmarkanir á beitingu verkfalls með sama hætti og í lögum nr. [80/1938](#).

Greinar þessar eru að mestu efnislega samhljóða 14. og [17](#). gr. laga nr. [80/1938](#), um stéttarfélög og vinnudeilur. Í þeim lögum eru engin sérstök ákvæði um samúðarverkföll en þau hafa engu að síður og þrátt fyrir orðalag 14. gr. þeirra laga verið talin heimil.

Við samningu frumvarpsins var rætt um það efni en svo virðist að ekki hafi legið fyrir ótvíræður sameiginlegur skilningur aðila á heimild til slíkra verkfalla.

Aðilar hafa orðið sammála um að rétt sé að í þessu efni gildi sömu réttarreglur og hjá öðrum stéttarfélögum, sbr. þó sérreglur frumvarpsins um boðun og framkvæmd verkfalls hjá opinberum starfsmönnum. Með hliðsjón af því leggja þeir einnig til að 14. og [17](#). gr. frumvarpsins verði óbreyttar frá því sem nú er og þar með efnislega hliðstæðar samsvarandi greinum í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.“

#### 2. Dómar

##### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 3. júní 2014 í máli nr. [9/2014](#). Íslenska ríkið gegn Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Boðun verkfalls. Stofnanasamningur. Friðarskylda.

---

<sup>15</sup> L. [67/2000](#), 1. gr.

Í gerði þær dómkröfur að viðurkennt yrði með dómi að boðað verkfall FÍN, vegna félagsmanna þess í þjónustu Landspítala, sem boðað var með bréfi til fjármála- og efnahagsráðherra frá og með miðvikudeginum 4. júní, kl. 00:00, væri ólöglegt. Kjarasamningur fjármála- og efnahagsráðherra f.h. íslenska ríkisins og FÍN rann út 31. janúar 2014. Aðilar átta í viðræðum um gerð nýs kjarasamnings en þær höfðu ekki borið árangur. Viðræðuáætlun aðila var undirrituð 3. janúar 2014 og meðal þess sem ræða átti við upphaf viðræðna var reynsla af gildandi kjarasamningi og þróun launa, þar á meðal stöðu stofnanasamninga. Í kröfugerð FÍN sagði: „Gera samningsferlið virkara og koma í veg fyrir að aðgerðaleysið eitt komi í veg fyrir endurskoðun stofnanasamnings eftir að viðræður um nýjan stofnanasamning eru hafnar. Í þessum tilgangi er krafist að lokamálsgrein greinar 11.1.1. verði breytt og hljóði svo: „Viðræður um stofnanasamning fara ekki fram undir friðarskyldu.““ Eftt var til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna FÍN, sem starfa á Landspítala, um boðun vinnustöðvunar á spítalanum sem ætti að hefjast 4. júní nk. kl. 00:00. Atkvæðagreiðslunni lauk 19. maí og samdægurs ritaði FÍN fjármála- og efnahagsráðuneytinu bréf þar sem tilkynnt var um fyrirhugaða vinnustöðvun. Þar var greint frá því að 69 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá og að 60 þeirra hefðu greitt atkvæði. Alls hefðu 47 samþykkt verkfallsboðun en 9 verið á móti. Eitt atkvæði hefði verið autt og þrjú ógild. Í tilkynningunni var því lýst yfir að með þessu væri fullnægt kröfum [15.](#) gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í niðurlagi bréfsins segir síðan: „Samkvæmt þessari niðurstöðu hafa félagsmenn í Félagi íslenskra náttúrufræðinga samþykkt að hefja verkfall hjá Landspítala þann 4. júní 2014, kl. 00:00, hafi endurskoðun á stofnanasamningi Landspítala og FÍN ekki náðst fyrir þann tíma.“ Í lýsti því yfir að það væri ekki sammála þeirri túlkun FÍN að boðun verkfalls með þessum hætti samrýmdist ákvæðum laga nr. 94/1986. Skoraði Í því á FÍN að afturkalla verkfallsboðunina. Ella myndi Í grípa til þeirra úrræða sem Í væru tiltækar til þess að stöðva framgang boðaðrar vinnustöðvunar. Lögmaður FÍN lýsti því yfir bréflaga að honum væri ekki kunnugt um neina meinbugi á verkfallsboðuninni. Áskorun Í gæfi því ekki tilefni til afturköllunar á verkfallsboðuninni. Í málinu lagði Í fram kjarasamning aðila, með gildistíma til 30. nóvember 2004, sem framlengdur hefur verið allt til 31. janúar 2014. Þar er fjallað um stofnanasamninga í 11. kafla samningsins, en í grein 11.1.1 kemur fram að viðræður um stofnanasamning skuli fara fram undir friðarskyldu. Í niðurstöðu Félagsdóms byggði dómurinn á því að tilgangur verkfallsins væri sá sem greinir í tilkynningu FÍN um verkfallið, þ.e. að knýja á um gerð stofnanasamnings á Landspítalanum. Í grein 11.1.1 í kjarasamningi aðila segir að viðræður um stofnanasamning skuli fara fram undir friðarskyldu. Félagsdómur taldi að ákvæði þetta væri bindandi fyrir aðila málsins þrátt fyrir að gildistími kjarasamningsins væri liðinn, sbr. meginreglu 2. mgr. [12.](#) gr. laga nr. 94/1986, enda varð ekki betur séð en að FÍN byggji sjálfst á því að svo væri þegar það, á grundvelli ákvæða kjarasamningsins, gerði um það kröfur að gengið yrði frá stofnanasamningi. Með því að í gildi er milli aðila sú regla, að viðræður um gerð stofnanasamnings skuli fara fram undir friðarskyldu, taldi Félagsdómur að óheimilt væri að knýja fram gerð slíks stofnanasamnings með verkfalli. Gat hér engu breytt að FÍN hafi í viðræðum um gerð nýs aðalkjarasamnings gert m.a. þá kröfu að viðræður um gerð stofnanasamnings skyldu ekki fara fram undir friðarskyldu, en slíkt ákvæði gæti fyrst orðið virkt í nýjum aðalkjarasamningi ef um það semst milli aðila. Aðrar kröfur sem FÍN hafði gert í umræddum viðræðum um gerð nýs aðalkjarasamnings gátu heldur ekki breytt þessu. Var það álit Félagsdóms að FÍN hefði verið óheimilt að boða til verkfalls í því skyni að knýja á um gerð stofnanasamnings milli félagsmanna FÍN og Landspítala háskólasjúkrahúss og var því hið boðaða verkfall ekki samrýmanlegt ákvæðum 1. mgr. [14.](#) gr. laga nr. 94/1986. Því var fallast á kröfu Í og viðurkennt að boðað verkfalli væri ólöglegt.

*Fd. 3. nóvember 2011 í máli nr. [12/2011](#). Íslenska ríkið gegn Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Boðun verkfalls. Atkvæðagreiðsla.*

Sjá reifun við [15.](#) gr.

*Fd. 23. júní 2002 í máli nr. [8/2002](#). Fjármálaráðherra gegn Læknafélagi Íslands og Félagi ungra lækna. Friðarskylda.*

Félag ungra lækna var bundið af þeim kjarasamningi sem Læknafélag Íslands hafði gert við fjármálaráðherra. Boðuð vinnustöðvun var því í andstöðu við [14.](#) gr.

Fd. 16. janúar 2002 í máli nr. 1/2002. Íslenska ríkið gegn Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Yfirvinnubann.

Ríkið hélt því fram að boðað yfirvinnubann FÍF væri ekki verkfall í skilningi 14. gr. Tekið fram að yfirvinnubann sé talið vinnustöðvun samkvæmt lögum nr. [80/1938](#), sbr. Fd IX:144. Þegar litið var til breytinga á 2. mgr. 14, sbr. 1. gr. laga nr. [67/2000](#) var yfirvinnubann talið heimilt á grundvelli verkfallsréttar félagsins.

Fd. 28. september 2000 í máli nr. 9/2000 (XI:610). Íslenska ríkið gegn ASÍ vegna Verkamannasambands Íslands f.h. verkalýðsfélagsins Bárunnar-Þórs. Verkfallsheimild. Gildissvið laga nr. [33/1915](#).

Tekið fram að verkfallsréttur væri meginregla og sætti þeim takmörkunum einum sem greindar væru í lögum og af því leiddi að undantekningar frá þeirri meginreglu bæri að skýra þröngt. Væri regla þessi áréttuð í 48. gr. laga nr. [70/1996](#). Í ljósi þessarar reglu yrði ekki talið að lög nr. [33/1915](#) tækju fyrir þann rétt, hvorki samkvæmt berum orðum né skýringum á þeim með tilliti til yngri laga. Þótti ekki skipta máli hvort lög nr. [80/1938](#) eða lög nr. 94/1986 ættu við í málinu.

Fd. 21. október 1999 í máli nr. 7/1999 (XI:476). Launanevnd sveitarfélaga f.h. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara. Fjöldauppsagnir.

Tekið var upp ákvæði 4. gr. laga nr. [75/1996](#) er breytti ákvæðum laga nr. [80/1938](#) og sagt að engin sambærileg breyting hefði verið gerð á ákvæðum laga nr. 94/1986. Í niðurstöðum Félagsdóms segir að þrátt fyrir að gögn málsins beri með sér að um fjöldauppsagnir hafi verið að ræða hjá leikskólakennurum í Árborg yrði þeim uppsögnum, án skýrra lagaákvæða ekki jafnað til aðgerða sem jafna megi til vinnustöðvunar og brots á friðarskyldu.

Fd. 19. janúar 1994 í máli nr. 1/1994 (X:153). VSÍ f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf. gegn BSRB vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og til réttargæslu ASÍ vegna 8 aðildarfélaga.

SVR hf. tók við eignum og rekstri SVR. Ágreiningur reis um ráðningarkjör þeirra starfsmanna SVR hf. sem áður störfuðu hjá SVR. Er samningaviðræður báru ekki árangur boðaði S til verkfalls. S var stéttarfélag skv. lögum nr. 94/1986 og SVR hf. aðili að VSÍ og bundið af gildandi kjarasamningum þess við ASÍ. Um þá kjarasamninga fór eftir lögum nr. [80/1938](#). Félagsaðild starfsmanna SVR hf. í S og breytingar á lögum S breyttu þar engu um að boðuð vinnustöðvun S var dæmd ólögmæt. Félagsdómur taldi að S uppfyllt ekki það skilyrði 2. gr. laga nr. [80/1938](#) að vera opið öllum í hlutaðeigandi starfsgrein á félagssvæði þess og gæti því ekki verið lögformlegur samningsaðili skv. 5. gr. þeirra laga. Félagsaðild starfsmanna SVR hf. í S og breytingar á lögum félagsins fengu engu breytt um það. Sératkvæði.

Fd. 20. janúar 1993 í máli nr. 14/1992 (X:1). Fjármálaráðherra gegn Sjúkraliðafélagi Íslands. Ólögmæt vinnustöðvun. Fundarhöld.

Sjúkraliðar sóttu kjarafund 1.-3. des. 1992. Dæmt ólögmæt aðgerð er hafi brotið gegn 14.-21. gr. laga nr. 94/1986.

## 2.2 Dómar Hæstaréttar

Hrd. 13. ágúst 2015 í máli nr. 467/2015. Bandalag háskólamanna gegn íslenska ríkinu. Lög á verkfallsaðgerðir. Félagafrelsi. Samflot. Meðalhóf.

B krafðist þess í máli gegn Í að viðurkennt yrði að átján stéttarfélögum innan raða þess væri, þrátt fyrir ákvæði 1., 2. og 3. gr. laga nr. [31/2015](#) um kjaramál félagsmanna tiltekinn stéttarfélag innan B og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, heimilt að efna til verkfalls og að kjör félagsmanna þessara félaga yrðu ekki afraðin með ákvörðun gerðardóms samkvæmt sömu lögum. Í dómnum kom fram að



starfsemi, sem haldið hefði verið uppi á heilbrigðisstofnunum í skjóli undanþága frá verkfallsaðgerðum félaganna, hefði ekki nægt til að girða fyrir alvarlega ógn við almannaheill og réttindi alls almennings til að fá aðstoð vegna sjúkleika, sem Í bæri að tryggja samkvæmt 1. mgr. 76. gr. [stjórnarskrárinnar](#). Hefðu því verið uppfyllt þau skilyrði, sem 1. mgr. 74. gr. [stjórnarskrárinnar](#) fæli í sér, fyrir því að settar yrðu í lögum takmarkanir á verkfallsrétt félagsmanna í aðildarfélögum B. Mætti líta svo á að fullreynt hefði verið að ljúka kjaradeilu aðila með samningum þegar umræddar takmarkanir voru settar. Í hefði því mátt líta svo á að nauðsynlegt væri að grípa til lagasetningar til að ljúka henni enda yrði ekki séð að önnur úrræði hefðu staðið til boða. Um þá stöðu, að lög nr. [31/2015](#) hafi ekki aðeins tekið til félaga sem stóðu að verkfalli heldur einnig annarra aðildarfélaga B, var vísað til þess að félögin hefðu kosið að neyta réttar samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna til að standa sameiginlega að kröfum gagnvart Í og samningaviðræðum við það auk þess hafa skuldbundið sig innbyrðis til að gera ekki kjarasamning við Í án samráðs við hin. Samkvæmt 1. mgr. 74. gr. [stjórnarskrárinnar](#) bæri Í að virða sjálfsákvörðunarrétt stéttarfélaga í þeim efnum. Þá var talið ljóst af gögnum málsins að aðildarfélög B hefðu kosið að standa sameiginlega að ýmsum aðgerðum til að knýja á um lausn kjaradeilunnar, m.a. með samráði um beitingu verkfallsréttar. Hefði löggjöf, sem aðeins hefði náð til félagsmanna í aðildarfélögum B sem áttu í verkfalli við gildistöku hennar, því ekki girt fyrir að önnur félög hefðu þess í stað efnt til sams konar aðgerða í þágu heildarinnar. Yrði einnig að líta til þess að í umræddum lögum hefði ekki eingöngu verið lagt bann við verkföllum félaganna, heldur einnig kveðið á um sérstaka skipan sem kæmi í stað kjarasamnings við þau. Hefði því eitt verið látið ganga yfir félögin öll. Með vísan til þess var ekki talið unnt að líta svo á að gengið hefði verið lengra en réttmætt var við setningu laga nr. [31/2015](#) og brotið með því gegn grunnreglu íslenskrar stjórnskipunar um meðalhóf. Var Í því sýknað af kröfu B.

## 15. gr.

Boðun verkfalls er því aðeins lögmæt að ákvörðun um hana hafi verið tekin í almennri leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi sem er samningsaðili. Til að samþykkja verkfallsboðun þarf a.m.k. helmingur þeirra félagsmanna, sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hluti þeirra samþykkt hana.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Gert er ráð fyrir að um boðun verkfalls fari fram allsherjaratkvæðagreiðsla eins og nú er samkvæmt samningalögum BSRB. Að tvennu leyti er þó verulegur munur á frumvarpinu og fyrri tilhögun.

Samkvæmt núgildandi lögum snýst atkvæðagreiðsla um sáttatillögu sáttasemjara. Hér er gert ráð fyrir að atkvæðagreiðslan snúist um verkfallsboðunina sjálfa þar sem skylda til framlagningar sáttatillögu er ekki lengur í lögnum. Þá er gert ráð fyrir að verkfallsákvörðunin verði tekin í hverju stéttarfélagi fyrir sig.

Skilyrði til samþykktar á verkfallsboðun eru hin sömu og áður, þ.e. að helmingur félagsmanna greiði atkvæði og meiri hluti þeirra samþykki hana.“

### 2. Dómar

#### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd.10. maí 2015 í máli nr. 17/2015. Íslenska ríkið gegn Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Boðun verkfalls ekki tilkynnt réttum aðila.

Kjarasamningur FHSS og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, með síðari breytingum og viðaukum, rann út hinn 28. febrúar 2015. Hinn 22. apríl 2015 barst Fjársýslu ríkisins tilkynning um boðun verkfalls hjá FHSS. Í tilkynningunni kom fram að á félagsfundi þann sama dag hafi farið fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna FHSS, sem starfi hjá Fjársýslu ríkisins, um boðun ótímabundins verkfalls frá klukkan 00:00 hinn 11. maí 2015. Í tilkynningunni greinir að á kjörskrá hafi verið 35 félagsmenn, 24 þeirra hafi greitt atkvæði og þar af hafi 19 samþykkt boðun ótímabundins verkfalls. Er tekið fram í tilkynningunni að þessi niðurstaða fullnægi kröfum 15. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Kom fram í skýrslu G, fjársýslustjóra ríkisins, við aðalmeðferð málsins að framangreind tilkynning hefði borist honum 22. apríl sl. með rafrænum hætti. Hann hefði síðan óskað eftir því við stefnda að Fjársýslu ríkisins yrðu sendar upplýsingar og gögn um framkvæmd atkvæðagreiðslu um umrædda verkfallsboðun hinn 28. apríl sl. Samkvæmt vitninu S, lögfræðingi hjá kjara- og mannauðssýslu fjármála- og efnahagsráðuneytisins, fékk hún upplýsingar um umrædda verkfallsboðun þegar hún skoðaði heimasíðu BHM 27. apríl sl. Hafi fjármála- og efnahagsráðuneytið þá fyrst orðið hennar áskynja og kvaðst vitnið í kjölfarið hafa óskað eftir frekari upplýsingum um atkvæðagreiðslu um verkfallsboðunina frá FHSS og jafnframt óskað eftir afriti af atkvæðaseðlum. Kvað hún ráðuneytið aldrei hafa fengið formlega tilkynningu um verkfallsboðun frá FHSS. Í svari FHSS við ósk ráðuneytisins um upplýsingar og gögn kom fram að tilkynningar um verkfallsboðun hafi verið sendar ríkissáttasemjara og Fjársýslu ríkisins í samræmi við 16 gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Í stefnu er því lýst að Í hafi með eftirgangsmunum fengið send gögn um hana hinn 29. apríl sl. Þann dag sendi Fjársýsla ríkisins erindi til FHSS þar sem fram kom að tilkynningu um verkfallsboðun samkvæmt 16. gr. laga nr. 94/1986 væri ranglega beint að Fjársýslu ríkisins. Fjársýsla ríkisins innti FHSS eftir viðbrögðum við erindi sínu með tölvupósti hinn 4. maí sl. Í kveður engin svör hafa borist frá FHSS. Í niðurstöðu dómsins kom m.a. fram að ágreiningur aðila að þessu leyti lýtur ekki að því með hvaða hætti stéttarfélag ákveður að boða til vinnustöðvunar, heldur að túlkun á lögmæltum skilyrðum 16. gr. laga nr. 94/1986 um tilkynningu um verkfallsboðun. Verður að skýra þessi skilyrði í ljósi tilgangs þeirra. Leggja verður til grundvallar að slík tilkynning þjóni

þeim tilgangi að gera þeim sem fer með samningsumboðið viðvart um vinnustöðvunina þannig að hann fái ráðrúm til að koma í veg fyrir það tjón sem hlýst af verkfalli með því að gera kjarasamning við viðkomandi stéttarfélag. Þá verður að líta til inntaks verkfallsréttar, en verkfall er gert í þeim tilgangi einum að stuðla að framgangi krafna stéttarfélags í deilu um kjarasamning, sbr. 1. mgr. 14. gr. laga nr. 94/1986. Af þessari ástæðu verður að túlka fyrrgreint ákvæði 16. gr. laga nr. 94/1986 á þá leið að tilkynna beri fjármála- og efnahagsráðherra, sem er samningsaðili Í um gerð kjarasamnings fyrir hönd ríkissjóðs, um fyrirhugað verkfall. Með vísan til dóms Félagsdóms frá 15. október 1984 í málinu nr. 10/1984 varð að líta svo á að misbrestur á því að tilkynna réttum aðila í tæka tíð um fyrirhugaða vinnustöðvun leiði til þess að taka beri til greina kröfu um viðurkenningu á því að verkfallið sé ólöglegt. Gengur sú niðurstaða ekki gegn heimild FHSS til að gera verkfall sem varin er af stjórnarskrá. Féllst dómurinn því á kröfu Í um að verkfallið væri ólöglegt.

*Fd. 6. apríl 2015 í máli nr. 10/2015. Íslenska ríkið gegn Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins. Boðun verkfalls. Hver telst vinnuveitandi.*

Dagana 16.–19. mars 2015 var efnt til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna FHSS um boðun verkfalls. Atkvæðagreiðslan var tvískipt. Annars vegar fór fram atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun meðal félagsmanna FHSS sem starfa hjá Fjársýslu ríkisins og var tekið fram á atkvæðaseðli að verkfallið skyldi vera tímabundið og hefjast 20. apríl 2015 kl. 00:00 og standa til kl. 24:00 hinn 8. maí 2015. Hins vegar fór fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna FHSS sem starfa hjá ríki utan ráðuneyta um boðun tímabundins verkfalls hinn 9. apríl 2015 sem skyldi standa yfir frá kl. 12:00-16:00. FHSS tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytinu um fyrirhuguð verkföll með bréfum, dagsettum 20. mars sl. Í tilkynningu FHSS, sem varðar félagsmenn FHSS er starfa hjá Fjársýslunni, kom fram að 35 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, 91,4% þeirra hefðu tekið þátt og 65,6% samþykkt boðun um verkfall. Í tilkynningu FHSS, sem varðar félagsmenn FHSS er starfa hjá ríki utan ráðuneyta, kom fram að 62 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, 90,3% þeirra hefðu tekið þátt og 73,2% samþykkt boðun um verkfall. Í tilkynningunum er því lýst yfir að með þessu sé fullnægt kröfum 15. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með bréfum til FHSS, dagsettum 25. mars 2015, lýsti Í því yfir að það teldi boðun og atkvæðagreiðslu verkfallanna ekki samræmast ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986 og skoraði Í því á FHSS að afturkalla verkfallsboðanirnar. Ella myndi Í grípa til þeirra lögmæltu úrræða sem því væru tæk. Í bréfi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dagsettu 26. mars 2015, gerði P, formaður Bandalags háskólamanna, grein fyrir umræddum atkvæðagreiðslum og því áliti félagsins að þær hefðu verið í samræmi við lög. Í byggði kröfu sína um að viðurkennt yrði að framangreind verkföll væru ólögmat á því að fyrir liggi að ekki hafi allir félagsmenn FHSS tekið þátt í framangreindum atkvæðagreiðslum um verkfallsboðun. Hafi félagsmenn FHSS sem starfi hjá ríkinu verið 473 um síðustu áramót en samkvæmt umræddum verkfallboðunum FHSS hafi annars vegar 62 og hins vegar 35 félagsmönnum verið gefinn kostur á að greiða atkvæði um verkfallsboðanirnar. Þar með hafi ekki verið uppfyllt það skilyrði fyrri málsliðar 15. gr. laga nr. 94/1986 að ákvörðun um verkfallsboðun hafi verið tekin í almennri leynilegri allsherjaratkvæðagreiðslu í hverju stéttarfélagi sem er samningsaðili. Jafnframt bendir Í á að í síðari málslið sömu lagagreinar komi skýrlega fram að svo verkfallsboðun teljist lögmæt, þurfi að minnsta kosti helmingur þeirra félagsmanna, sem starfa hjá þeim sem verkfallið beinist gegn, að hafa tekið þátt í atkvæðagreiðslunni. Beri að túlka orðalagið „þeim sem verkfallið beinist gegn“ í 15. gr. til samræmis við skýrt gildissvið laganna og jafnframt með hliðsjón af 3. gr. þeirra þar sem skýrt komi fram að það sé fjármálaráðherra sem fari með fyrirsvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga. Vísi tilvitnað orðalag ákvæðisins þannig til Í sjálfs en ekki til einstakra vinnustaða. Þar sem atkvæðagreiðsla F hafi beinst að Fjársýslu ríkisins og Í, hafi hún ekki verið í samræmi við ákvæði síðari málsliðs 15. gr. laganna. Í niðurstöðu dómsins sagði m.a. að þegar litið væri og orðalags 15. gr. laga nr. 94/1986 verði að leggja til grundvallar að þeim einum beri að taka þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem starfa hjá vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur tekur til. Samkvæmt framansögðu telst viðkomandi ríkisstofnun vera vinnuveitandi starfsmannanna í þessum skilningi en ekki ríkið sjálft. Ágreiningslaust virðist að áðurgreindar niðurstöður atkvæðagreiðslna þeirra, sem mál þetta lýtur að, sýni að meira en helmingur félagsmanna í FHSS, sem starfa annars vegar hjá Fjársýslu ríkisins og hins vegar hjá ríki utan ráðuneyta, hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunum og meiri hluti

þeirra hafi samþykkt framangreind boðuð verkföll á hvorum vinnustað fyrir sig. Töldust framangreind verkföll FHSS því lögmat.

*Fd. 6. apríl 2015 í máli nr. 11/2015. Íslenska ríkið gegn Félagi íslenskra náttúrufræðinga. Boðun verkfalls. Hver telst vinnuveitandi.*

Dagana 16.–19. mars sl. var efnt til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna FÍN um boðun verkfalls. Atkvæðagreiðslan var þrískipt. Í fyrsta lagi fór fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna FÍN sem starfa á Landspítala og var tekið fram á atkvæðaseðli að það skyldi vera ótímabundið og hefjast hinn 7. apríl 2015 kl. 00:00. Þá fór einnig fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna FÍN, sem starfa hjá ríkinu, um boðun tímabundins verkfalls hinn 9. apríl 2015 sem skyldi standa yfir frá kl. 12:00-16:00. Loks fór fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna FÍN, sem starfa hjá Matvælastofnun, um boðun ótímabundins verkfalls frá 20. apríl 2015 kl. 00:00. FÍN tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytinu um fyrirhuguð verkföll með bréfum, dagsettum 20. mars sl. Í tilkynningu FÍN, sem varðar félagsmenn hans er starfa hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi kom fram að 75 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, 82,7% þeirra hefðu greitt atkvæði og 82,3% samþykkt boðun um verkfall. Í tilkynningu FÍN, sem varðar félagsmenn hans er starfa hjá Matvælastofnun, kom fram að 12 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, 100% þeirra hefðu tekið þátt og 100% samþykkt boðun um verkfall. Í tilkynningu FÍN, sem varðar félagsmenn hans er starfa hjá ríkinu kom fram að 591 félagsmaður hefði verið á kjörskrá, 77,3% þeirra hefðu greitt atkvæði og 82,7% samþykkt boðun um verkfall. Í tilkynningunum er því lýst yfir að með þessu sé fullnægt kröfum 15. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með bréfum til FÍN, dagsettum 25. mars 2015, lýsti Í því yfir að hann teldi boðun og atkvæðagreiðslu verkfallanna ekki samræmast ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986 og skoraði stefnandi því á stefnda að afturkalla verkfallsboðanirnar. Ella myndi Í grípa til þeirra lögmatu úrræða sem því væru tæk. Í bréfi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dagsettu 26. mars 2015, gerði P, formaður Bandalags háskólamanna, grein fyrir umræddum atkvæðagreiðslum og því álitu félagsins að þær hefðu verið í samræmi við lög. Í niðurstöðu dómsins sagði m.a. að þegar litið væri til orðalags 15. gr. laga nr. 94/1986 verði að leggja til grundvallar að þeim einum beri að taka þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem starfa hjá vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur tekur til. Samkvæmt framansögðu telst viðkomandi ríkisstofnun vera vinnuveitandi starfsmannanna í þessum skilningi en ekki ríkið sjálft. Ágreiningslaust virðist að áðurgreindar niðurstöður atkvæðagreiðslna þeirra, sem mál þetta lýtur að, sýni að meira en helmingur félagsmanna í FÍN, sem starfa hjá í fyrsta lagi Landspítala háskólasjúkrahúsi, í öðru lagi Matvælastofnun, og í þriðja lagi ríkinu, hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunum og meiri hluti þeirra samþykkt framangreind verkföll á hverjum vinnustað fyrir sig. Töldust framangreind verkföll FÍN því lögmat.

*Fd. 6. apríl 2015 í máli nr. 12/2015. Íslenska ríkið gegn Stéttarfélagi háskólamanna á matvæla- og neringarsviði. Boðun verkfalls. Hver telst vinnuveitandi.*

Dagana 16.–19. mars sl. var efnt til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna S um boðun verkfalls. Atkvæðagreiðsla fór fram meðal félagsmanna S sem starfa hjá Matvælastofnun og var tekið fram á atkvæðaseðli að það skyldi vera ótímabundið og hefjast 20. apríl 2015 kl. 00:00. Í greinargerð Í er jafnframt gerð grein fyrir því að einnig hefði verið efnt til atkvæðagreiðslu um tímabundið verkfall 9. apríl 2015. S tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytinu um fyrirhuguð verkfall með bréfi, dagsettu 20. mars sl. Í tilkynningu S sem varðar félagsmenn hans er starfa hjá Matvælastofnun kom fram að 13 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, 92,3% þeirra hefðu tekið þátt og 91,7% samþykkt boðun um verkfall. Jafnframt var því lýst yfir að með þessu hafi verið fullnægt kröfum 15. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með bréfi til S, dagsettu 25. mars 2015, lýsti Í því yfir að hann teldi boðun og atkvæðagreiðslu verkfallsins ekki samræmast ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986 og skoraði Í því á S að afturkalla verkfallsboðunina. Ella myndi Í grípa til þeirra lögmatu úrræða sem því væru tæk. Í bréfi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dagsettu 26. mars 2015, gerði P, formaður Bandalags háskólamanna, grein fyrir atkvæðagreiðslunni og því álitu félagsins að hún hefði verið í samræmi við lög. Í niðurstöðu dómsins sagði m.a. að þegar litið væri til orðalags 15. gr. laga nr. 94/1986 verði að leggja til grundvallar að þeim einum beri að taka þátt í atkvæðagreiðslu um

verkfallsboðun sem starfa hjá vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur tekur til. Samkvæmt framansögðu telst viðkomandi ríkisstofnun vera vinnuveitandi starfsmannanna í þessum skilningi en ekki ríkið sjálft. Ágreiningslaust virðist að áðurgreindar niðurstöður atkvæðagreiðslu þeirrar, sem mál þetta lýtur að, sýni að meira en helmingur félagsmanna í S, sem starfa hjá Matvælastofnun, hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hluti þeirra hafi samþykkt framangreint boðað verkfall. Taldist framangreint verkfall S því lögmætt.

*Fd. 6. apríl 2015 í máli nr. 13/2015. Íslenska ríkið gegn Stéttarfélagi lögfræðinga. Boðun verkfalls. Hver telst vinnuveitandi.*

Dagana 16.–19. mars sl. var efnt til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna SL um boðun verkfalls. Atkvæðagreiðslan var tvískipt. Annars vegar fór fram atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun meðal félagsmanna SL sem starfa hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu og var tekið fram á atkvæðaseðli að hún skyldi vera ótímabundin og hefjast 7. apríl 2015 kl. 00:00. Hins vegar fór fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna SL sem starfa hjá ríki um boðun tímabundins verkfalls hinn 9. apríl 2015 sem skyldi standa yfir frá kl. 12:00-16:00. SL tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytinu um fyrirhuguð verkföll með bréfum, dagsettum 20. mars sl. Í tilkynningu SL, sem varðar félagsmenn SL er starfa hjá Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu, kom fram að 27 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, 27 þeirra eða 96,3% hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, 26 eða 88,5% hefðu samþykkt boðun um verkfall, enginn hefði sagt nei og ógildir seðlar hefðu verið 3 eða 11,5%. Í tilkynningu SL, sem varðar félagsmenn SL er starfa hjá ríki, kom fram að 310 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, 241 þeirra eða 77,5% hefðu tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, 170 eða 70,5% hefðu samþykkt boðun um verkfall, 57 eða 23,7% hefðu sagt nei og ógildir seðlar hefðu verið 14 eða 5,8%. Í tilkynningunum er því lýst yfir að með þessu sé fullnægt kröfum 15. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með bréfum til SL, dagsettum 25. mars 2015, lýsti Í því yfir að hann teldi boðun og atkvæðagreiðslu verkfallanna ekki samræmast ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986 og skoraði Í því á SL að afturkalla verkfallsboðanirnar. Ella myndi Í grípa til þeirra lögmæltu úrræða sem því væru tæk. Í bréfi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dagsettu 26. mars 2015, gerði P, formaður Bandalags háskólamanna, grein fyrir umræddum atkvæðagreiðslum og því álitum félagsins að þær hefðu verið í samræmi við lög. Í niðurstöðu dómsins kom m.a. fram að þegar litið væri til orðalags 15. gr. laga nr. 94/1986 verði að leggja til grundvallar að þeim einum beri að taka þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem starfa hjá vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur tekur til. Samkvæmt framansögðu telst viðkomandi ríkisstofnun vera vinnuveitandi starfsmannanna í þessum skilningi en ekki ríkið sjálft. Ágreiningslaust virðist að áðurgreindar niðurstöður atkvæðagreiðslna þeirra, sem mál þetta lýtur að, sýni að meira en helmingur félagsmanna í SL, sem starfa annars vegar hjá sýslumannsembættinu á höfuðborgarsvæðinu og hins vegar hjá ríki, hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunni og meiri hluti þeirra hafi samþykkt framangreind boðuð verkföll varðandi hvorn vinnustað fyrir sig. Töldust verkföll SL því lögmæt.

*Fd. frá 6. apríl 2015 í máli nr. 14/2015. Íslenska ríkið gegn Ljósmeðrafélagi Íslands. Boðun verkfalls. Hver telst vinnuveitandi.*

Dagana 16.–19. mars sl. var efnt til atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna LMFÍ um boðun verkfalls. Atkvæðagreiðslan var þrískipt. Í fyrsta lagi fór fram atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun meðal félagsmanna LMFÍ sem starfa á Landspítala og var tekið fram á atkvæðaseðli að það skyldi vera ótímabundið og hefjast 7. apríl 2015. Var verkfallinu ætlað að standa frá kl. 00:00 og standa til kl. 24:00 alla þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Þá fór einnig fram atkvæðagreiðsla með félagsmanna, sem starfa hjá ríki, um boðun tímabundins verkfalls hinn 9. apríl 2015 frá kl. 12:00 til kl. 16:00. Að auki fór fram atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna LMFÍ, sem starfa hjá Sjúkrahúsínu á Akureyri um boðun ótímabundins verkfalls frá 9. apríl 2015 og var verkfallinu ætlað að vara frá kl. 00:00 til kl. 24:00 alla mánudaga og fimmtudaga. LMFÍ tilkynnti fjármála- og efnahagsráðuneytinu um fyrirhuguð verkföll með bréfum, dagsettum 20. mars sl. Í tilkynningu LMFÍ, sem varðar félagsmenn LMFÍ er starfa hjá Landspítala háskólasjúkrahúsi, kom fram að 135 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, svarhlutfall hefði verið 79,3%, 83 eða 77,60 hefðu sagt já, 21 eða 19,6% hefðu sagt nei og auðir atkvæðaseðlar hefðu verið 3 eða 2,8%. Í tilkynningu LMFÍ, sem varðar félagsmenn LMFÍ

er starfa hjá ríki, kom fram að 84 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, svarhlutfall hefði verið 60,7%, 46 eða 90,2% hefðu sagt já, 2 eða 3,9% hefðu sagt nei og auðir atkvæðaseðlar hefðu verið 3 eða 5,9%. Í tilkynningu LMFÍ, sem varðar félagsmenn LMFÍ er starfa hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri, kom fram að 17 félagsmenn hefðu verið á kjörskrá, svarhlutfall hefði verið 70,6%, 11 eða 91,7% hefðu sagt já, einn eða 8,6% hefði sagt nei og enginn auður atkvæðaseðill. Í tilkynningunum er því lýst yfir að með þessu sé fullnægt kröfum 15. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Með bréfum til LMFÍ, dagsettum 25. mars 2015, lýsti Í því yfir að hann teldi boðun og atkvæðagreiðslu verkfallanna ekki samræmast ákvæði 15. gr. laga nr. 94/1986 og skoraði Í því á LMFÍ að afturkalla verkfallsboðunina. Ella myndi Í grípa til þeirra lögmæltu úrræða sem því væru tæk. Í bréfi til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dagsettu 26. mars 2015, gerði P, formaður Bandalags háskólamanna, grein fyrir umræddum atkvæðagreiðslum og því álitum félagsins að þær hefðu verið í samræmi við lög. Í niðurstöðu dómsins sagði m.a. að þegar litið væri til orðalags 15. gr. laganna verði að leggja til grundvallar að þeim einum beri að taka þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem starfa hjá vinnuveitanda eða vinnuveitendum, sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur tekur til. Samkvæmt framansögðu telst viðkomandi ríkisstofnun vera vinnuveitandi starfsmannanna í þessum skilningi en ekki ríkið sjálft. Ágreiningslaust virðist að áðurgreindar niðurstöður atkvæðagreiðslna þeirra, sem mál þetta lýtur að, sýni að meira en helmingur félagsmanna í LMFÍ, sem starfa hjá í fyrsta lagi Landspítala háskólasjúkrahúsi, í öðru lagi hjá ríki og í þriðja lagi hjá Sjúkrahúsi Akureyrar hafi tekið þátt í atkvæðagreiðslunum og meiri hluti þeirra hafi samþykkt framangreind boðuð verkföll varðandi hvern vinnustað fyrir sig. Töldust framangreind verkföll LMFÍ því lögmæt.

*Fd. 3. nóvember 2011 í máli nr. 12/2011. Íslenska ríkið gegn Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Framkvæmd atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls.*

S tilkynnti Í um boðun vinnustöðvana í nóvember og desember 2011. Í lýsti því yfir að framkvæmd atkvæðagreiðslu um boðaðar vinnustöðvanir hefði ekki farið fram réttan hátt og yrði vinnustöðvun samkvæmt henni ólögmæt ef til hennar kæmi. S mótmælti þessum skilningi Í og lýsti því yfir að boðuð vinnustöðvun myndi koma til framkvæmda. Fyrir Félagsdóm hélt Í því fram að við framkvæmd atkvæðagreiðslu hefði ekki verið fylgt þeim reglum sem mæla fyrir um hvernig staðið skyldi að löglegri vinnustöðvun til að stuðla að framgangi krafna í deilu um kjarasamning skv. 14. gr. laga nr. 94/1986. Hélt Í því fram að í 15. gr. laga nr. 94/1986 væri boðun verkfalls í eintölu en vinnustöðvun S nái til fjölda sjálfstæðra vinnustöðvana. Leit Í því svo á að samkvæmt orðanna hljóðan hefðu félagsmenn S átt að kjósa um hverja vinnustöðvun fyrir sig en ekki í einu lagi, eins og framkvæmd S var og atkvæðaseðill bar með sér. Fram kom í niðurstöðu dómsins að í lögum nr. 94/1986 væri ekki til að dreifa neinum nánari ákvæðum um atkvæðagreiðslu félagsmanna um verkfallsboðun en greinir í 15. gr. laganna og samkvæmt lögskýringargögnum um forsögu þessa ákvæðis var ekki gerð krafa um ákveðið form við atkvæðagreiðslu vegna verkfallsboðunar. Í dómnum sagði jafnframt að samkvæmt vinnurétti væri almenn regla að stéttarfélag hefðu nokkuð frjálsar hendur um að ákveða hve víðtæk vinnustöðvun væri og um framkvæmd hennar að öðru leyti. Ljóst væri að lögboðin atkvæðagreiðsla um verkfallsboðun yrði að vera fullnægjandi þannig að tryggt væri að afstaða viðkomandi félagsmanna lægi fyrir með skýrum og ótvíræðum hætti. Boðað verkfall S fæli í sér að félagsmenn S, leggðu niður venjuleg störf sín að hluta til á því tímabili sem tiltekið var í verkfallsboðuninni en gengu að öðru leyti til verka á tímabilinu. Þótti dómnum því eðlilegt að virða hina boðuðu verkfallsaðgerð heildstætt sem eina vinnustöðvun en ekki sem fleiri sjálfstæðar vinnustöðvanir og féllst ekki á að þeir ágallar hafi verið á atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem Í hélt fram, enda bar þá engin nauðsyn til þess að fram færi sérstök atkvæðagreiðsla um hverja verkfallslotu samkvæmt verkfallsboðuninni. Var S því sýknað af kröfu Í.

*Fd. 30. maí 2001 í máli nr. 12/2001. Fjármálaráðherra gegn Proskapjálfafélagi Íslands. Framkvæmd atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls. Starfsmenn sjálfseignarstofnana.*

P. hafði boðað til verkfalls hjá íslenska ríkinu og sjálfseignarstofnunum. Af orðalagi 15. gr. og 1. mgr. 23. gr. varð ráðið að þeir einir tækju þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem starfa hjá þeim vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur

tekur til. Þ gat ekki sýnt fram á að rétt hefði verið að láta félagsmenn þess hjá tilgreindum sjálfseignarstofnunum taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Fd. 29. maí 2001 í máli nr. 13/2001. Fjármálaráðherra gegn Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Framkvæmd atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls.

Tekið fram að í lögum nr. 94/1986 væru ekki til að dreifa neinum nánari ákvæðum um atkvæðagreiðslu félagsmanna um verkfallsboðun en greinir í 15. gr. laganna. Samkvæmt lögskýringargögnum um forsögu þess ákvæðis væri ekki gerð krafa um ákveðið form við atkvæðagreiðslu vegna verkfallsboðunar. Af orðalagi ákvæðisins og 1. mgr. 23. gr. yrði á hinn bóginn ráðið að þeir einir taki þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem starfa hjá þeim vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur tekur til. Talið að þátttaka starfsmanna St Franciskusspítali hefði verið í samræmi við framangreind fyrirmæli.

Fd. 11. apríl 1988 í máli nr. 5/1988 (IX:224). Hið íslenska kennarafélag gegn fjármálaráðherra. Framkvæmd atkvæðagreiðslu, hvort auðir sedlar skuli taldir með.

Óhjákvæmilegt sé að skýra ákvæði 15. gr. á þá leið að til boðunar verkfalls verði meiri hluti þeirra sem greitt hafa atkvæði í slíkri atkvæðagreiðslu, að hafa á ótvíræðan hátt lýst vilja sínum til að fara í verkfall. Ákvæði greinarinnar um samþykki meiri hluta þátttakenda til verkfallsboðunar áskilur því samþykki hreins meiri hluta allra sem skila atkvæðaseðli í slíkri atkvæðagreiðslu.

Fd. 5. apríl 1988 í máli nr. 4/1988 (IX:218). Kennarasamband Íslands gegn fjármálaráðherra. Atkvæðagreiðsla um heimild til boðunnar verkfalls.

Orðalag atkvæðaseðils bent til þess að atkvæðagreiðsla hefði ekki verið um boðun verkfalls, sem hefjast skyldi á tilteknum tíma. Þess í stað fjallaði atkvæðagreiðslan um veitingu heimildar til að boða verkfall. Sératkvæði.

Fd. 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987 (IX:173). Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Félagi íslenskra flugumferðarstjóra. Ólögmat vinnustöðvun flugumferðarstjóra. Atkvæðagreiðsla um heimild til boðunnar verkfalls.

Félagsmenn í FÍF höfðu greitt atkvæði um að heimila stjórn félagsins að boða til verkfalls. Tekið fram að FÍF hefði ekki staðið löglega að boðun verkfallsins. Framsal á slíku ákvörðunarvaldi væri ekki heimil, sbr. 15. gr.

Fd. 13. mars 1986 í máli nr. 1/1986 (IX:122). Fjármálaráðherra gegn ASÍ f.h. Sveinafélags rafeindavirkja. Einhliða uppsögn ráðningarkjara.

Tekið fram að einhliða yfirlýsing um uppsögn ráðningarkjara hafi ekki þau réttaráhrif, að staða umræddra rafeindavirkja sem opinberra starfsmanna breytist að eðli til þannig að lög nr. 38/1954 taki ekki lengur til þeirra né lög nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

**16. gr.**

**Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast.**

**Verkfallsboðun skal vera skrifleg og kynnt viðtakanda á sannanlegan hátt.**

***1. Lögskýringargögn***

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Greinin er samhljóða 19. gr. gildandi laga um [BSRB](#).“



## 17. gr.

**Óheimilt er að hefja vinnustöðvun:**

- 1. Ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans.**
- 2. Ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma eða framkvæma ekki athafnir sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir þar sem stjórnvöld eru aðili sem vinnuveitandi.**
- 3. Til styrktar ólögmati vinnustöðvun.**

### *1. Lögskýringargögn*

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Efni greinarinnar er hliðstætt 20. gr. núgildandi laga um [kjarasamninga BSRB](#). Þær breytingar eru gerðar að 3. tölul. þeirra laga er felldur niður og sömuleiðis bann við samúðarverkföllum. Efni 3. tölul. greinarinnar er sótt í lög um [stéttarfélög og vinnudeilur](#).“

### *1.1 Úr nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar*

#### **„Minnismiði**

um verkfallsákvæði í 14. og 17. grein frumvarps tillaga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Í framhaldi af framlagningu frumvarpsins hafa fjármálaráðuneytið og fulltrúar BSRB, BHMR og BK, sem að undirbúningi þess unnu, rætt um ákvæði 14. og 17. gr. með tilliti til samúðarverkfalla.

Í 14. gr. frumvarpsins er heimild til verkfalls miðuð við að verkfalli sé beitt til að stuðla að framgangi krafna félags í kjaradeilu. Í 17. gr. eru tilgreindar takmarkanir á beitingu verkfalls með sama hætti og í lögum nr. [80/1938](#).

Greinar þessar eru að mestu efnislega samhljóða 14. og 17. gr. laga nr. [80/1938](#), um stéttarfélög og vinnudeilur. Þeim lögum eru engin sérstök ákvæði um samúðarverkföll en þau hafa engu að síður og þrátt fyrir orðalag 14. gr. þeirra laga verið talin heimil.

Við samningu frumvarpsins var rætt um það efni en svo virðist að ekki hafi legið fyrir ótvíræður sameiginlegur skilningur aðila á heimild til slíkra verkfalla.

Aðilar hafa orðið sammála um að rétt sé að í þessu efni gildi sömu réttarreglur og hjá öðrum stéttarfélögum, sbr. þó sérreglur frumvarpsins um boðun og framkvæmd verkfalls hjá opinberum starfsmönnum. Með hliðsjón af því leggja þeir einnig til að 14. og 17. gr. frumvarpsins verði óbreyttar frá því sem nú er og þar með efnislega hliðstæðar samsvarandi greinum í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.“

## 18. gr.

Boðað verkfall tekur til allra starfsmanna í viðkomandi stéttarfélagi hjá þeim vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn, annarra en þeirra sem óheimilt er að leggja niður störf samkvæmt lögum þessum.

Þegar verkfall er löglega hafið er þeim sem það beinist gegn óheimilt að stuðla að því að afstýra því með aðstoð einstakra félagsmanna þess félags sem að verkfallinu stendur.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Fyrri málsgrein þessarar greinar kveður á um að verkfall taki til allra starfsmanna, þ.e. að allsherjarverkfall verði í viðkomandi stéttarfélagi. Hliðstæð ákvæði eru í gildandi lögum en miðast þá við allt BSRB.

Síðari málsgrein þessarar greinar er efnislega sótt í lög um [stéttarfélög og vinnudeilur](#) og er við það miðað að í þessu efni gildi sömu meginreglur og gilda milli þeirra aðila sem semja samkvæmt þeim lögum.“

## 19. gr.

[Heimild til verkfalls skv. [14. gr.](#) nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

1. [Þeirra embættismanna og annarra starfsmanna ríkisins sem heyra undir [kjararáð].<sup>16,17</sup>
2. Starfsmanna Alþingis og stofnana þess, svo og starfsmanna á skrifstofu forseta Íslands og í Stjórnarráði, þar með talinna starfsmanna utanríkisþjónustunnar.
3. Starfsmanna Hæstaréttar og héraðsdómstóla.
4. Starfsmanna við embætti ríkissaksóknara, ríkislögmans, ríkissáttasemjara og umboðsmanns barna.
5. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
6. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
7. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
8. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 6. og 7. tölul.<sup>18</sup>

Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu [ráðherra]<sup>19</sup> og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélög, birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði [5.–8. tölul.]<sup>20</sup> fyrri málsgreinar þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skráum skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

Grein þessi er ný og er að hluta til hliðstæð ákvæðum sem eru í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins annars vegar og reglugerð um kjarasamninga sveitarfélaga hins vegar. Að öðru leyti leysir hún ásamt 20. gr. af hólmi ákvæði í núgildandi lögum um kjarasamninga BSRB sem fjalla um kjaradeilunefnd og verkefni hennar.

Í 1.-6. tölul. eru taldir upp þeir starfsmenn sem óheimilt er að geri verkfall.

Í 1. tölul. er vísað tillaga nr. [38/1954](#), um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, en í 29. gr. þeirra laga eru talin upp ýmis störf sem eru undanþegin verkfalli. Af hálfu fjármálaráðherra er gert ráð fyrir því að flutt verði sérstakt frumvarp um breytingu á þeim lögum þess efnis að inn í þá upptalningu starfa, sem nú er fyrir, bætist þeir starfsmenn stjórnarráðsins sem ekki er þegar þar að finna svo og starfsmenn ríkissaksóknara og ríkislögmanssembættisins. Fulltrúar heildarsamtakanna eru ekki meðmæltir breytingu þessari en telja hana þó ekki frágangssök.

<sup>16</sup> L. [47/2006](#), 13. gr.

<sup>17</sup> L. [150/1996](#), 4. gr.

<sup>18</sup> L. [70/1996](#), 56. gr.

<sup>19</sup> L. [126/2011](#), 117. gr.

<sup>20</sup> L. [70/1996](#), 56. gr.

Í 2. tölul. er getið lögreglumanna ríkisins en samkvæmt frumvarpi, sem lagt hefur verið fram á Alþingi, er gert ráð fyrir að þeim sé óheimilt að gera verkfall. Ákvæði þeirra laga taka til lögreglumanna og tollvarða. Það frumvarp er flutt að undangengnu samkomulagi við stéttarfélag þessara starfsmanna og vísast um rökstuðning í því efni til greinargerðar með því frumvarpi.

Í undirbúningi að þessari löggjöf um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafa fulltrúar BSRB ítrekað andstöðu sína gegn þessari breytingu og lagt til að lögreglumenn og tollverðir yrðu undanskildir verkfalli með sama hætti og þær starfsstéttir sem sinna öðrum öryggisgæslustörfum eða heilbrigðisþjónustu, sbr. 3. tölul. þessarar greinar.

Í 3. tölul. er kveðið á um að þeim sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu skuli eigi heimilt að taka þátt í verkfalli. Efnislega er hér hliðstætt ákvæði og nú er í lögum um [kjarasamninga BSRB](#) en í stað þess, að í þeim lögum var sérstakri nefnd, kjaradeilunefnd, falið að úrskurða hverjir skyldu starfa á grundvelli þessa ákvæðis, er hér farin sú leið að birtur verður árlega listi um störf þessi sem byggður er á samkomulagi aðila.

Tilgangurinn með þessari breytingu er sá að losna við þær deilur sem snerust um störf þeirrar nefndar í síðasta verkfalli og ætla má að erfitt sé að útiloka að upp komi ef slík nefnd er að störfum þegar verkfall er skolið á.

Fylgiskjal með frumvarpinu er listi um þau störf sem aðilar eru sammála um að eigi að skipa slíka skrá. Skrá þessum er síðan ætlað að vera fyrirmynd að hliðstæðum listum sem ekki hefur unnist tími til að fullgera.

Með samkomulagi aðila um stefnumarkandi skrá og samráð er dregið úr hættu á ágreiningi um viðkvæm og vandasöm mál.

Gert er ráð fyrir árlegri endurskoðun á skrá þessum í samráði aðila. Samkomulag er um að þær verði birtar í B-deild Stjórnartíðinda. Verði ágreiningur um einstakar breytingar er gert ráð fyrir að þær verði lagðar fyrir Félagsdóm er skeri úr honum til fullnustu. Ákvæði þessa töluliðar þarf að skoða í tengslum við efni 20. gr. sem fjallar um aðra þætti undanþágumála.

Efni 4.-6. tölul. er tekið úr núgildandi reglugerð um samninga sveitarfélaga og eiga þeir sér efnislega hliðstæðu í störfum hjá ríkinu sem falla undir 1. tölul. Gert er ráð fyrir að á lista yfir forstöðumenn atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga verði stofnanir sem eru hliðstæðar þeim ríkisstofnunum sem undir sams konar ákvæði falla en listi yfir þær hefur verið gerður og er fylgiskjal með frumvarpi þessu.

### **1.1 Breytingar við 2. umræðu í neðri deild og 3. umræðu í efri deild**

Úr nefndaráliti fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar:

„Nefndin flytur að beiðni sömu aðila breytingartillögu við 19. gr. á sérstöku þingskjali.“

Breytingartillaga fjárhags- og viðskiptanefndar neðri deildar við 19. gr. Síðari mgr. orðist svo:

„Fyrir 1. febrúar ár hvert skulu fjármálaráðherra og sveitarfélög, að undangengnu samráði við viðkomandi stéttarfélag, birta skrár um störf þau sem falla undir ákvæði 3.-6. tölul. fyrri mgr. þessarar greinar. Ný skrá tekur gildi 15. febrúar næst eftir birtingu. Sé ný skrá ekki birt samkvæmt framangreindu framlengist síðast gildandi skrá um eitt ár. Andmæli gegn breytingum á skrá skulu borin fram fyrir 1. mars sama ár og skal ágreiningur um breytingar lagður fyrir Félagsdóm sem sker úr honum til fullnustu.“

### **1.2 Breytingar eftir 2. umræðu í neðri deild:**

19. gr. hljóðar svo:

„Heimild til verkfalls skv. 14. gr. nær eigi til eftirtalinna starfsmanna:

1. Þeirra sem skipa störf sem talin eru upp í 29. gr. laga nr. [38/1954](#), um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum.

2. Þeirra sem heyra undir lög nr. [56/1972](#), um lögreglumenn ríkisins, með síðari breytingum.
3. Þeirra sem starfa við nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu.
4. Framkvæmdastjóra sveitarfélaga, borgar- og bæjarlögmanna, borgar- og bæjarritara, borgar- og bæjarverkfræðinga, skrifstofustjóra borgarstjórnar og starfsmanna launadeilda.
5. Forstöðumanna stærri atvinnu- og þjónustustofnana sveitarfélaga og staðgengla þeirra.
6. Annarra þeirra er gegna störfum sem öldungis verður jafnað til þeirra starfa sem getið er í 4. og 5. tölul.“

### **1.2 Breytingar eftir 3. umræðu í efri deild:**

Breytingartillaga frá Jóni Kristjánssyni:

„2. tölul. fyrri mgr. 19. gr. orðist svo:

Þeirra, sem heyra undir lög nr. [56/1972](#), um lögreglumenn ríkisins, með síðari breytingum, og lög nr. [38/1973](#), um fangelsi og vinnuhæli, með síðari breytingum.“

## **2. Dómar**

### **2.1 Dómar Félagsdóms**

Fd. 14. október 2015 í máli nr. [15/2015](#). SFR-stéttarfélag í almannþjónustu gegn íslenska ríkinu. Ágreiningur um fjölda starfa. Samráð.

Ágreiningur laut að tilgreindum störfum á skrá Í yfir þau störf sem undanþegin eru verkfallsheimild samkvæmt 5.-8. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. auglýsingu nr. [70 frá 16. janúar 2015](#), sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 29. janúar 2015. Varðaði ágreiningurinn fjölda starfa sem tilgreind voru í skránni. Niðurstaða dómsins var sú að af skrá yfir þau störf hjá stofnunum ríkisins sem eru undanþegin verkfallsheimild sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 70, þann 29. janúar 2015, bar að fella 22 störf af henni.

Fd. 14. október 2015 í máli nr. [22/2015](#). Ljósmaðrafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Laun í verkfalli. Tímabundin verkföll.

Sjá reifun við [9](#). gr.

Fd. 15. maí 2015 í máli nr. [6/2015](#). Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn íslenska ríkinu. Ágreiningur um fjölda starfa. Samráð.

Ágreiningur laut að tilgreindum störfum á skrá Í yfir þau störf sem undanþegin eru verkfallsheimild samkvæmt 5.-8. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. auglýsingu nr. [70 frá 16. janúar 2015](#), sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 29. janúar 2015, sbr. og fyrri skrá nr. [101 frá 17. janúar 2014](#). Varðaði ágreiningurinn 42 störf hjúkrunarfræðing sem tilgreind voru í skránni Niðurstaða dómsins var sú að af skrá yfir þau störf hjá stofnunum ríkisins sem eru undanþegin verkfallsheimild sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 70, þann 29. janúar 2015, bar að fella 16 störf af henni.

Fd. 6. apríl 2015 í máli nr. [7/2015](#). Félag geislafræðinga gegn íslenska ríkinu. Ágreiningur um fjölda starfa.

Ágreiningur laut að tilgreindum störfum á skrá Í yfir þau störf sem undanþegin eru verkfallsheimild samkvæmt 5.-8. tölul. 1. mgr., sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986, sbr. auglýsingu nr. [70 frá 16. janúar 2015](#), sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 29. janúar 2015, sbr. og fyrri skrá nr. [101 frá 17. janúar 2014](#). Varðaði ágreiningurinn þrettán störf geislafræðinga, sem tilgreind eru í skránni, nánar tiltekið tvö störf hjá geislaeðlisfræðideild LSH, eitt hjá geislameðferðardeild sjúkrahússins og tíu störf hjá röntgendeild sjúkrahússins, þ.e. fjögur á dagvakt, fjögur á kvöldvakt og tvö á næturvakt. Niðurstaða dómsins var sú að af skrá yfir þau störf hjá stofnunum ríkisins sem eru undanþegin verkfallsheimild

sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 70, þann 29. janúar 2015, bar að fella eitt starf geislafræðings á geislaeðlisfræðideild Landspítala.

Fd. 6. apríl 2015 í máli nr. 9/2015. Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn íslenska ríkinu. Ágreiningur um fjölda starfa. Samráð.

Ágreiningur laut að tilgreindum störfum á skrá Í yfir þau störf sem undanþegin eru verkfallsheimild samkvæmt 5-8. tölul. 1. mgr. 19. gr., sbr. 2. mgr. sömu greinar, laga nr. 94/1986, sbr. auglýsingu nr. [70 frá 16. janúar 2015](#), sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 29. janúar 2015, sbr. og fyrri skrá nr. [101 frá 17. janúar 2014](#). Við upphaf munnlegs málflutnings við aðalmeðferð málsins féll F frá kröfu sinni um að fellt yrði út af framangreindri skrá starf náttúrufræðings í dagvinnu á rannsóknarsviði/frumulíffræði hjá Landspítala sem er annað starfið sem tilgreint er í kröfugerð F. Þá kom fram í greinargerð Í að það fellst á dómkröfur F að því er varðar starf náttúrufræðings í dagvinnu á lyflækningasviði/rannsóknarstofu í taugalífeðlisfræði á Landspítala sem er fyrsta starfið sem tilgreint er í kröfugerð F í stefnu. Varðar ágreiningur aðila því eitt starf náttúrufræðings á bakvakt á rannsóknarsviði/ónæmisfræðideild Landspítala, eitt starf deildarstjóra í dagvinnu á aðgerðasviði/Blóðbankanum í þjónusturannsóknum og blóðhlutavinnslu, eitt starf snjóflóðasérfræðings á snjóflóðavakt Veðurstofu Íslands, eitt starf fagstjóra á vatnsvárvakt Veðurstofu Íslands, eitt starf jarðvársérfræðings á jarðvárvakt Veðurstofu Íslands og eitt starf líffræðings við bóluafnaframléiðslu/ætagerð á tilraunastöð Háskólans á Keldum. Niðurstaða dómsins var að fallist var á kröfu F að því er varðar störf náttúrufræðings í dagvinnu á lyflækningasviði/rannsóknarstofu í taugalífeðlisfræði hjá Landspítala, svo sem Í hafði fallist á, deildarstjóra í dagvinnu við þjónusturannsóknir og blóðhlutavinnslu á aðgerðasviði Blóðbankans, snjóflóðasérfræðings á snjóflóðavakt Veðurstofu Íslands, fagstjóra á vatnsvárvakt Veðurstofu Íslands og líffræðings á tilraunastöð Háskólans á Keldum. Voru þau störf því felld út af skrá yfir þau störf sem undanþegin eru verkfallsheimild sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda með auglýsingu nr. 70/2015 hinn 29. janúar 2015. Hins vegar var kröfu F hafnað að því er varðar störf náttúrufræðings á rannsóknarsviði/ónæmisfræðideild Landspítala og jarðvársérfræðings á jarðvárvakt Veðurstofu Íslands. Þá lá fyrir að F hafði fallið frá kröfu um að fellt yrði út af umræddri skrá starf náttúrufræðings í dagvinnu á rannsóknarsviði/frumulíffræði Landspítala.

Fd. 20. maí 2001 í máli nr. 11/2001. Reykjavíkurborg gegn Þroskapijálfafélagi Íslands. Verkfallslisti. Samráð.

R krafðist þess að nánar tilgreindir þroskapijálfar féllu undir 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. R hafði birt skrána í Stjórnartíðindum, án samráðs við Þ, en á þeim tíma var ekki í gildi kjarasamningur milli aðila. Þ. gerði síðar athugasemdir við skrána. R aðhafðist ekkert í tilefni af bréfinu. Dómurinn hafnaði m.a. þeirri málsástæðu að það fyrirkomulag sem 5. tölul. 1. mgr. 19. gr. mælti fyrir um væri andstætt stjórnarskránni. Vísaði dómurinn þar m.a. til þess samráðs sem mælt væri fyrir um í greininni og álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. [1747/1996](#) (SUA 1997:246). Um inntak samráðsins vísaði dómurinn til fyrri dóma sinna í Fd IX:506, Fd X:260 og Fd X:534 og ennfremur álits umboðsmanns í máli nr. [241/1990](#) (SUA 1990:176). Um rétt til þess að bera upp árlega mótvæli við birta skrá vísaði dómurinn til Fd X:282, Fd X:440 og Fd X:453. Það varð niðurstaða dómsins að R hefði ekki gætt að samráðsskyldu sinni.

Fd. 7. maí 1998 í máli nr. 10/1997 (XI:249). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn Íslenska ríkinu. Gildi verkfallslista. Matsgerð sérfróðra aðila lögð til grundvallar.

FÍF krafðist þess að tiltekna breytingar yrðu gerðar á skrá, sbr. augl. 68/1995. Í stað þess að allir flugumferðarstjórar yrðu undanþegnir verkfallsheimild kæmi tilgreining á tilteknum fjölda flugumferðarstjóra. FÍF byggði mál sitt einkum á álitsgerð þriggja sérfræðinga. Í dómnum er gerð grein fyrir meginreglum um rétt ríkisstarfsmanna til þess að boða til verkfalls. Jafnframt er gerð grein fyrir þeim takmörkunum sem hefðu verið á verkfallsrétti flugumferðarstjóra skv. eldri skrá. Þá eru raktir fyrri úrskurðir Félagsdóms. Spurningin væri að endingu, hvort FÍF hefði fært nægar sönnur fyrir þeirri kröfu sinni að fækka ætti félagsmönnum sínum á hinni umdeildu skrá. Félagsdómur féllst ekki á

að annmarkar hefðu verið á matsgerðinni, er rýrði gildi hennar þannig að ekki yrði á henni byggt. Ekki var heldur talið að krafa FÍF færi að neinu leyti á svig við fyrri viðhorf í dómum Félagsdóms. Var matsgerðin lögð til grundvallar í málinu. Sératkvæði.

Fd. 23. júní 1997 í máli nr 10/1997 (XI:84). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn íslenska ríkinu. Gildi verkfallslista. Frávísun að hluta.

FÍF krafðist þess m.a.. að í stað þess að allir flugumferðarstjórar yrðu undanþegnir verkfallsheimild kæmi tilgreining á tilteknum fjölda flugumferðarstjóra. FÍF vísaði til umræðna í fjölmiðlum um viðbúnaðaráætlun og mats flugmálafyrivalda á þeim fjölda flugumferðarstjóra sem þyrftu að sinna nauðsynlegri öryggisgæslu. Hafði félagið látið taka saman álitserðar þriggja félagsmanna sinna um málið. Dómurinn taldi m.a.. að álitserðin bæri keim af aðilaskýrslu. Tekið fram að í 2. mgr. 60. gr. laga nr. [91/1991](#), um meðferð einkamála kæmi fram að dómari legði sjálfur mat á atriði, sem krefðust almennrar þekkingar og menntunar eða lagaþekkingar. Hin sérfræðilegu atriði í málinu væru langt utan þess sviðs. Mátti FÍF vera það ljóst að álitsergjafarnir yrðu að vera „óaðfínnanleg vitni“ til þess að álitserðin fengi sönnunargildi. Var kröfu félagsins um að flugumferðarstjórar yrðu felldir niður af skrá, skv. augl. 68/1995 því vísað frá dómi. Hæstiréttur staðfesti þessa niðurstöðu.

Fd. 8. apríl 1997 í máli nr. 3/1997 (XI:25). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn fjármálaráðherra. Gildi verkfallslista. Frávísun.

Í auglýsingu nr. 68/1995 voru allir flugumferðarstjórar tilgreindir á skránni. Tekið fram að í dómi Félagsdóms 25. september 1987, í máli nr. 3/1987, hafi verið litið svo á að störf þeirra félagsmanna FÍF væru þess eðlis að þau féllu alfarið undir 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. og félagsmönnum FÍF því óheimilt að gera verkfall. Dómurinn vísaði einnig til dóms Félagsdóms 25. september 1995 í máli nr. 3/1995, þar hefði FÍF gert sömu aðalkröfu og til umfjöllunar var í málinu, en henni verið hafnað. Ekki var fallist á málsástæðu FÍF á grundvelli ummæla í fjölmiðlum um lágmarksmönnunarþörf til þess að tryggja flugöryggi. Tekið fram að fyrir þyrfti að liggja hlutlæg úttekt á því hvaða mannafla væri þörf til þess að halda uppi nægilega traustri stjórn flugumferðar til að landið einangrist ekki um loftferðir og staðið verði við alþjóðlegar skuldbindingar. Nauðsynlegt væri að tilgreina hvaða störfum kynni að vera ofaukið á hinni umdeildu skrá, starfslýsingar og hvort og þá hvernig þau tengdust flugumferðarstjórninni. Skrá skv. auglýsingu nr. 58/1995 hefði framlengst óbreytt en um hana hefði verið dæmt í áðurgreindum dómi Félagsdóms 25. september 1995. Málið væri því í sama horfi og eftir þann dóm.

Fd. 25. september 1995 í máli nr. 3/1995 (X:440). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn fjármálaráðherra. Gildi fyrirliggjandi verkfallslista. Samráð.

Með augl. 68/1995 lét fjármálaráðuneytið birta skrá yfir störf sem flugumferðarstjórum var skylt að sinna í verkfalli. FÍF krafðist breytinga á skránni. Sýknað var af kröfum félagsins. Ekki hafði verið leitað samráðs við félagið um gerð skrárinnar, en þegar litið var til þess að engar breytingar höfðu verið gerðar frá fyrri skrá þótti það eitt sér ekki geta leitt til ógildi skrárinnar. FÍF átti á grundvelli 2. mgr. 19. gr. rétt til þess að gera árlega athugasemdir við skrána. Félagsdómur hafði í máli 3/1987 slegið því föstu að þáverandi félagsmenn FÍF féllu allir undir 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. Samkvæmt þeim skrá sem gerðar höfðu verið eftir það höfðu flugumferðarstjórar ekki verkfallsheimild. FÍF hafði ekki lagt fram upplýsingar um það, hvaða félagsmenn eða hve stór hluti félagsmanna ynni ekki að flugumferðarstjórn, enda væri það ekki hlutverk Félagsdóms að gera skrá skv. 2. mgr. 19. gr. Loks var FÍF talið hafa sönnunarbyrðina fyrir því aðstæður hefðu breyst verulega frá því að Félagsdómur hafði ákveðið að allir félagsmenn í FÍF væru undanþegnir verkfallsheimild. Sératkvæði.

Fd. 3. júlí 1995 í máli nr. 11/1995 (X:394). Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi gegn Reyðarfjarðarhrepp. Nauðsynleg öryggisgæsla.

Starf yfirhafnarvarðar var ekki talið til nauðsynlegustu öryggisgæslu skv. 3. tölul. 19. gr. laga nr. 94/1986. Ekki var fallist á að starf yfirhafnarvarðar félli undir ákvæði 5. tölul. sbr. 6. tölul. 1. mgr. 19. gr.

Fd. 15. janúar 1995 í máli nr. 9/1995 (X:534). BHMR, f.h. fimm aðildarféлага gegn fjármálaráðherra. Gildi verkfallslista. Samráð.

BHMR krafðist þess að felldar yrðu úr gildi breytingar á skrá, skv. auglýsingu nr. 27/1992, sem gerðar voru með skrá, er birt var með auglýsingu nr. 68/1995. Talið var að fjármálaráðuneytið hefði ekki gætt ákvæða um skyldu til samráðs við gerð skráanna. Krafa BHMR var tekin til greina. Fram kemur í niðurstöðu Félagsdóms að í 2. mgr. 19. gr. sé ekki tekið fram, hvers eðlis umrætt samráð skuli vera. Dómurinn lítur svo á að það samræmist ákvæðinu að stéttarfélögum séu sendar tillögur að skráum með hæfilegum fyrirvara og óskað eftir athugasemdum. Geri stéttarfélög athugasemdir við skrá, beri aðilum að eiga viðræður og leita samkomulags. Ætla verði hæfilegan tíma til þess, það hljóti m.a. óhjákvæmilega að ráðast af því hvort um umfangsmiklar breytingar er að ræða. Sératkvæði.

Fd. 30. október 1995 í máli nr. 13/1995 (X:453). BSRB f.h. fimm aðildarféлага gegn fjármálaráðherra. Verkfallslisti.

BSRB krafðist þess fyrir hönd nokkurra aðildarféлага sinna að felld yrðu af skrá skv. auglýsingu nr. 68/1995 starfsheiti, sem ekki féllu undir nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu. Í niðurstöðum Félagsdóms, þar sem fjallað var um kröfu hvers og eins stéttarfélags, kemur fram að tilgreining á skrá hafi almennt ekki verið talin nægilega skýr eða of víðtæk. Túlka bæri 2. mgr. 19. gr. þannig að árlega hafi BSRB átt rétt á að bera fram andmæli við skrána og skipti ekki máli í því sambandi hvort hreyft hefði verið andmælum við auglýsingum fyrri ára eða ekki. Sératkvæði.

Fd. 21. júní 1995 í máli nr. 9/1995 (X:381). BHMR f.h. fimm aðildarféлага gegn fjármálaráðherra Verkfallslistar. Deilt um mönnunarþörf í verkfalli.

BHMR krafðist þess að felldar yrðu úr gildi breytingar á skrá skv. auglýsingu nr. 27/1992, sem gerðar voru með skrá, er birt var með auglýsingu nr. 68/1995. Fram kom að félagsmenn annarra stéttarféлага sinntu störfum sem tilgreind voru á skránni. Að öðru leyti vísað frá Félagsdómi. Að undanskildum einum meinatækni og einum röntgentækni hafði BHMR ekki sýnt fram á, að samtökin hefðu gilt fyrirsvor fyrir umrædda starfsmenn eða lögvarinna hagsmuna að gæta um verkfallsheimild þeirra. Var frávísunarkrafan því tekin til greina í samræmi við fordæmi í dómi Félagsdóms frá 10. júlí 1990, í máli nr. 1/1990.

Fd. 26. maí 1995 í máli nr. 8/1995 (X:347). Bandalag háskólamanna f.h. tveggja aðildarféлага gegn. St Jósefsspítala, Landakoti. Verkfallslistar. Deilt um mönnunarþörf í verkfalli.

BHMR krafðist þess að 23 stöður og starfsheiti yrðu felld af skrá nr. 62/1995, sem auglýst var 25. janúar 1995, um störf sem félagar í Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og FÍN gegndu á St. Jósefsspítala Landakoti. Í málinu var deilt um mönnunarþörf í verkfalli. Felld voru af skránni 21 starf og starfsheiti. Dæmt að undantekningar frá meginreglunni um þátttöku í verkfalli lúti þrengjandi lögskýringu. Af því leiðir að ef ágreiningur er um tilgreiningu á skrá skv. 2. mgr. 19. gr. verður sá sem gefur slíka skrá út að sýna fram á að tilgreining þar sé ekki umfram það sem þörf er á til að nauðsynlegustu öryggisgæslu og heilbrigðisþjónustu verði haldið upp. Sératkvæði.

Fd. 9. desember 1994 í máli nr. 15/1994 (X:282). Fjármálaráðherra gegn Sjúkraliðafélagi Íslands. S hafði ekki gætt að andmælarétti sínum.

Sjúkraliðafélag Íslands hafði boðað til verkfalls á ríkisspítölum 10. nóvember 1994. SLFÍ hafði ekki nýtt sér í tæka tíð andmælarétt sinn við skrá, skv. auglýsingu nr. 27/1992, sem birt var 23. janúar 1992, og var hún því enn í gildi. Sératkvæði.



Fd. 15. nóvember 1994 í máli nr. 12/1994 (X:260). St. Jósefsspítali gegn Sjúkraliðafélagi Íslands vegna þeirra félagsmanna sem þar störfuðu. Verkfallslisti. Ekki veittur lögboðinn frestur til andmæla.

S hafði ekki fengið lögboðinn frest til andmæla við skrá skv. 2. mgr. 19. gr. áður en hún var birt. Hafnað var kröfu spítalans um viðurkenningu á að þeim félagsmönnum sem tilgreindir voru í auglýsingunni væri óheimilt að leggja niður störf í verkfalli sem félagið hafði boðað hjá sjúkrahúsinu. Tekið fram að þar sem hvorki væru uppfyllt fyrir mæli 2. mgr. 19. gr. um tímamörk né samráð við gerð skráar, væri í verkfallinu ekki við gilda skrá að styðjast. Það væri ekki hlutverk Félagsdóms að gera skrárnar heldur fyrst og fremst að skera úr ágreiningi, sem rísa kynni um breytingar á þeim skrá. Sératkvæði.

Fd. 25. mars 1993 í máli nr. 1/1992 (X:29), BSRB f.h. 17 aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra. Gildi verkfallslista.

Fjármálaráðherra gert að afmá af skrá skv. augl. 27/1992 tiltekin störf, þar sem ekki var sýnt fram á að þau féllu undir nauðsynlegustu öryggisgæslu eða heilbrigðisþjónustu.

Fd. 4. júní 1992 í máli nr. 2/1992 (IX:506). BHMR f.h. 11 aðildarfélaga gegn borgarstjóranum í Reykjavík fh. borgarstjórnar Reykjavíkur og 4 öðrum stéttarfélögum. Samráð við gerð verkfallslista og birting hans.

Tekið fram að í 2. mgr. 19. gr. væri ekki tekið fram, hvers eðlis samráð skuli vera. Taldi dómurinn að það samræmdist ákvæðinu að stéttarfélögum væri sendar tillögur að skrá með hæfilegum fyrirvara og óskað eftir athugasemdum. Geri stéttarfélag athugasemdir við skrá, bæri aðilum að eiga viðræður og leita samkomulags. Talið var að með birtingu í 2. mgr. 19. gr. væri átt við opinbera birtingu, enda þótt ekki væri kveðið á um birtingu í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 2. gr. laga nr. 63/1943. Sératkvæði tveggja dómara.

Fd. 1. júní 1992 í máli nr. 4/1992 (IX:494). BHMR f.h. þriggja aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra. Skrá skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954. Staðgengill.

Tekið fram að með lögum nr. 94/1986 hafi verið lögfest sú meginregla, að þeim starfsmönnum ríkisins, sem lög nr. 38/1954 tak til sé heimilt að gera verkfall með þeim takmörkunum sem tilteknar eru í lögum. Af því leiði að ákvæði um undantekningar lúti þrengjandi lögskýringu. Í skilningi 29. gr. laga nr. 38/1954 yrði hugtakið staðgengill skilið svo að um væri að ræða mann sem tæki við hlutverki yfirmanns í fjarvistum hans og að því hlutverki yrði ekki skipt milli fleiri starfsmanna, þótt þeir bæru sama starfsheiti. Til að um staðgengil geti verið að ræða, þyrfti starfsmanni almennt að vera falið slíkt hlutverk með formlegum hætti eða ótvírætt, að í starfi viðkomandi felist að hann sé staðgengill forstöðumanns.

Fd. 1. júní 1992 í máli nr. 3/1992 (IX:485). BHMR f.h. 8 aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra. Verkfallslisti.

Tekið fram að auglýsing skv. 2. mgr. 19. gr. yrði að vera ótvíræð, svo að ekki léki vafi á, við hvern væri átt. Í slíkri auglýsingu bæri að tilgreina þau störf eða starfsmenn, sem féllu undir ákvæði 3. tölul. 1. mgr. sömu greinar. Óheimilt væri að semja um annars konar tilgreiningu eða vísa til þess, að ákveðin starfsemi ætti að sinna þrátt fyrir verkfall.

Fd. 10. júlí 1990 í máli nr. 1/1990 (IX:333). BHMR, f.h. sjö aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra. Skrár skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954. Forstöðumenn og staðgenglar. Réttur til að koma að andmælum við síðari lista.

Ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954, sbr. 1. gr. laga nr. 94/1986, geyma ekki takmörkun á andmælarétti gagnvart gildandi lista.

Fd. 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987 (IX:173). Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Félag íslenskra flugumferðarstjóra. Ólögsmæt vinnustöðvun flugumferðarstjóra. Verkfallslisti.

Litið var svo á að störf flugumferðarstjóra væru þess eðlis að þau féllu fullkomlega undir 3. tölul. 1. mgr. 19. gr. og að félagsmönnum í FÍF væri því óheimilt að gera verkfall.

Fd. 2. október 1984 í máli nr. 7/1984 (IX:503). BSRB f.h. Starfsmannafélags Selfoskaupstaðar gegn bæjarstjóranum á Selfossi f.h. Selfoskaupstaðar og Helga Bergman Sigurðssyni. Takmarkanir á verkfallsheimild skýrðar þröngt.

Í málinu reyndi á gildi ákvörðunar Selfoskaupstaðar að undanþyggja starfsmenn verkfallsheimild, sbr. 27. reglugerðar nr. 236/1976, um kjarasamninga starfsmanna sveitar- og sýslufélaga innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, vegna boðað verkfalls4. október 1984. Byggingafulltrúi var ekki meðal þeirra sem talinn var upp í 1. tölul. 27. gr. reglugerðarinnar. Skýra verður heimildir ákvæðisins þröngt samkvæmt almennum lögskýringarreglum. Fallist var á að H væri heimilt að taka þátt í verkfallinu. Sératkvæði tveggja dómara.

### **3. Álit umboðsmanns Alþingis**

Umboðsmaður hefur fjallað um málsmeðferð við gerð skrár skv. 2. mgr. 19. gr. og um birtingu slíkrar skrár, sbr. álit umboðsmanns í eftirfarandi málum:

Mál nr. [241/1990](#) (SUA: 1990:176) Samráð um skrá yfir opinbera starfsmenn.

Mál nr. [1747/1996](#) (SUA: 1997:246) Málsmeðferð við breytingu á skrá. Samráð.

Mál nr. [656/1992](#) (SUA: 1993:135) Birting.

## 20. gr.

Sé verkfall hafið er heimilt að kalla starfsmenn, sem eru í verkfalli, tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Þrátt fyrir þær undantekningar frá verkfalli, sem byggjast á 3. tölul. 19. gr., má gera ráð fyrir að í verkfalli geti komið upp þær aðstæður sem kalli á víðtækari undanþágu. Í þeim tilgangi að bregðast við slíkum aðstæðum er í 20. gr. ákvæði um heimild til þess að kalla starfsmenn til vinnu í þeim tilgangi að afstýrt verði neyðarástandi. Ekki þótti rétt að freista þess að skilgreina það nánar í lögum þessum. Undir það falla m.a. viðgerðir og viðhald á fjarskiptakerfum og veitukerfum, búnaði lögreglu- og sjúkrastofnana, svo og birgðadreifing til þeirra aðila sem eiga að halda uppi störfum samkvæmt 3. tölul. 19. gr. Mat nefndar skv. 21. gr. er endanlegt.“

### 2. Dómar

#### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 14. október 2015 í máli nr. 22/2015. Ljósmaðrafélag Íslands gegn íslenska ríkinu. Laun í verkfalli.

Sjá reifun við 9. gr.

Fd. 29. júní 2015 í máli nr. 18/2015. Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn íslenska ríkinu. Greiðslur fyrir útköll í verkfalli til að afstýra neyðarástandi.

FÍN krafðist þess að viðurkennt yrði að félagsmaður FÍN ætti rétt til greiðslna skv. gr. 2.3.3.1 fyrir útköll þegar hann samkvæmt ákvörðun undanþágunefndar, sem starfar á grundvelli 21. gr. laga nr. 94/1986, var kvaddur til starfa. Í niðurstöðu dómsins segir m.a. að ljóst væri að félagsmaður FÍN var ekki við venjubundin störf sín samkvæmt daglegum vinnutíma eða vakt þegar hann var kallaður til starfa í aprílmánuði, enda í verkfalli umrædda daga. Var því ekki um það að ræða að fullnægt hefði verið umsaminni daglegri vinnuskyldu hans, heldur hafði hann, sem starfsmaður í verkfalli, verið kallaður tímabundið til vinnu í þeim tilgangi að afstýra neyðarástandi samkvæmt heimild í 20. gr. laga nr. 94/1986. Var það niðurstaða dómsins að ákvæði um yfirvinnu í gr. 2.3.3.1 í kjarasamningi aðila tæki ekki til atvika í máli þessu.

Fd. 13. mars 1995 í máli nr. 2/1995 (X:313). Sjúkraliðafélag Íslands gegn fjármálaráðherra. Launagreiðslur til þeirra sem kallaðir eru til vinnu.

Ekki var fallist á kröfu um yfirvinnulaun fyrir vinnu sjúkraliða sem kallaðir voru tímabundið til starfa í verkfalli. Sératkvæði

## 21. gr.

Nefnd tveggja manna ákveður hverjir skulu kvaddir til starfa skv. [20. gr.](#) Annar nefndarmanna skal tilnefndur af því stéttarfélagi sem á í verkfalli en hinn af viðsemjanda þess. Ákvarðanir um kvaðningu til vinnu skulu teknar með atkvæðum beggja nefndarmanna og eru þær endanlegar.

### *1. Lögskýringargögn*

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Í grein þessari er kveðið á um að undanþágur skv. [20. gr.](#) verði ákveðnar af tveggja manna nefnd sem aðilar að kjaradeilu setji og þurfa þeir að vera sammála um kvaðningu til vinnu. Er hér í reynd um að ræða hliðstæðu við veitingu undanþága í verkföllum almennra stéttarféлага.“

## 22. gr.

Um laun og önnur kjör þeirra manna, sem um ræðir í [19. gr.](#), skal samið af samninganefnd þess stéttarfélags er þeir tilheyra.

Náist ekki samningar um kjör þeirra starfsmanna sem tilgreindir eru í [2.–4. og 6.–8. tölul. [19. gr.](#)]<sup>21</sup> og falla undir lög þessi á stéttarfélagið rétt á að þriggja manna gerðardómur taki deiluna til úrlausnar. Takist ekki samkomulag um oddamann tilnefnir viðkomandi bæjarfógeti eða sýslumaður, í Reykjavík yfirborgardómarinn, hann en málsaðilar einn dómara hvor.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Hér er gert ráð fyrir að þau stéttarfélög sem hafa samnings- og verkfallsrétt semji einnig um laun þeirra félaga sinna sem óheimilt er að gera verkfall skv. 3. tölul. 19. gr. Hins vegar er gert ráð fyrir að stéttarfélag geti krafist og fengið úrskurð gerðardóms um þá starfsmenn sem undir aðra tölulið í [19. gr.](#) falla.“

### 2. Dómar

#### 2.1 Dómar Félagsdóms

#### 2.2 Dómar Hæstaréttar

*Hrd. 18. desember 2000 í máli nr. [447/2000](#). S. gegn Íslenska ríkinu. Gerðardómur. Aðild.*

Ekki var talið að lög nr. [53/1989](#), um samningsbundna gerðardóma yrðu lögð til grundvallar í deilu um það hvort og hvernig gerðardómi skv. 2. mgr. 22. gr. yrði komið á fót.

---

<sup>21</sup> L. 70/1996, 56. gr.

## 23. gr.

Ákvarðanir um samninga eða annað, er varðar kjör starfsmanna og fer eftir lögum þessum, verða aðeins teknar af þeim sem starfa hjá þeim vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem samningurinn nær til.

Enginn starfsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál nema í einu stéttarfélagi sem er samningsaðili samkvæmt lögum þessum.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Í grein þessari felst að einungis þeir sem starfa hjá þeim vinnuveitendum sem tiltekinn kjarasamningur tekur til geta tekið ákvarðanir um hann, svo sem samþykkt uppsögn og boðun verkfalls. Getur þar verið um að ræða eitt félag að hluta eða heild eða fleiri félög að hluta eða heild eftir því hvernig aðild að viðkomandi kjarasamningi var háttað.“

### 2. Dómar

#### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 30. maí 2001 í máli nr. 12/2001. Fjármálaráðherra gegn Þroskaþjálfafélagi Íslands. Framkvæmd atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls. Starfsmenn sjálfseignarstofnana.

Þ. hafði boðað til verkfalls hjá íslenska ríkinu og sjálfseignarstofnunum. Af orðalagi 15. gr. og 1. mgr. 23. gr. varð ráðið að þeir einir tækju þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem starfa hjá þeim vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur tekur til. Þ gat ekki sýnt fram á að rétt hefði verið að láta félagsmenn þess hjá tilgreindum sjálfseignarstofnunum taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Fd. 29. maí 2001 í máli nr. 13/2001. Fjármálaráðherra gegn Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga. Framkvæmd atkvæðagreiðslu um boðun verkfalls.

Af orðalagi 15. gr. og 1. mgr. 23. gr. varð ráðið að þeir einir taki þátt í atkvæðagreiðslu um verkfallsboðun sem starfa hjá þeim vinnuveitanda eða vinnuveitendum sem verkfall beinist gegn og viðkomandi kjarasamningur tekur til. Talið að þátttaka starfsmanna St Franciskusspítala hefði verið í samræmi við framangreind fyrirmæli.

Fd. 15. desember 1992 í máli nr. 13/1992 (IX:554). Launanefnd sveitarfélaga v/Hafnarfjarðarbæjar gegn Fóstrufélagi Íslands. Staðfesting kjarasamnings.

Launanefnd sveitarfélaga hafði gert kjarasamning við Fóstrufélag Íslands. Samningurinn var undirritaður af hálfu beggja aðila með fyrirvara um samþykki annars vegar einstakra sveitarfélaga og hins vegar félagsmanna í Fóstrufélaginu. Samningurinn var felldur í Hafnarfirði en aðilar samþykktu hann að öðru leyti. Launanefndin krafðist þess að viðurkennt yrði að kominn væri á kjarasamningur milli Launanefndarinnar og Fóstrufélagsins, en samningurinn hafði verið samþykktur af meiri hluta félagsmanna. Túlka bar fyrirvarann þannig að um væri að ræða samþykkti fóstura, sem störfuðu í viðkomandi sveitarfélagi, þ.e. hverju sveitarfélagi fyrir sig. Í niðurstöðusinni vísaði dómurinn m.a. til jafnræðis aðila og 23. gr.

**24. gr.**

**Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt ef það brýtur í bága við kjarasamning stéttarfélags starfsmanns samkvæmt lögum þessum starfsmanni í óhag.**

***1. Lögskýringargögn***

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Óbreytt frá gildandi lögum.“

## 25. gr.

Nú er sett á fót ný stofnun og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli [ráðherra]<sup>22</sup> eða hlutaðeigandi sveitarstjórnar og þeirra stéttarféлага sem í hlut eiga.

Sama gildir ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkis eða sveitarfélaga.

### *1. Lögskýringargögn*

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Óbreytt frá gildandi lögum.“

---

<sup>22</sup> L. [126/2011](#), 117. gr.



**IV. kafli.**  
**Um Félagsdóm.**

**26. gr.**

**Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli sammingsaðila um:**

- 1. Sammingsaðild einstakra stéttarféлага og til hvaða starfsmanna sammingsaðild þeirra nær.**
- 2. Lögmati boðaðra eða þegar hafinna vinnustöðvana.**
- 3. Ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.**
- [4. ] Hverjir falli undir ákvæði [5.–8. tölul.] [19.](#) gr. þessara laga.**
- [5. ]<sup>23</sup> Önnur atriði sem aðilar hafa samið um að leggja fyrir dóminn enda séu að minnsta kosti þrír af dómendunum því meðmæltir.**

Félagsdómur dæmir og um ágreining um félagsaðild þeirra sem undir lög þessi falla hvort sem ágreiningurinn er milli sammingsaðila, stéttarféлага eða einstakra starfsmanna og stéttarféлага.

Félagsdómi er heimilt að dæma í máli um atriði sem tilgreind eru í 1. mgr. sem ágreiningur er um milli [ráðherra]<sup>24</sup> eða sveitarfélags annars vegar og hins vegar einstakra starfsmanna eða starfsmannahópa sem ekki falla undir [5.](#) gr. þessara laga né lög nr. [80/1938](#), um stéttarfélög og vinnudeilur, enda sé um það samkomulag milli aðila og að minnsta kosti þrír af dómendunum séu því meðmæltir.

### ***1. Lögskýringargögn***

Um IV. kafla fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Í gildandi lögum nr. 62/1985, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, og lögum nr. [29/1976](#), um kjarasamninga BSRB, er valdsvið Félagsdóms skilgreint með ólíkum hætti um nokkur atriði. Í IV. kafla frumvarpsins er lagt til að hlutverk Félagsdóms verði samræmt að þessu leyti, auk þess sem breytt skipan sammingsréttarmála leiðir til þess að æskilegt telst að hlutverk Félagsdóms sé að sumu leyti aukið frá því sem nú er.“

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Ákvæði 1. tölul. 1. mgr. 26. gr. felur í sér nýmæli. Í því felst meðal annars að stéttarfélag, sem telur sig fullnægja skilyrðum til að eiga sammingsaðild skv. 5. gr., getur höfðað mál fyrir Félagsdómi til viðurkenningar á sammingsrétti sínum.

Efnisatriði 2. tölul. 1. mgr. er í lögum nr. [29/1976](#) en orðalagi er breytt til að taka af hugsanleg tvímæli. Í ákvæðinu felst meðal annars að heimilt er að höfða mál þótt boðaðri vinnustöðvun hafi verið frestað eða að vinnustöðvun sé þegar afstaðin, enda sé mál höfðað án ástæðulausrar tafar.

Ákvæði 3. og 4. tölul. 1. mgr. er eins og í gildandi lögum, en í 5. tölul. felst nýmæli og um leið er aukið hlutverk Félagsdóms þar sem dómnum er þar falið að skera úr ágreiningi sem kann að rísa um breytingar á þeim skráum um undanþágur frá verkfalli sem gera skal skv. [19.](#) gr. þessara laga og 29. gr. laga nr. [38/1954](#).

---

<sup>23</sup> L. [150/1996](#), 5. gr.

<sup>24</sup> L. [126/2011](#), 117. gr.

Ákvæði 6. tölul. felur í sér heimild fyrir samningsaðila, sambærilega þeirri sem felst í 3. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. [80/1938](#), um stéttarfélög og vinnudeilur.

Í 2. mgr. er fjallað um mál sem varða félagsaðild opinberra starfsmanna. Í gildandi lögum er gert ráð fyrir að Félagsdómur fjalli um mál sem varða félagsréttindi ríkisstarfsmanna.

Með 3. mgr. 26. gr. er lagt til að í löginn verði tekin sams konar heimild og felst í 6. tölul. 1. mgr. 26. gr. enda þótt ekki sé um deilur milli samningsaðila að ræða. Rétt þykir að hafa opna heimild til að koma slíkum deilumálum fyrir Félagsdóm séu aðilar um það sammála.“

## 2. Dómar

### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 28. júlí 2008 í máli nr. 4/2008. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í eigin nafni gegn Strætó bs. og gagnsök. Uppsögn trúnaðarmanns.

Sjá einnig [1.](#), [4.](#), [27.](#) og 2. og 4. mgr. [30.](#) gr.

B krafðist þess að felld yrði úr gildi uppsögn J, trúnaðarmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hjá Strætó bs., úr starfi hjá Strætó bs. Félagsdómur tók til ákvörðunar hvort kröfur B, eins og þær voru fram settar, ættu efnislega undir valdsvið dómsins svo sem það er afmarkað í 26. gr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn ljóst af ákvæðinu að aðalkröfur B, eins og þær voru úr garði gerðar, féllu utan valdsviðs dómsins og bar því þegar af þeim sökum að vísa þeim frá dómnum. Varakrafa B tók til þess að óheimilt hefði verið að segja umræddum starfsmanni S upp starfi og að þar með hefði uppsögnin verið brot á tilgreindum ákvæðum gildandi kjarasamnings og ákvæðum 2. og 4. mgr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn að eins og dómsvald réttarins væri skilgreint í 26. gr. heyrði það ekki undir valdsvið réttarins að dæma um hvort uppsögn starfsmanns, þar á meðal trúnaðarmanns, teldist vera brot á kjarasamningi eða ákvæðum laganna. Þá báru gögn málsins ekki með sér að ágreiningur, sem krefjist úrlausnar dómsins, hafi risið milli aðila um túlkun á gr. 9.9.1 í fyrrgreindum kjarasamningi milli þeirra. Af framangreindri niðurstöðu leiddi sjálfkrafa að kröfu B um að S verði gerð sekt var vísað frá Félagsdómi. Á sama hátt var varakröfu B vísað frá dómi. Gagnkrafa S var bundin því að kröfur B yrðu teknar til efnismeðferðar. Þar sem það skilyrði var ekki uppfyllt bar að vísa þeim kröfum sjálfkrafa frá dómi. Var máli þessu því vísað í heild frá dómi.

Fd. 11. janúar 2007 í máli nr. 8/2006. Starfsmannafélag Kópavogs gegn Kópavogsbæ. Leiðrétting launa afturvirk.

S krafðist þess að viðurkennt yrði, að við afturvirka leiðréttingu launakjara K til þeirra félagsmanna S sem ekki höfðu fengið leiðréttingu launakjara fyrir árslok 2005, skyldi fara eftir launatöflu ársins 2006 með tengingu starfsmats við launaflokka samkvæmt gr. 1.3.1 í kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og Samflots bæjarstarfsmannafélaga frá 29. maí 2005. K krafðist frávísunar og byggði aðalkröfu sína um frávísun málsins í fyrsta lagi á því að málið ætti ekki undir valdsvið Félagsdóms, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, enda varðaði málið ekki ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Vísaði K til þess vísað að kjarasamningur hefði engin ákvæði að geyma um sakarefnið. Í öðru lagi var á því byggt af hálfu K að kröfugerð S væri það óglögg að ekki væri fullnægt áskilnaði d-liðar 1. mgr. 80. gr. laga nr. [91/1991](#), um meðferð einkamála. Fram kom í niðurstöðu Félagsdóms að engin ágreiningur væri með aðilum um það að miða skyldi við laun samkvæmt launatöflu ársins 2006, enda hefði K þegar framkvæmt launaleiðréttingar í samræmi við það. Hins vegar taldi dómurinn að krafan væri óskýr að því leyti að hún miðaðist við ótilgreinda félagsmenn S sem ekki höfðu fengið slíka leiðréttingu fyrir árslok 2005. Þá var orðalag kröfunnar, um að afturvirk leiðrétting launakjara skyldi fara eftir launatöflu ársins 2006 með tengingu starfsmats við launaflokka samkvæmt gr. 1.3.1 í tilgreindum kjarasamningi, svo óljóst að dómur varð ekki á hana lagður, sbr. d- lið 80. gr. laga nr. [91/1991](#) um meðferð einkamála. Að þessu virtu var fallist á aðalkröfu K um frávísun.

Fd. 21. október 2005 í máli nr. [10/2005](#). Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Heilsugæslunni í Reykjavík. Málsaðili. Valdsvið. Frávísun.

Kröfugerð FÍH gegn HR var vísað frá dómi. Ástæður frávísunarinnar voru þrjúþættar. Í fyrsta lagi gat FÍH ekki verið málsaðili fyrir Félagsdómi á grundvelli laga nr. 94/1986, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, þar sem FÍH er ekki sjálfstæður samningsaðili skv. þeim lögum. Í öðru lagi gat hvorugur málsaðila verið aðili að dómsmáli fyrir Félagsdómi á grundvelli laga nr. [80/1938](#), um stéttarfélög og vinnudeilur. Í þriðja lagi þótti málið ekki eiga undir valdsvið Félagsdóms, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga nr. [91/1991](#), um meðferð einkamála. Krafa FÍH hljóðaði upp á viðurkenningu á því að stefndi hefði brotið gegn 4. gr. laga nr. [80/1938](#) með því að veita 13 hjúkrunarfræðingum þakklætisvott að fjárgildi 13.900 kr. „fyrir þá trúmennsku og ósérhlífni sem þú sýndir í þeim erfiðleikum sem stöðjuðu að Miðstöð Heimahjúkrunar í mars sl. þegar stór hluti starfsmanna sagði upp störfum“.

Fd. 15. apríl 2005 í máli nr. [2/2005](#). Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu f.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands Valdsvið. Frávísun.

Sjá einnig hrd. frá 9. maí 2005 í máli nr. [170/2005](#)

Í málinu krafðist LÍ þess að viðurkennt yrði með dómi að félagsmönnum LÍ, sem starfa við heilsugæslustöðvar og taka laun samkvæmt úrskurði kjaranefndar frá 15. október 2002, hafi sjálfir val um hvort þeir taki laun samkvæmt A. lið 1. gr. kafla IX, föst mánaðarlaun, eða laun samkvæmt B. lið 1. gr. kafla IX, samsett laun. Heilsugæslulæknar féllu utan laga nr. 94/1986 og voru seldir undir úrskurðarvald kjaranefndar að lögum með laun sín og starfskjör þegar sú ákvörðun var tekin sem er tilefni málshöfðunar þessarar. Féll því utan valdsviðs Félagsdóms, eins og það er afmarkað samkvæmt 26. gr. laga nr. 94/1986, að dæma um þann ágreining sem uppi var í málinu. Var málinu því vísað frá Félagsdómi.

Fd. 8. júlí 2002 í máli nr. [3/2002](#). Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn íslenska ríkinu. Kröfugerð. Frávísun.

Kröfur FÍH lutu að launagreiðslum til hjúkrunarfræðinga í verkfalli félagsins, er hófst á miðnætti 30. maí 2001. Mátalibúnaður FÍH var með þeim hætti að vandséð var að það ætti undir dóminn á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 26. gr.

Fd. 22. október 2001 í máli nr. [18/2001](#). Stéttarfélag Sálfræðinga á Íslandi gegn Landspítala Háskólasjúkrahúsi. Forsendur röðunar í launaflokka. Frávísun hafnað. 3. tölul. 1. mgr. 26. gr.

Talið að ágreiningur væri um það, hvort í kjarasamningi eða aðlögunarúrskurði fælist ákvæði er skylduðu L til þess að láta S í té forsendur fyrir röðun starfa og starfsmanna. Snérist málið því um skilning á kjarasamningi og féll þar með undir valdsvið Félagsdóms. Ekki var talið að um sambærilegt tilvik væri að ræða og í máli nr. [5/2000](#). Loks var talið að ákvæði í kjarasamningi aðila um samstarfsnefnd standi því ekki í vegi að Félagsdómur fjallaði um málið.

Fd. 20. desember 2000 í máli nr. [14/2000](#) (XI:646). Vélstjórafélag Íslands f.h. Halldórs Sigurðssonar gegn Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur. Aðilar kjarasamnings. Frávísun.

V krafðist þess að viðurkennt yrði að H tæki að lágmarki laun skv. tilteknum launaflokki og þrepi í kjarasamningi R og Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar. Vélstjórafélagið var ekki aðili að umræddum kjarasamningi og gat því ekki borið ágreining út af nefndum kjarasamningi undir Félagsdóm á grundvelli 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. Tekið fram að málið falli hvorki undir valdsvið Félagsdóms samkvæmt öðrum ákvæðum 26. gr. né 2. tölul. 44. gr. laga nr. [80/1938](#).

Fd. 16. nóvember 2000 í máli nr. [11/2000](#) (XI: 620). Bifreiðastjórafélagið. Sleipnir gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar. Skilyrði um samningsaðild. Kröfugerð. Frávísunarkröfu hafnað.

B krafðist viðurkenningar á að félagið færi með samningsaðild fyrir tilgreindra bifreiðastjóra hjá SVR. R krafðist frávísunar þar sem B uppfyllti ekki skilyrði 3. tölul. 1. mgr. 5. gr. að því er varðaði fjölda félagsmanna. Það ákvæði væri enn í gildi þrátt fyrir dóm Félagsdóm í máli nr. 9/1999. Dæmt að málið ætti undir 1. tölul. 1. mgr. 26. gr. Við efnisúrlausn málsins kæmu til úrlausnar þær málsástæður sem B byggði kröfur sínar á m.a. hvort fullnægt væri skilyrðum 3. tölul. 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. um samningsaðild félagsins.

Fd. 8. júní 2000 í máli nr. 5/2000 (XI:570). Meinatæknafélag Íslands gegn Landspítala-Háskólasjúkrahúsi. Röðun í launaflokka. Gildi aðlögunarúrskurðar. Frávísun.

Deilt var um framkvæmd L á aðlögunarúrskurði og röðun stofnunarinnar á starfi M skv. honum. Var þess krafist m.a. að starfi M yrði raðað með öðrum hætti. Dæmt að úrlausn um þær kröfur ættu ekki undir Félagsdóm á grundvelli 26. gr.

Fd. 21. október 1999 í máli nr. 7/1999 (XI:476). Launanefnd sveitarfélaga f.h. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara. Fjöldauppsagnir. 2. tölul. 1. mgr. 26. gr.

Félagsmenn F höfðu allir að einum undanskildum ráðið sig að nýju til starfa hjá Árborg. Talið að L ætti enn lögvarða hagsmuni af því að fá dóm í málinu, sbr. dóm Félagsdóms frá 15. desember 1992 í máli nr. 14/1992.

Fd. 13. september 1999 í máli nr. 7/1999 (XI:461). Launanefnd sveitarfélaga fh. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara. Fjöldauppsagnir Frávísunarkröfu hafnað.

F krafðist frávísunar þar málið varðaði samskipti sveitarfélagsins við 12. tilgreind einstaklinga vegna uppsagna þeirra. Tekið fram að F væri samningisaðili í skilningi 4. gr. og réttur aðili til þess að far með mál félagsmanna sinna fyrir dómnum, sbr. 4. gr. 27. gr. Jafnframt tekið fram að skv. 2. tölul. 1. mgr. 26. gr. dæmi Félagsdómur í málum sem rísa milli samningasaðila um lögmati boðaðra og þegar hafinna vinnustöðvana.

Fd. 10. september 1997 í máli nr. 14/1997 (XI:124). ASÍ f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna vegna Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegn fjármálaráðherra v/ Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fjölgun hljómleika. Greiðslur á ferðalögum.

Félagsdómur taldi að með aðilum væri ágreiningur um skýringu á nánartilgreindum ákvæðum kjarasamnings þeirra og það heyrði undir dómnum að dæma um þann ágreining skv. 2. tölul. 1. mgr. 44. gr. laga nr. 80/1938, sbr. 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. laga nr. 94/1986.

Fd. 14. október 1996 í máli nr. 11/1996 (X:652). Dómarafélag Íslands gegn fjármálaráðherra. Orlof af fastri yfirvinnu.

Hæstaréttardómarar og héraðsdómarar, er tóku laun skv. ákvörðun Kjaradóms, voru sammála um að leggja ágreiningsefni sitt um hvort greiða ætti orlof af fastri yfirvinnu fyrir Félagsdóm, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 26. gr.

Fd. 23. apríl 1996 máli nr. 3/1996 (X:597). Starfsmannafélag ríkisstofnana gegn fjármálaráðherra vegna ríkisspítala. Dómsvald Félagsdóms, 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. Ákvörðun samráðsnefndar. Frávísunarkröfu hafnað

SFR krafðist viðurkenningar á því að ákvörðun, sem tekin var á samráðsnefndarfundum félagsins og Ríkisspítala um kjör læknaritara, væri bindandi. Tekið fram að Félagsdómur dæmi í málum sem rísa milli samningasaðila um skilning á kjarasamningi eða gildi hans. Frávísunarkröfu hafnað. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna.

Fd. 13. maí 1993 í máli nr. 4/1993 (X:58). Landssamband lögreglumanna gegn fjármálaráðherra. Dómsvald Félagsdóms um skipulagningu vinnutíma. Frávísun.

Reglur um vaktir, vaktskrá og breytingar á þeim höfðu verið settar einhliða af rannsóknarlögreglustjóra og áttu sér ekki stoð í kjarasamningi LL. Kröfur sambandsins um breytingu á vinnufyrirkomulaginu áttu því ekki undir úrlausn Félagsdóms. Kröfugerð LL var að örðu leyti krafa um lögskýringu ([31. gr. eldri stml](#)). Þar sem raunverulegt sakarefni var ekki lagt fyrir. Málinu vísað frá. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna.

Fd. 15. desember 1992 í máli nr. 14/1992 (IX:563). Fjármálaráðherra gegn Sjúkraliðafélagi Íslands. Afstaðin fundarhöld. Frávísunarkröfu hafnað.

Fjármálaráðherra hafði krafist viðurkenningar á því að vinnustöðvun sem hófst með kjaramálafundi hefði verið ólögæt aðgerð, sbr. 14-21. gr. S byggði frávísu sína á því að Félagsdómur ætti ekki dómsvald um lögætti afstaðinna vinnustöðvana, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 26 gr. Röksemdum S var hafnað með tilvísun til ummæla í greinargerð.

Fd. 14. maí 1991 í máli nr. 1/1991 (IX:416). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra, Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara. Samningsaðild vegna stundakennara. Frávísunar kröfu hafnað. Frávísun að hluta.

Hafnað var kröfu fjármálaráðherra um að vísað yrði frá þeirri kröfu FÍN að viðurkenndur yrði réttur félagsins til þess að gera kjarasamninga við fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs um kaup og kjör fyrir stundakennslu þeirra félagsmanna sinna sem væru ríkisstarfsmenn og sinntu stundakennslu við Háskóla Íslands. Tekið fram að krafa félagsins hafi réttilega verið lögð fyrir Félagsdóm, sbr. 1. tölul. 1. mgr. 26. gr.

Fd. 23. júlí 1990 í máli nr. 4/1990 (IX:365). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra. Endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. 3. tölul. 1. mgr. 26. gr. Frávísunarkröfu hafnað.

Talið að ágreiningi um valdsvið nefndar varðandi framkvæmd samkomulags um endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna varðaði í raun ágreining um skilning á kjarasamningi eða gildi hans.

Fd. 18. apríl 1989 í máli nr. 3/1989 (IX:287). Sálfræðingafélag Íslands gegn Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis. Samningsaðild skv. 3. gr. Frávísun.

S krafðist þess að fjármálaráðherra væri samningsaðili um kaup og kjör gagnvart S. Tekið fram að Félagsdómur væri sérdómstóll og ákvæði 26. gr. fortakslaus um dómsvald hans. Ágreiningur um fyrirvar af hálfu vinnuveitenda, sbr. [3. gr.](#) laganna er ekki meðal þeirra atriða sem fellt sé undir dómsvald Félagsdóms með 26. gr. laganna. málinu vísað sjálfkrafa frá dómi. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðuna.

## **2.2 Dómar Hæstaréttar**

Frávísun frá Félagsdómi staðfest með dómi Hæstaréttar frá 9. maí 2005 í máli nr. [170/2005](#): Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Kæra á frávísunarúrskurði Félagsdóms frá 15. apríl 2005 í máli nr. [F-2/2005](#).

Kröfugerð LÍ gegn íslenska ríkinu f.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands var vísað frá dómi þar sem ágreiningur aðila þótti falla utan valdsviðs Félagsdóms. LÍ krafðist viðurkenningar á því að heilsugæslulæknar hefðu sjálfir val um það hvort þeir tækju föst laun eða samsett laun skv. úrskurði/ákvörðun kjaranefndar frá 15. október 2002 en með lögum nr. [71/2003](#) var sú breyting gerð að heilsugæslulæknar voru teknir undan valdsviði kjaranefndar.

## 27. gr.

Þegar Félagsdómur dæmir í málum sem greinir í 26. gr. nefna annars vegar viðkomandi heildarsamtök stéttarféлага og hins vegar [ráðherra]<sup>25</sup> eða Samband íslenskra sveitarféлага dómara til setu í dómnum í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands. Dómarar þessir skulu tilnefndir til þriggja ára í senn.

Sé stéttarfélag utan heildarsamtaka aðili máls fyrir Félagsdómi nefnir það sjálfst dómara í það mál.

Tilnefni aðili ekki dómara til setu í Félagsdómi skal forseti dómsins tilnefna dómara í hans stað.

Stéttarfélög reka mál sín og félagsmanna sinna fyrir Félagsdómi.

Ef stéttarfélag neitar að höfða mál fyrir félagsmenn sína er aðila heimilt að höfða málið sjálfur fyrir Félagsdómi. En leggja skal hann fram sönnun um synjun viðkomandi félags fyrir forseta dómsins áður en stefna er gefin út. Í slíku máli tilnefnir forseti dómsins dómara í stað þess sem annars er tilnefndur af stéttarfélagi, sé það utan heildarsamtaka. Sama gildir í málum skv. 3. mgr. 26. gr. Í málum skv. 2. mgr. 26. gr. skal forseti dómsins tilnefna dómara í stað beggja þeirra sem annars eru tilnefndir af aðilum.

Hinir tilnefndu dómarar skulu ekki eiga sæti í aðal- eða varastjórnnum eða samninganefndum viðkomandi stéttarfélags né í samninganefndum ríkisins og viðkomandi sveitarféлага.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Í 27. gr. frumvarpsins er fjallað um aðild máls fyrir Félagsdómi, tilnefningu á dómurum og hæfi dómara. Þar sem fjallað er um heildarsamtök stéttarféлага er átt við Bandalag kennarafélaga, launamálaráð BHMR og Bandalag starfsmanna ríkis og bæja. Ekki er fyrir það girt að ný heildarsamtök stéttarféлага geti síðar orðið til og öðlast rétt til tilnefningar á dómara í Félagsdóm samkvæmt greininni.

Samkvæmt greininni er lagt til það nýmæli að stéttarfélög skuli sjálf vera aðilar mála en ekki heildarsamtök stéttarféлага fyrir þeirra hönd. Í niðurlagi greinarinnar er enn fremur nýmæli sem lýtur að hæfi hinna tilnefndu dómara.“

### 2. Dómar

#### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 8. júní 2011 í máli nr. 3/2011. BHM f.h. Félags lífeindafræðinga gegn íslenska ríkinu vegna Sjúkrahússins á Akureyri. Greiðsla fyrir útköll.

Kröfur B vörðuðu túlkun og framkvæmd á ákvæðum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 í kjarasamningi Félags lífeindafræðinga og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs, dags. 28. febrúar 2005, sem endurnýjaður var með samkomulagi dags. 28. júní 2008. B byggði kröfur sína aðallega á því að SA gæti ekki einhliða breytt áralangri framkvæmd sem væri í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamninga. Með slíku greiðslufyrirkomulagi um langt skeið hafi tryggilega verið fest í sessi tiltekin túlkun á ákvæðum kjarasamnings aðila sem ekki yrði breytt einhliða enda um lögbundin lágmarkskjör að ræða. Taldi B að breyting á gildandi fyrirkomulagi yrði ekki náð fram nema með uppsögn kjarasamnings eða breytingu á viðeigandi ákvæðum við endurnýjun. B byggði kröfu sína og á því að áður en ákvörðun sú sem SA kynnti með bréfi í júní 2009 tók gildi hafi félagsmenn B fengið greitt fyrir hvert útkall og gilti þá einu hvort annað útkall fylgdi í kjölfarið. Var þessi framkvæmd viðhöfð um langt árabíl í fullri sátt milli aðila og félagsmönnum B greitt í samræmi við hana. Með tilkynningu sinni hafi SA freistað þess

<sup>25</sup> L. 126/2011, 117. gr.

að breyta þessari réttarstöðu einhliða félagsmönnum B til tjóns, án þess að færa rök fyrir því við hvaða heimild þessi framganga styddist. Ríkið mótmælti því að framkvæmd SA hefði verið í samræmi við ákvæði gildandi kjarasamnings. Skilningur ríkisins á greinum 2.3.3.1 og 2.3.3.2 hafi ætíð verið sá að þegar útköll sem liggja nálægt í tíma, að lágmarksgreiðsla næsta útkalls á undan er ekki lokið, þegar hið næsta hefst gildi sú regla að greiða skuli fyrir samfelldan tíma frá upphafi fyrsta útkalls til loka þess síðasta. Þessi skilningur hafi komið skýrlega fram í málsástæðum og lagarökum ríkisins í dómi Félagsdóms í máli nr. [13/2002](#) og í skýringum með sumum sérútgáfum kjarasamninga fyrir hvert stéttarfélag innan BHM. Þetta ætti t.d. við um sérútgáfu á kjarasamningi fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga. Í skýringum með þeim kjarasamningi kemur fram að sé um endurtekin útköll að ræða með stuttu millibili skuli greiða samfelldan tíma frá upphafi fyrra/fyrsta útkalls þangað til síðara/síðasta útkalli lýkur. Þó svo að þessi skýring væri ekki í öllum sérútgáfum fælist ekki í því viðurkenning af hálfu ríkisins á mismunandi túlkun á samhljóða ákvæðum samkomulagsins. Fram komi í niðurstöðu dómsins að óumdeilt væri að félagsmönnum B hjá SA hefði um langa hríð verið greitt fyrir hvert útkall óháð því hvenær fyrra útkalli lauk. Var jafnframt ljóst af gögnum málsins að sú framkvæmd var við lýði þar til 1. október 2009. Þegar venja hefur myndast um framkvæmd og túlkun kjarasamnings hefur hún svipað gildi og kjarasamningur og verður ekki breytt einhliða af öðrum samningsaðila. Það varð því niðurstaða dómsins að í ljósi efnis kjarasamningsins frá 2005 að þessu leyti og þeirrar venju, sem óumdeilt er að skapast hafði samkvæmt framansögðu um greiðslur vegna útkalla, mátti B treysta því að greitt yrði fyrir útköll til samræmis við þá venju. Féllst því dómurinn á það með B að slíkri venjubundinni framkvæmd yrði almennt ekki breytt nema með nýjum kjarasamningi milli aðila. Breyti engu um þá niðurstöðu þótt fjármálaráðuneytið hafi gengið út frá því að framkvæmdin væri með öðrum hætti en raunin var. Þá var ekki fallist á það að hin venjubundna framkvæmd SA teldist vera einhliða ákvörðun á sviði stjórnunarréttar vinnuveitanda sem segja mætti upp einhliða.

*Fd. 28. júlí 2008 í máli nr. 4/2008. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í eigin nafni gegn Strætó bs. og gagnsök. Uppsögn trúnaðarmanns.*

Sjá einnig [1.](#), [4.](#), [26.](#) og 2. og 4. mgr. [30.](#) gr.

B krafðist þess að felld yrði úr gildi uppsögn J, trúnaðarmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hjá Strætó bs., úr starfi hjá Strætó bs. Félagsdómur tók til ákvörðunar hvort kröfur B, eins og þær voru fram settar, ættu efnislega undir valdsvið dómsins svo sem það er afmarkað í [26.](#) gr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn ljóst af ákvæðinu að aðalkröfur B, eins og þær voru úr garði gerðar, féllu utan valdsviðs dómsins og bar því þegar af þeim sökum að vísa þeim frá dómnum. Varakrafa B tók til þess að óheimilt hefði verið að segja umræddum starfsmanni S upp starfi og að þar með hefði uppsögnin verið brot á tilgreindum ákvæðum gildandi kjarasamnings og ákvæðum 2. og 4. mgr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn að eins dómssvald réttarins væri skilgreint í [26.](#) gr. heyrði það ekki undir valdsvið réttarins að dæma um hvort uppsögn starfsmanns, þar á meðal trúnaðarmanns, teldist vera brot á kjarasamningi eða ákvæðum laganna. Þá báru gögn málsins ekki með sér að ágreiningur, sem krefjist úrlausnar dómsins, hafi risið milli aðila um túlkun á gr. 9.9.1 í fyrrgreindum kjarasamningi milli þeirra. Af framangreindri niðurstöðu leiddi sjálfkrafa að kröfu B um að S verði gerð sekt var vísað frá Félagsdómi. Á sama hátt var varakröfu B vísað frá dómi. Gagnkrafa S var bundin því að kröfur B yrðu teknar til efnismeðferðar. Þar sem það skilyrði var ekki uppfyllt bar að vísa þeim kröfum sjálfkrafa frá dómi. Var máli þessu því vísað í heild frá Félagsdómi.

*Fd. 13. september 1999 í máli nr. 7/1999. Launanefnd sveitarfélaga f.h. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara. Fjöldauppsagnir Frávísunarkröfu hafnað.*

F krafðist frávísunar en málið varðaði samskipti sveitarfélagsins við 12. tilgreind einstaklinga vegna uppsagna þeirra. Tekið fram að F væri samningisaðili í skilningi [4.](#) gr. og réttur aðili til þess að far með mál félagsmanna sinna fyrir dóminum, sbr. [4.](#) gr. og 27. gr. Jafnframt tekið fram að skv. 2. tölul. 1. mgr. [26.](#) gr. dæmi Félagsdómur í málum sem rísa milli samningasaðila um lögmati boðaðra og þegar hafinna vinnustöðvana.

Fd. 11. nóvember 1994 í máli nr. 13/1994 (X:256). Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði gegn Sjúkraliðafélagi Íslands. Sjálfseignarstofnun skipan Félagsdóms.

Talið var að Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði væri sjálfstæð stofnun, sem hefði ákveðið að fella sig undir ákvæðið laga nr. 94/1986, sbr. 2. gr. þeirra laga. Tekið fram að í 27. gr. væri ekki fjallað um möguleika sjálfseignarstofnunar skv. 2. gr til þess að tilnefna dómara í dóminn. Hafnað var kröfu um að stofnunin tilnefndi mann til setu í Félagsdómi í stað dómara sem fjármálaráðherra hefði skipað.

Fd. 15. janúar 1994 í máli nr. 1/1994 (X:149). VSÍ f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf. gegn BSRB vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og til réttargæslu ASÍ vegna 8 aðildarfélaga. Skipan félagsdóms, dómari tilnefndur af ASÍ.

Í málgögnum komu fram sjónarmið ASÍ, sem áttu samstöðu með viðhorfum SVR hf. Við þessar sérstöku aðstæður var fallist á það að ekki væri rétt að dómari, sem ASÍ tilnefndi, sæti í dómnum. Var þessi niðurstaða talin samræmast 39. gr. laga nr. [80/1938](#) og 1. mgr. 6. gr. [MSE](#). Forseti dómsins var falið að tilnefna annan dómara. Sératkvæði.

Fd. 17. apríl 1991 í máli nr. 1/1991 (IX:406). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra, Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara. Hæfi dómara, sem skipaðir eru af stéttarfélögum.

Hafnað var kröfu fjármálaráðherra um að dómariinn Þ, tilnefndur af BHMR, viki sæti. Á því var byggt að málið væri prófmál, þar sem í raun yrði skorið úr um réttarsöðu félagsmanna í öðrum félögum innan BHMR, sem sinntu stundakennslu við HÍ sem aukastarfi. Hið sama ætti einnig við um stundakennslu, sem stunduð væri sem aukastarf í öðrum skólum á háskólastigi. Eiginkona Þ var formaður stéttarfélags og hafði sinnt stundakennslu við TÍ. Tekið fram að um hæfi dómara sem tilnefndir væru skv. ákvæðum IV. kafla laga nr. 94/1986 giltu sérstök hæfisskilyrði skv. 6. mgr. 27. gr.



V. kafli.  
Um trúnaðarmenn á vinnustöðum.

28. gr.

Á hverri vinnustöð þar sem a.m.k. fimm menn vinna er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna má kjósa tvo trúnaðarmenn. Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja ára í senn. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.

Heimilt er að kjósa trúnaðarmenn fyrir félagssvæði eða hluta þess vegna starfsmanna á vinnustöðvum sem ekki uppfylla skilyrði um lágmarksfjölda.

Heimilt er einstökum félögum að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir.

*1. Lögskýringargögn*

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

Um 28.-30. gr.

Ákvæði greinanna eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að nú er gert ráð fyrir að kjósa megi trúnaðarmann sameiginlega fyrir fámenna vinnustaði.

## 29. gr.

Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvívetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.

Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda. Komist trúnaðarmaður að þeirri niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast ber honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu.

Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi, er í hlut á, skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið. Enn fremur gefur hann sömu aðilum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram.

Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni.

Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m.a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið, veita honum aðgang að síma o.s.frv.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

Um 28.-30. gr.

Ákvæði greinanna eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að nú er gert ráð fyrir að kjósa megi trúnaðarmann sameiginlega fyrir fámenna vinnustaði.

### 30. gr.

Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og hverjir sækja um starfann.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs.

Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns.

Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

#### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

Um 28.-30. gr.

Ákvæði greinanna eru óbreytt frá gildandi lögum að öðru leyti en því að nú er gert ráð fyrir að kjósa megi trúnaðarmann sameiginlega fyrir fámenna vinnustaði.

#### 2. Dómar

##### 2.1 Dómar Félagsdóms

Fd. 28. júlí 2008 í máli nr. 4/2008. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í eigin nafni gegn Strætó bs. og gagnsök. Uppsögn trúnaðarmanns.

Sjá einnig [1](#), [4](#)., [26](#). og [27](#). gr.

B krafðist þess að felld yrði úr gildi uppsögn J, trúnaðarmanns Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar hjá Strætó bs., úr starfi hjá Strætó bs. Félagsdómur tók til ákvörðunar hvort kröfur B, eins og þær voru fram settar, ættu efnislega undir valdsvið dómsins svo sem það er afmarkað í [26](#). gr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn ljóst af ákvæðinu að aðalkröfur B, eins og þær voru úr garði gerðar, féllu utan valdsviðs dómsins og bar því þegar af þeim sökum að vísa þeim frá dómnum. Varakrafa B tók til þess að óheimilt hefði verið að segja umræddum starfsmanni S upp starfi og að þar með hefði uppsögnin verið brot á tilgreindum ákvæðum gildandi kjarasamnings og ákvæðum 2. og 4. mgr. laga nr. 94/1986. Taldi dómurinn að eins dómsvald réttarins væri skilgreint í [26](#). gr. heyrði það ekki undir valdsvið réttarins að dæma um hvort uppsögn starfsmanns, þar á meðal trúnaðarmanns, teldist vera brot á kjarasamningi eða ákvæðum laganna. Þá báru gögn málsins ekki með sér að ágreiningur, sem krefjist úrlausnar dómsins, hafi risið milli aðila um túlkun á gr. 9.9.1 í fyrrgreindum kjarasamningi milli þeirra. Af framangreindri niðurstöðu leiddi sjálfkrafa að kröfu B um að S verði gerð sekt var vísað frá Félagsdómi. Á sama hátt var varakröfu B vísað frá dómi. Gagnkrafa S var bundin því að kröfur B yrðu teknar til efnismeðferðar. Þar sem það skilyrði var ekki uppfyllt bar að vísa þeim kröfum sjálfkrafa frá dómi. Var máli þessu því vísað í heild frá Félagsdómi.

## VI. kafli. ...<sup>26</sup>

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

Um 31.-33. gr.

„Ákvæðin eru óbreytt frá gildandi lögum. Enn fremur er í gildi bókun með samningi fjármálaráðherra og BSRB frá 20. ágúst 1980 sem tryggir starfsmönnum sjálfseignarstofnana sem lögin taka til sama rétt.“

## VII. kafli. Ýmis ákvæði.

### 34. gr.

Á vegum þeirra aðila, sem lög þessi taka til, starfi nefnd er annist kjararannsóknir og aðra upplýsingaöflun vegna kjarasamninga.

Nefndin skal skipuð jafnmörgum fulltrúum stéttarféлага og vinnuveitenda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð<sup>27</sup> sem sett skal að fengnum tillögum heildarsamtaka opinberra starfsmanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Nefndin setur sér starfsreglur, m.a. um starfssvið og starfshætti.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Samkomulag er um sameiginlegar kjararannsóknir og í greininni er ákvæði um nefnd er sinni því verkefni.“

### 35. gr.

**Brot á lögum þessum varða sektum.**

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

„Greinin þarfnast ekki skýringar.“

### 36. gr.

**Lög þessi öðlast þegar gildi. ...**

### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

---

<sup>26</sup> L. 99/1994, 1. gr.

<sup>27</sup> Rg. 335/1987.

„Með samþykkt laga þessara falla úr gildi lög sem nú gilda um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 236/1976, með síðari breytingum.“

### Ákvæði til bráðabirgða.

[Tilhögun skv. 6. gr. skal endurskoða samhliða endurmati á fjárhagslegum forsendum samkvæmt samkomulagi milli [ráðherra er fer með málefni sveitarfélaga]<sup>28</sup> og [ráðherra],<sup>29</sup> f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga.]<sup>30</sup>

#### 1. Lögskýringargögn

Ákvæðinu fylgdu svohljóðandi skýringar í greinargerð:

Ákvæði þetta á að tryggja að ekki verði samningslaust frá því að eldri lög falla úr gildi þar til gerðir hafa verið samningar samkvæmt þessum lögum.

---

<sup>28</sup> L. [126/2011](#), 117. gr.

<sup>29</sup> L. [126/2011](#), 117. gr.

<sup>30</sup> L. [154/2010](#), 2. gr.

## Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

### Inngangur.

Með kjarasamningum fjármálaráðherra á þessu ári við heildarsamtök opinberra starfsmanna, þ.e. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja (BSRB), launamálaráð ríkisstarfsmanna innan BHM (BHMR) og Bandalag kennarafélaga (BK), fylgdu bókanir þess efnis að nefndir samningsaðilar skyldu undirbúa endurskoðun á núgildandi lögum um gerð kjarasamninga.

Eftir fyrstu fundi í þessum nefndum, þar sem kynntar voru fyrstu hugmyndir um breytingar á núgildandi kjarasamningalögum, ákváðu bandalögin að ganga sameiginlega til þessara viðræðna og undirbúnings. Eftir að viðræður voru hafnar óskaði Samband íslenskra sveitarfélaga eftir aðild að viðræðunum og tók síðan þátt í þeim.

Um miðjan nóvember lagði viðræðunefndin fram drög að nýju frumvarpi um kjarasamninga opinberra starfsmanna sem kynnt var innan bandalaganna. Í framhaldi af því var vinnu við frumvarpið lokið og liggur það nú fyrir í þeirri mynd sem viðræðunefndin og forustumenn framangreindra heildarsamtaka opinberra starfsmanna hafa komið sér saman um eins og eftirfarandi samkomulag, sem aðilar undirrituðu 24. nóvember s.l., ber með sér en það hljóðar svo:

"Í efnislega samhljóða bókunum með aðalkjarasamningum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, Launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan BHM og Bandalags kennarafélaga er ákveðið að aðilar þeirra samninga vinni að endurskoðun á gildandi lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Fulltrúar aðila að þessum samningum hafa ásamt fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga unnið sameiginlega að þessum málum síðast liðna mánuði og hafa samið drög að frumvarpi tillaga um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Meginbreytingar frumvarpsins frá gildandi lögum eru:

1. Ein lög gildi um kjarasamninga opinberra starfsmanna hjá ríki, sveitarfélögum og stofnunum þeirra.
2. Þau félög, sem nú hafa sérkjarasamninga við ríki eða sveitarfélög á grundvelli gildandi laga, fái fullan samningsrétt og verkfallsrétt og önnur stéttarfélög fái þennan rétt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum.
3. Undanþágur frá verkfalli verði skýrt markaðar í lögum, kjaradeilunefnd verði lögð niður og hafa aðilar náð samkomulagi um stefnumarkandi lista um þá sem verði undanþegnir verkfalli, skv. 19. grein frumvarpsins.

Efni frumvarpsins hefur verið kynnt innan þeirra heildarsamtaka sem aðild hafa átt að samningi frumvarpsins og eru þau ásamt fulltrúum fjármálaráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sammála um að leggja til að frumvarp þetta verði lagt fram hið fyrsta sem stjórnarfrumvarp. Mun fjármálaráðherra beita sér fyrir því að fá frumvarp þetta samþykkt á Alþingi á þessu ári.

Reykjavík, 24. nóvember 1986.

Fjármálaráðherra  
*Þorsteinn Pálsson.*  
*Indriði H. Þorláksson.*  
*Þorsteinn Geirsson.*  
F.h. Sambands ísl. sveitarfélaga  
*Magnús E. Guðjónsson.*

F.h. Bandalags starfsmanna ríkis og bæja  
*Kristján Thorlacius.*  
F.h. Launamálaráðs ríkisstarfsmanna innan  
BHM  
*Birgir Björn Sigurjónsson.*  
F.h. Bandalags kennarafélaga  
*Elín G. Ólafsdóttir.*“

## Forsaga og fyrri lagaákvæði.

Um kjarasamninga opinberra starfsmanna hafa á undanförunum árum verið í gildi tvenn lög. Önnur þeirra eru lög nr. 29/1976, um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Samkvæmt þeim lögum fer BSRB með umboð til þess að gera aðalkjarasamning við fjármálaráðuneytið fyrir hönd aðildarfélaganna sinna en þau annast gerð sérkjarasamninga. Að því er tekur til starfsmanna sveitarfélaga fara einstök félög þeirra með umboð til gerðar aðalkjarasamnings og sérkjarasamnings við viðkomandi sveitarstjórn. Samkvæmt lögum þessum hefur BSRB rétt til að gera allsherjarverkfall í þeim tilgangi að knýja á um gerð aðalkjarasamnings. Verkfallsréttur þessi er þó takmarkaður á ýmsan hátt og aðdragandi verkfalls með öðrum hætti en á almennum vinnumarkaði hér á landi.

Lögin um kjarasamninga BSRB eru samin upp úr lögum frá 1973, um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sem áður giltu fyrir BSRB en gilda nú fyrir BHMR og BK. Auk þess gerir Læknafélag Íslands kjarasamninga fyrir sjúkrahúslækna á grundvelli þeirra laga. Lög þessi með síðari breytingum eru nr. 62/1985. Meginmunur þessara tvennra laga liggur í því að í þeim síðarnefndu er ekki heimild til verkfalls. Um starfsmenn, sem undir þau lög falla, gilda því lög nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna.

Á undanförunum árum hafa ýmsir annmarkar á núverandi skipan samningamála komið æ skýrar í ljós. Meðal annars hefur það komið fram í ágreiningi milli samningsaðila um túlkun á lögnum bæði í verkfalli BSRB í október 1984 og í málsmeðferð í málum BHMR fyrir Kjaradómi á síðustu árum. Það hefur einnig sýnt sig að núgildandi lög hafa ekki til að bera þann sveigjanleika sem nauðsynlegur er og óánægju hefur gætt af hálfu BHMR og BK með niðurstöður Kjaradóms.

Í alllangan tíma hafa heildarsamtök opinberra starfsmanna farið fram á að lögum um samningsrétt þeirra verði breytt á þann veg að samningsréttur og verkfallsréttur flytjist til einstakra aðildarfélaganna. Ekki var tekið undir þetta af fjármálaráðuneyti fyrr en á þessu ári.

## Helstu breytingar og grundvallaratriði.

Í umfjöllun um einstakar greinar hér á eftir verður gerð grein fyrir nýjum og breyttum efnisatriðum. Áður en vikið verður að þeim er rétt að draga saman þau meginatriði sem greina frumvarp þetta frá núgildandi lögum og þeim viðhorfum sem þar liggja að baki.

Í núgildandi lögum er umboð til að gera samninga annars vegar bundið við BSRB og hins vegar við þau heildarsamtök sem fjármálaráðherra veitir viðurkenningu samkvæmt lögum um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Umboð til að gera aðalkjarasamning er með þessum hætti takmarkað við fáa aðila og umboð til að gera sérkjarasamninga er í höndum þeirra félaga sem eru aðilar að þessum heildarsamtökum.

Í fyrirbyggjandi frumvarpi er umboð til samningsgerðar ekki bundið með þessum hætti en gert er ráð fyrir að hvert það stéttarfélag starfsmanna ríkis eða sveitarfélaga, sem uppfyllir tiltekin almenn skilyrði, geti orðið samningsaðili óháð því hvort það er innan heildarsamtaka eða ekki.

Gildandi lög eru fyrst og fremst miðuð við ríkið og starfsmenn þess en um samninga starfsmanna sveitarfélaga hafa gilt ákvæði reglugerðar sem sett er við lögin. Ákvæði fyrirbyggjandi frumvarps eru miðuð við það að þau geti tekið til sveitarfélaga og starfsmanna þeirra með sama hætti og til ríkisins og starfsmanna þess.

Heimild til verkfalls, sem samkvæmt gildandi lögum nær einungis til BSRB, færist samkvæmt frumvarpinu til einstakra stéttarfélaganna. Takmarkanir á verkfalli og aðdragandi þess eru á ýmsan hátt hliðstæð því sem nú gildir um BSRB en þó frábrugðið að því er þátt sáttasemjara og sáttatillögu við boðun verkfalls varðar og með hvaða hætti undanþágur frá verkfalli eru ákveðnar.

Samkvæmt núgildandi lögum ber sáttasemjara að leggja fram sáttatillögu ef verkfall er boðað. Allsherjaratkvæðagreiðsla fer fram um tillöguna og ráða úrslit hennar því hvort til verkfalls kemur eða ekki. f frumvarpinu er ekki gert ráð fyrir skyldu sáttasemjara til að leggja fram sáttatillögu. Um aðild hans að kjaradeilu mun því fara eftir lögum nr. 33/1978, um sáttastörf í vinnudeilum.

Í gildandi lögum hefur sérstök nefnd, kjaradeilunefnd, það hlutverk að ákveða hverjir skuli vinna þrátt fyrir verkfall í þeim tilgangi að tryggð sé nauðsynleg öryggis- og heilsugæsla. Fyrirkomulag þetta og starfsemi kjaradeilunefndar var hart gagnrýnd í síðasta verkfalli. f stað þessa fyrirkomulags gerir frumvarpið ráð fyrir því að annars vegar verði birtur tæmandi listi yfir þau störf sem undanþegin eru

verkfalli og hins vegar að undanþágur verði veittar til að firra neyðarástandi. Slíkar undanþágur yrðu háðar samþykki tveggja fulltrúa sem deiluaðilar skipa.

Í þeim lögum, sem um BHMR og BK gilda, er hlutverk sáttasemjara að koma á viðræðum milli aðila og kanna möguleika á samkomulagi. Takist það ekki innan tiltekinna tímamarka er málinu vísað til Kjaradóms. Ákvæði þessi falla nú niður og þar með hlutverk Kjaradóms í kjaradeilum stéttarféлага opinberra starfsmanna.



## **Viðauki I.**

### **Dómar Félagsdóms**

**Ríkið og stofnanir þess frá 1986 til 2015**  
**Sveitarfélög og fyrirtæki þess frá 1986 til 2015**  
**Sjálfseignarstofnanir frá 1986 til 2015**  
**Almennur vinnumarkaður frá 2000 til 2015**

(Heimild: Félagsdómur og <http://www.urskurdir.is/Felagsmala/Felagsdomur/>)

## Ríkið og stofnanir þess

### *Samningsaðild:*

Mál nr. [4/2013](#). Dómur 30. maí 2013. Flugvirkjafélag Íslands gegn íslenska ríkinu v/Flugmálastjórnar Íslands.

[Mál nr. 1/2008: Dómur frá 30. apríl 2008](#). Félag prófessora við ríkisháskóla gegn íslenska ríkinu, Félagi háskólakennara, Félagi háskólakennara á Akureyri og Kennarafélagi Kennaraháskóla Íslands.

[Mál nr. 12/2005: Dómur frá 29. desember 2005](#). Skurðlæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu og til réttargæslu Læknafélagi Íslands.

[Mál nr. 2/2004: Dómur frá 12. júlí 2004](#). Starfsmannafélag ríkisstofnana vegna 45 einstaklinga gegn íslenska ríkinu og Eflingu-stéttarfélagi.

[Mál nr. 2/2004: Úrskurður frá 17. maí 2004](#). Starfsmannafélag ríkisstofnana vegna 45 einstaklinga gegn íslenska ríkinu og Eflingu-stéttarfélagi.

[Mál nr. 8/2002: Dómur frá 23. júní 2002](#). Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Læknafélagi Íslands og Félagi ungra lækna.

[Mál nr. 9/2001: Dómur frá 4. júlí 2001](#). Starfsmannafélag ríkisstofnana vegna MG gegn íslenska ríkinu, Byggðasamlagi um málefni fatlaðra í Norðurlandskjördæmi vestra og Verkalýðsfélaginu Vöku.

*Tekur aðeins til aðalstarfs.*

[Dómur 31. maí 1991 í máli nr. 1/1991 \(IX:427\)](#). Félag íslenskra Náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra, Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi Háskólakennara.

*Samningsaðild vegna stundakennara. Frávísunar kröfu hafnað. Frávísun að hluta.*

[Dómur 14. maí 1991 í máli nr. 1/1991 \(IX:416\)](#). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra, Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara.

### *Túlkun kjarasamnings:*

#### Útkall:

[Mál nr. 7/2012: Dómur frá 5. október 2012](#). Bandalag háskólamanna f.h. Félags lífeindafræðinga gegn íslenska ríkinu v/Heilbrigðisstofnunar Vesturlands.

[Mál nr. 3/2011: Dómur frá 8. júní 2011](#). Bandalag háskólamanna f.h. Félags lífeindafræðinga gegn íslenska ríkinu vegna Sjúkrahússins á Akureyri.

[Mál nr. 9/2010: Úrskurður frá 15. desember 2010](#). Bandalag háskólamanna f.h. Félags lífeindafræðinga gegn íslenska ríkinu vegna Sjúkrahússins á Akureyri.

[Mál nr. 13/2002: Dómur frá 4. febrúar 2003](#). Starfsmannafélag Akureyrarbæjar f.h. FH gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs vegna Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri.

#### Akstur:

[Mál nr. 3/2010: Dómur frá 4. júní 2010](#). Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga f.h. KA gegn íslenska ríkinu vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

[Mál nr. 5/2009: Dómur frá 24. apríl 2009](#). Sjúkraliðafélag Íslands f.h. ÞG gegn íslenska ríkinu vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja.

#### Vaktir:

*Álagsgreiðslur/vaktaálag.*

[Mál nr. 8/2010: Dómur frá 21. mars 2011](#). Dýralæknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu.

*Vaktafrí.*

[Mál nr. 6/2010: Dómur frá 24. september 2010.](#) Tollvarðafélag Íslands gegn íslenska ríkinu vegna tollvarða við embætti sýslumannsins á Akureyri.

*Setning reglna, bakvaktaskylda, vinnu á hvíldardegi.*

[Mál nr. 6/2009: Dómur frá 22. janúar 2010.](#) Landssamband lögreglumanna gegn íslenska ríkinu.

*Vaktakerfi.*

[Mál nr. 4/2006: Dómur frá 6. júlí 2006.](#) Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn íslenska ríkinu.

*Fritökuréttur.*

[Mál nr. 13/2000: Dómur frá 12. desember 2000.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands vegna SE gegn íslenska ríkinu og Landhelgisgæslu Íslands.

*Laun:*

Mál nr. [20/2015](#). Dómur 14. október 2015. Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu.

Mál nr. [22/2015](#). Dómur 14. október 2015. Ljósmeðrafélag Íslands gegn íslenska ríkinu.

Mál nr. [5/2015](#). Dómur 12. október 2015. Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu vegna Landspítala.

Mál nr. [19/2015](#). Úrskurður 29. júní 2015. Ljósmeðrafélag Íslands gegn íslenska ríkinu.

Mál nr. 1/2014 (óbirtur). Dómur 10. júlí 2014. SFR- stéttarfélag í almannajónustu gegn íslenska ríkinu vegna Fangelismálastofnunar ríkisins.

Mál nr. [11/2013](#). Dómur 3. febrúar 2014. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga vegna F gegn íslenska ríkinu vegna Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

Mál nr. [2/2013](#) Dómur 21. maí 2013. Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu v/Landspítala. Vaktaálag vegna bundinna vakta þegar starfsmaður forfallast vegna veikinda barna.

Mál nr. [11/2012](#). Dómur 14. febrúar 2013. Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn íslenska ríkinu v/ Veiðimálastofnunar.

*Yfirvinnulaun fyrir kennslu umfram vinnuskyldu.*

[Mál nr. 10/2011: Dómur frá 19. desember 2011.](#) Félag háskólakennara gegn íslenska ríkinu vegna Háskóla Íslands.

*Dagvinnulaun/viðbótarþættir.*

[Mál nr. 11/2005: Dómur frá 11. október 2005.](#) Læknafélag Íslands gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs.

*Föst mánaðarlaun/samsett laun.*

[Mál nr. 2/2005: Úrskurður frá 15. apríl 2005.](#) Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu f.h. Heilbrigðisstofnunar Suðurlands.

*Stofnanasamningur/launaflokkur.*

[Mál nr. 17/2004: Úrskurður frá 14. mars 2005.](#) Landssamband lögreglumanna gegn íslenska ríkinu vegna embættis ríkislögreglustjóra.

*Launagreiðslur til lausráðinna hljómlistamanna.*

[Mál nr. 5/2002: Dómur frá 26. júní 2002.](#) Alþýðusamband Íslands vegna Félags íslenskra hljómlistarmanna f.h. lausráðinna hljómlistarmanna við Sinfóníuhljómsveit Íslands gegn Sinfóníuhljómsveit Íslands.

*Forsendur launaröðunar í nýju launakerfi.*

[Mál nr. 18/2001: Dómur frá 15. febrúar 2002.](#) Stéttarfélag sálfræðinga á Íslandi gegn Landspítala - háskólasjúkrahúsi og íslenska ríkinu.

*Röðun í launaramma.*

[Mál nr. 5/2000: Úrskurður frá 8. júní 2000.](#) Meinatæknafélag Íslands gegn Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

*Gildi úrskurðar um forsendur launaramma og forsendur röðunar í launaflokka.*

[Dómur, 23. júní 1998 í máli nr. 5/1998 \(XI:291\).](#) Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn ríkissjóði Íslands.

*Röðun læknaaritara í launaflokka. Valdsvið samráðsnefndar. Framkvæmd kjarasamninga.*

[Dómur 12. júní 1996 í máli nr. 3/1996 \(X:626\).](#) SFR gegn fjármálaráðherra vegna ríkisspítalanna.

*Endurskoðun á launakerfi háskólamenntaðra ríkisstarfsmanna. Frávísunarkröfu hafnað.*

[Dómur 23. júlí 1990 í máli nr. 4/1990 \(IX:365\).](#) Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra.

*Annað:*

*Höfnun námsleyfisumsóknar.*

[Mál nr. 10/2010: Dómur frá 7. febrúar 2011.](#) Læknafélag Íslands gegn íslenska ríkinu f.h. Landspítalans.

*Kennsluskylda.*

[Mál nr. 4/2009: Dómur frá 12. maí 2009.](#) Kennarasamband Íslands vegna Félags framhaldsskólakennara gegn íslenska ríkinu.

*Kennsluskylda.*

[Mál nr. 7/2008: Úrskurður frá 8. janúar 2009.](#) Kennarasamband Íslands vegna Félags framhaldsskólakennara gegn íslenska ríkinu.

*Þakklætisgreiðsla.*

[Mál nr. 10/2005: Úrskurður frá 21. október 2005.](#) Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Heilsugæslunni í Reykjavík.

*Ferðatilhögun.*

[Mál nr. 8/2005: Dómur frá 30. maí 2005.](#) Félag íslenskra atvinnuflugmanna gegn íslenska ríkinu vegna Landhelgisgæslu Íslands.

*Undirritun stofnanaþátta í samræmi við sameiginlega yfirlýsingu.*

[Mál nr. 10/2002: Úrskurður frá 13. nóvember 2002.](#) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Félags íslenskra skipstjórnarmanna vegna stýrimanna í þjónustu Landhelgisgæslu Íslands gegn Landhelgisgæslu Íslands.

*Réttur til dagpeninga.*

[Mál nr. 7/2000: Dómur frá 19. febrúar 2000.](#) Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn ríkissjóði Íslands.

*Réttur til dagpeninga.*

[Mál nr. 7/2000: Úrskurður frá 14. september 2000.](#) Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn ríkissjóði Íslands.

*Réttur til dagpeninga.*

[Mál nr. 3/2000: Úrskurður frá 7. apríl 2000.](#) Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn ríkissjóði Íslands.

*Frí/vinna fjarri föstum vinnustað.*

[Mál nr. 2/2000: Dómur frá 7. apríl 2000.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Flugvirkjafélags Íslands gegn íslenska ríkinu og Landhelgisgæslu Íslands.

*Fjölgun hljótleika. Greiðslur á ferðalögum.*

[Dómur 10. september 1997 í máli nr. 14/1997 \(XI:124\).](#) ASÍ f.h. Félags íslenskra hljómlistarmanna vegna Starfsmannafélags Sinfóníuhljómsveitar Íslands gegn fjármálaráðherra v/ Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

*Efni kjarasamninga.*

[Dómur 19. nóvember 1996 í máli nr. 12/1996 \(X:673\).](#) Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn samgönguráðherra fh. Flugmálastjórnar og fjármálaráðherra fh. ríkissjóðs.

*Orlof af fastri yfirvinnu.*

Dómur 14. október 1996 í máli nr. 11/1996 (X:652). Dómarafélag Íslands gegn fjármálaráðherra.

*Ákvörðun samráðsnefndar. Frávísunarkröfu hafnað. Dómsvald Félagsdóms.*

Dómur 23. apríl 1996 máli nr. 3/1996 (X:597). Starfsmannafélag ríkisstofnana gegn fjármálaráðherra vegna ríkisspítala.

*Dómsvald Félagsdóms um skipulagningu vinnutíma. Frávísun.*

Dómur 13. maí 1993 í máli nr. 4/1993 (X:58). Landssamband lögreglumanna gegn fjármálaráðherra.

*Gildistími kjarasamnings. Samtarfsnefnd.*

Dómur 17. júlí 1992 í máli nr. 9/1992 (IX:538). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra.

*Einhlíða yfirlýsing um uppsögn ráðningarkjara.*

Dómur 13. mars 1986 í máli nr. 1/1986 (IX:122). Fjármálaráðherra gegn ASÍ f.h. Sveinafélags rafeindavirkja.

### **Verkfall:**

*Boðun verkfalls. Tilkynning.*

Mál nr. [17/2015](#). Dómur 10. maí 2015. Íslenska ríkið gegn Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

*Boðun verkfalls. Vinnuveitandi.*

Mál nr. [10/2015](#). Dómur 6. apríl 2015. Íslenska ríkið gegn Félagi háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins.

Mál nr. [11/2015](#). Dómur 6. apríl 2015. Íslenska ríkið gegn Félagi íslenskra náttúrufræðinga.

Mál nr. [12/2015](#). Dómur 6. apríl 2015. Íslenska ríkið gegn Stéttarfélagi háskólanna á matvæla- og næringarsviði.

Mál nr. [13/2015](#). Dómur 6. apríl 2015. Íslenska ríkið gegn Stéttarfélagi lögfræðinga.

Mál nr. [14/2015](#). Dómur 6. apríl 2015. Íslenska ríkið gegn Ljósmeðrafélagi Íslands.

*Boðun verkfalls Stofnanasamningur Friðarskylða.*

Mál nr. [9/2014](#). Dómur 3. júní 2014. Íslenska ríkið gegn Félagi íslenskra náttúrufræðinga.

*Boðun verkfalls.*

[Mál nr. 12/2011: Dómur frá 3. nóvember 2011.](#) Íslenska ríkið gegn Starfsmannafélagi Sinfóníuhljómsveitar Íslands

*Laun í verkfalli.*

Mál nr. [18/2015](#). Dómur 29. júní 2015. Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn íslenska ríkinu.

[Mál nr. 3/2002: Dómur frá 8. júlí 2002.](#) Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn íslenska ríkinu.

*Yfirvinnubann.*

[Mál nr. 1/2002: Dómur frá 16. janúar 2002.](#) Íslenska ríkið gegn Félagi íslenskra flugumferðarstjóra.

*Boðun verkfalls.*

[Mál nr. 12/2001: Dómur frá 30. maí 2001.](#) Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Þroskaþjálfafélagi Íslands.

*Boðun verkfalls.*

[Mál nr. 13/2001: Dómur frá 29. maí 2001.](#) Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga.

*Boðun verkfalls.*

[Mál nr. 9/2000: Dómur frá 28. september 2000.](#) Íslenska ríkið gegn Alþýðusambandi Íslands vegna Verkamannasambands Íslands f.h. Verkalýðsfélags Bárunnar-Þórs.

*Framkvæmd atkvæðagreiðslu. Hvort auðir seðlar skuli taldir með.*

Dómur 11. apríl 1988 í máli nr. 5/1988 (IX:224). Hið íslenska kennarafélag gegn fjármálaráðherra.

*Atkvæðagreiðsla um heimild til boðunnar verkfalls.*

Dómur 5. apríl 1988 í máli nr. 4/1988 (IX:218). Kennarasamband Íslands gegn fjármálaráðherra.

*Ólögmat vinnustöðvun flugumferðarstjóra. Atkvæðagreiðsla um heimild til boðunnar verkfalls.*

Dómur 22. maí 1987 í máli nr. 3/1987 (IX:173). Fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs gegn Félag íslenskra flugumferðarstjóra.

*Launagreiðslur til þeirra sem kallaðir eru til vinnu.*

Dómur 13. mars 1995 í máli nr. 2/1995 (X:313). Sjúkraliðafélag Íslands gegn fjármálaráðherra.

### **Verkfallslistar:**

*Tilgreining starfa*

Mál nr. [6/2015](#). Dómur 15. maí 2015. Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn íslenska ríkinu.

Mál nr. [15/2015](#). Dómur 14. október 2015. SFR-stéttarfélag í almannajónustu gegn íslenska ríkinu.

Mál nr. [7/2015](#). Dómur 6. apríl 2015. Félag geislafræðinga gegn íslenska ríkinu.

Mál nr. [9/2015](#). Dómur 6. apríl 2015. Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn íslenska ríkinu.

*Gildi verkfallslista. Matsgerð sérfróðra aðila lögð til grundvallar.*

Dómur 7. maí 1998 í máli nr. 10/1997 (XI:249). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn Íslenskra ríkinu.

*Gildi verkfallslista. Frávísun að hluta.*

Dómur 23. júní 1997 í máli nr 10/1997 (XI:84). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn íslenska ríkinu.

*Gildi verkfallslista. Frávísun.*

Dómur 8. apríl 1997 í máli nr. 3/1997 (XI:25). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn fjármálaráðherra.

*Verkfallslisti.*

Dómur 30. október 1995 í máli nr. 13/1995 (X:453). BSRB f.h. fimm aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra.

*Gildi fyrirliggjandi verkfallslista.*

Dómur 25. september 1995 í máli nr. 3/1995 (X:440). Félag íslenskra flugumferðarstjóra gegn fjármálaráðherra.

*Verkfallslistar. Deilt um mönnunarþörf í verkfalli.*

Dómur 21. júní 1995 í máli nr. 9/1995 (X:381). BHMR f.h. fimm aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra.

*Verkfallslistar. Deilt um mönnunarþörf í verkfalli.*

Dómur 26. maí 1995 í máli nr. 8/1995 (X:347). Bandalag háskólamanna f.h. tveggja aðildarfélaga gegn. St Jósefsspítala, Landakoti.

*Gildi verkfallslista. Samráð.*

Dómur 15. janúar 1995 í máli nr. 9/1995 (X:534). BHMR, f.h. fimm aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra.

*Stéttarfélag gætti ekki að andmælarétti sínum.*

Dómur 9. desember 1994 í máli nr. 15/1994 (X:282). Fjármálaráðherra gegn Sjúkraliðafélagi Íslands.

*Verkfallslisti. Ekki veittur lögboðinn frestur til andmæla.*

Dómur 15. nóvember 1994 í máli nr. 12/1994 (X:260). St. Jósefsspítali gegn Sjúkraliðafélagi Íslands vegna þeirra félagsmanna sem þar störfuðu.

*Gildi verkfallslista.*

Dómur 25. mars 1993 í máli nr. 1/1992 (X:29). BSRB f.h. 17 aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra.

*Ólögmat vinnustöðvun. Fundarhöld.*

Dómur 20 janúar 1993 í máli nr. 14/1992 (X:1). Fjármálaráðherra gegn Sjúkraliðafélagi Íslands.

*Afstaðin fundarhöld. Frávísunarkröfu hafnað.*

Dómur 15. desember 1992 í máli nr. 14/1992 (IX:563). Fjármálaráðherra gegn Sjúkraliðafélagi Íslands.

*Staðgengill. Skrá skv. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 38/1954.*

Dómur 1. júní 1992 í máli nr. 4/1992 (IX:494). BHMR f.h. þriggja aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra.

*Verkfallslisti.*

Dómur 1. júní 1992 í máli nr. 3/1992 (IX:485). BHMR f.h. 8 aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra.

*Forstöðumenn og staðgenglar. Réttur til að koma að andmælum við síðari lista.*

Dómur 10. júlí 1990 í máli nr. 1/1990 (IX:333). BHMR, f.h. sjö aðildarfélaga gegn fjármálaráðherra.

**Annað:**

*Gjald til stéttarféлага. Félagafrelsi.*

Dómur 22. september 1998 í máli nr. 4/1998. Sjúkraliðafélag Íslands gegn Íslenska ríkinu og Starfsmannafélagi ríkisstofnana.

*Hæfi dómara, sem skipaðir eru af stéttarfélögum.*

Dómur 17. apríl 1991 í máli nr. 1/1991 (IX:406). Félag íslenskra náttúrufræðinga gegn fjármálaráðherra, Samtökum stundakennara við Háskóla Íslands og Félagi háskólakennara.

## Sveitarfélög og fyrirtæki þess

### **Samningsaðild:**

[Mál nr. 9/2008: Dómur frá 11. febrúar 2009.](#) Sjúkraliðafélag Íslands gegn Reykjavíkurborg.

[Mál nr. 1/2007: Dómur frá 16. maí 2007.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Afls, starfsgreinafélags Austurlands f.h. GE og GMÓ gegn Fjarðabyggð og Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi.

[Mál nr. 1/2006: Dómur frá 6. apríl 2006.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands, vegna Afls, starfsgreinafélags Austurlands f.h. SBB gegn Fjarðabyggð og Félagi opinberra starfsmanna á Austurlandi.

[Mál nr. 10/2001: Úrskurður frá 9. júlí 2001.](#) Sjómannafélag Reykjavíkur gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

[Mál nr. 11/2000: Dómur frá 26. mars 2001.](#) Bifreiðarstjórafélagið Sleipnir gegn Reykjavíkurborg.

[Mál nr. 11/2000: Úrskurður frá 16. nóvember 2000.](#) Bifreiðastjórafélagið Sleipnir gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

*Skilyrðum um samningsaðild vikið til hliðar. Félagafrelsi.*

[Dómur 23. desember 1999 máli nr. 9/1999 \(XI:484\).](#) Vélástjórafélag Íslands gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

*Samningsaðild sjúkraliða.*

[Dómur 27. júní 1997 í máli nr. 9/1997 \(XI:97\).](#) Sjúkraliðafélag Íslands gegn Reykjanesbæ og Starfsmannafélagi Reykjanesbæjar.

*Samningsaðild hjúkrunarfræðings.*

[Dómur 14. júlí 1995 í máli nr. 16/1995 \(X:411\).](#) Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn borgarstjóranum í Reykjavík f.h. Reykjavíkurborgar og Starfsmannafélagi Reykjavíkurborgar.

*Samningsaðild. Frávísun.*

[Dómur 18. apríl 1989 í máli nr. 3/1989 \(IX:287\).](#) Sálfræðingafélag Íslands gegn Fræðsluskrifstofu Reykjanesumdæmis.

### **Túlkun kjarasamnings:**

*Starfsheiti/sjúkraliði A eða B.*

Mál nr. [1/2015](#). Dómur frá 20. maí 2015. Sjúkraliðafélag Íslands gegn Akureyrarbæ.

*Launaflokkur.*

Mál nr. [2/2015](#). Dómur frá 30. mars 2015. Stéttarfélag lögfræðinga f.h. Ö og S gegn Reykjavíkurborg.

*Persónuálag.*

Mál nr. [5/2014](#). Dómur 2. desember 2014. Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Bárunnar stéttarfélags f.h. S gegn Sveitarfélaginu Árborg.

*Desemberuppbot við starfslok.*

Mál nr. [3/2014](#). Dómur 3. nóvember 2014. Starfsmannafélag Mosfellsbæjar-Stamos gegn Mosfellsbæ.

*Launleiðrétting/starfsmat*

[Mál nr. 8/2008. Dómur frá 30. júní 2009.](#) Starfsmannafélag Kópavogs vegna AIG gegn Kópavogsbæ.

*Uppsögn á launalið kjarasamnings.*

[Mál nr. 2/2007: Dómur frá 15. maí 2007.](#) Alþýðusamband Íslands vegna Matvís matvæla og veitingafélags Íslands gegn Sambandi íslenskra sveitarfélaga vegna Launanevndar sveitarfélaga.



*Afturvirkni launaleiðréttingar.*

[Mál nr. 8/2006: Úrskurður frá 11. janúar 2007.](#) Starfsmannafélag Kópavogs gegn Kópavogsbæ.

*Einhlíða breyting á tímaeiningum við vinnu við ræstingar.*

[Mál nr. 9/2005: Úrskurður frá 9. maí 2005.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar gegn Hafnarfjarðarbæ og Samtökum atvinnulífsins vegna Sólar ehf.

*Útkall vegna vinnu við fjarlausnir eða símhringingar.*

[Mál nr. 6/2003: Dómur frá 2. júlí 2003.](#) Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar B-hluti gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Skýrr hf.

*Útgjöld vegna lögmansþóknunar.*

[Mál nr. 7/2002: Úrskurður frá 14. október 2002.](#) Kennarasamband Íslands f.h. Félags grunnskólakennara vegna ÞHM gegn Launanevnd sveitarfélaga f.h. Seltjarnarneskaupstaðar.

*Launaflokkur/starfsmat.*

[Mál nr. 8/2001: Dómur frá 12. júní 2001.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga vegna Trésmiðafélags Reykjavíkur gegn Reykjavíkurborg.

*Launaflokkur.*

[Mál nr. 14/2000: Úrskurður frá 20. desember 2000.](#) Vélstjórafélag Íslands f.h. HS gegn Reykjavíkurborg og Orkuveitu Reykjavíkur.

*Staðfesting kjarasamnings.*

[Dómur 15. desember 1992 í máli nr. 13/1992 \(IX:554\).](#) Launanevnd sveitarfélaga v/Hafnarfjarðarbæjar gegn Fóstrufélagi Íslands.

***Uppsögn trúnaðarmanns:***

[Mál nr. 6/2011: Dómur frá 27. júní 2011](#) Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar gegn Orkuveitu Reykjavíkur.

[Mál nr. 4/2008: Úrskurður frá 28. júlí 2008.](#) Bandalag starfsmanna ríkis og bæja f.h. Starfsmannafélags Reykjavíkur og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar í eigin nafni gegn Strætó bs. og gagnsök.

[Mál nr. 1/2003: Dómur frá 7. apríl 2003.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Alþýðusambands Vestfjarða vegna Verkalýðsfélags Vestfirðinga gegn Ísafjarðarkaupstað.

***Verkfall:***

*Óheimil þátttaka í verkfalli.*

[Mál nr. 11/2001: Dómur frá 20. maí 2001.](#) Reykjavíkurborg gegn Þroskaþjálfafélagi Íslands.

*Fjöldauppsagnir.*

[Dómur 21. október 1999 í máli nr. 7/1999 \(XI:476\).](#) Launanevnd sveitarfélaga f.h. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara.

*Fjöldauppsagnir Frávísunarkröfu hafnað.*

[Dómur 13. september 1999 í máli nr. 7/1999 \(XI:461\).](#) Launanevnd sveitarfélaga fh. Árborgar gegn Félagi íslenskra leikskólakennara.

*Aðilaskipti. Ráðningarkjör. Boðun verkfalls.*

[Dómur 19. janúar 1994 í máli nr. 1/1994.\(X:149\).](#) VSÍ f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf. gegn BSRB vegna Reykjavíkurborgar og til réttargæslu ASÍ. Lögformlegur samningsaðili

*Takmarkanir á verkfallsheimild skýrðar þröngt.*

[Dómur 2. október 1984 í máli nr. 7/1984 \(IX:503\).](#) BSRB f.h. Starfsmannafélags Selfoskaupstaðar gegn bæjarstjóranum á Selfossi f.h. Selfoskaupstaðar og Helga Bergman Sigurðssyni.

***Verkfallslisti:***

*Nauðsynleg öryggisgæsla.*

Dómur 3. júlí 1995 í máli nr. 11/1995 (X:394). Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi gegn Reyðarfjarðarhrepp.

*Samráð við gerð verkfallslista og birting hans.*

Dómur 4. júní 1992 í máli nr. 2/1992 (IX:506). BHMR f.h. 11 aðildarféлага gegn borgarstjóranum í Reykjavík fh. borgarstjórnar Reykjavíkur og 4 öðrum stéttarfélögum.

***Annað:***

*Úrsögn úr stéttarfélagi. Gildandi kjarasamningar.*

Dómur 27. nóvember 1998 í máli nr. 18/1998 (XI:350). Stéttarfélag verkfræðinga gegn Reykjavíkurborg og Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.

*Úrsögn úr stéttarfélagi. Frávísun.*

Dómur 15. október 1998 í máli nr. 9/1998 (XI:325). Stéttarfélag verkfræðinga gegn Reykjavíkurborg

*Skipan félagsdóms, dómari tilnefndur af ASÍ.*

Dómur 15. janúar 1994 í máli nr. 1/1994 (X:149). VSÍ f.h. Strætisvagna Reykjavíkur hf. gegn BSRB vegna Starfsmannafélags Reykjavíkurborgar og til réttargæslu ASÍ vegna 8 aðildarféлага.

## Sjálfseignarstofnanir

*Yfirvinnukaup vegna takmörkunar á matar- og kaffitímum.*

[Mál nr. 4/2011: Dómur frá 24. júní 2011.](#) Sjúkraliðafélag Íslands vegna HMK gegn Grund, dvalar- og hjúkrunarheimili.

*Akstur.*

[Mál nr. 7/2010: Dómur frá 19. október 2010.](#) Sjúkraliðafélag Íslands vegna GS, SS, MB, HLH, ÓJ, GBK, ÓB og ÓL gegn Garðvangi.

*Réttur til launahækkunar samkvæmt framgangskerfi.*

[Mál nr. 3/2003: Dómur frá 30. júní 2003.](#) Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga gegn Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra í Reykjavík, og Hrafnistu, dvalarheimili aldraðra í Hafnarfirði.

*Sjálfseignarstofnun skipan Félagsdóms.*

[Dómur 11. nóvember 1994 í máli nr. 13/1994 \(X:256\).](#) Sjómannadagurinn í Reykjavík og Hafnarfirði gegn Sjúkraliðafélagi Íslands.

## Almennur vinnumarkaður

### **Samningsaðild:**

*Samningsaðild. Kjarasamningur.*

[Mál nr. 7/2011: Dómur frá 22. nóvember 2011.](#) Blaðamannafélag Íslands vegna TG, FA, GB, RS, VPG og ÞÆ gegn Ríkisútvarpinu ohf. og til réttargæslu Félagi tæknifólks í rafiðnaði og Félagi rafeindavirkja.

*Samningsaðild.*

[Mál nr. 9/2009: Dómur frá 18. febrúar 2010.](#) Alþýðusamband Íslands vegna Félags vélstjóra og málmæknimanna gegn Norðuráli Grundartanga ehf. og Félagi iðn- og tæknigreina til réttargæslu.

### **Túlkun kjarasamnings:**

*Rekstrarstöðvun fiskvinnslu.*

Mál nr. [10/2014](#). Dómur 17. desember 2014. Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands, vegna Framsýnar stéttarfélags gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Vísis hf.

*Leiðandi maður.*

Mál nr. [12/2013](#). Dómur 30. apríl 2014. Bandalag háskólamanna vegna Félags íslenskra hljómlistarmanna f.h. félagsmanna sinna gegn Leikfélagi Reykjavíkur ses.

*Launaflokkur.*

Mál nr. [12/2012](#). Dómur 9. apríl 2013. Blaðamannafélag Íslands v/T, F, G, R og V gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Ríkisútvarpsins ohf.

*Hækkun bónus og álagsgreiðslna.*

Mál nr. [10/2012](#). Dómur 15. mars 2013. Alþýðusamband Íslands f.h. Eflingar-stéttarfélags gegn Frostfiski ehf.

*Yfirvinnukaup í matarhléi.*

[Mál nr. 8/2011: Dómur frá 8. júní 2011.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Samiðnar vegna Fagfélagsins og Félags málmíðnaðarmanna og f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Einingar- Iðju gegn Slippnum Akureyri ehf.

*Kauphækkun.*

[Mál nr. 2/2010: Dómur frá 24. júní 2010.](#) Alþýðusamband Íslands vegna Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra símamanna gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Skipta hf., Símans hf., Mílu ehf. og Já upplýsingaveita ehf.

*Launaliðir. Kauphækkun.*

[Mál nr. 1/2010: Dómur frá 26. maí 2010.](#) Drífandi stéttarfélag gegn Samtökum atvinnulífsins.

*Akstur.*

[Mál nr. 5/2007: Dómur frá 19. september 2007.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Bárunnar stéttarfélags gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Sláturfélags Suðurlands svf.

*Hækkun lágmarkslaunakjara.*

[Mál nr. 11/2006: Dómur frá 19. febrúar 2007](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Afls starfsgreinafélags Austurlands gegn Samtökum atvinnulífsins vegna ESS Support Services ehf.

*Upplýsingagjöf. Afrit af launaseðlum og vinnuskýrslum erlendra starfsmanna.*

[Mál nr. 3/2006: Dómur frá 7. júlí 2006.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga, vegna Trésmíðafélags Reykjavíkur gegn Sóleyjabyggð ehf.

*Skerðing á launum vaktavinnumanna.*

[Mál nr. 2/2006: Úrskurður frá 2. maí 2006.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Hitaveitu Suðurnesja hf.

*Upplýsingagjöf. Afrit af launaseðlum og vinnuskýrslum erlendra starfsmanna.*

[Mál nr. 13/2005: Úrskurður frá 19. janúar 2006.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga, vegna Trésmíðafélags Reykjavíkur gegn Sóleyjabyggð ehf.

*Veikindaréttur starfsmanns með hlutastarfssamning.*

[Mál nr. 1/2004: Dómur frá 19. apríl 2004.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambandsins vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar, Félags iðn- og tæknigreina, Félags járníðnaðarmanna, Rafiðnaðarsambandsins, vegna Félags íslenskra rafvirkja og Félags rafeindavirkja, Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar og Matvæla- og veitingasambands Íslands vegna Félags matreiðslumanna gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Alcan á Íslandi hf.

*Laun.*

[Mál nr. 12/2003: Úrskurður frá 10. febrúar 2004.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Samiðnar- sambands iðnfélaga vegna Félags málmíðnaðarmanna Akureyri gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Slippstöðvarinnar ehf.

*Útkall.*

[Mál nr. 5/2003: Dómur frá 28. maí 2003.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags íslenskra rafvirkja gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka verslunar og þjónustu vegna Rafmagnsveitna ríkisins.

*Skerðing sérstaks lífeyris miðað við starfshlutfall við starfslok.*

[Mál nr. 2/2003: Dómur frá 28. maí 2003.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambandsins vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar, Bíliðnafélagsins - Félags blikksmiða, Félags járníðnaðarmanna, Rafiðnaðarsambandsins vegna Félags íslenskra rafvirkja og Félags rafeindavirkja, Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar og Matvæla- og veitingasambands Íslands vegna Félags matreiðslumanna gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Alcan á Íslandi hf.

*Uppsögn. Brot á kjarasamningi.*

[Mál nr. 2/2002: Dómur frá 28. maí 2002.](#) Bifreiðastjórafélagið Sleipnir gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaðþjónustunnar vegna Kynnisferða sf.

*Niðurfelling launa vegna hráefnisskorts.*

[Mál nr. 6/2001: Úrskurður frá 6. apríl 2001.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Verkalýðsfélags Raufarhafnar gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. SR-Mjöls hf.

*Gildandi kjarasamningur.*

[Mál nr. 4/2001: Úrskurður frá 19. mars 2001.](#) Bifreiðastjórafélagið Sleipnir gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Allrahanda/Ísf.

*Desemberuppbót (13. mánuð) sem lífeyrisgreiðsla.*

[Mál nr. 10/2000: Dómur frá 27. febrúar 2001.](#) Samband íslenskra bankamanna f.h. HE gegn samninganefnd bankanna f.h. Þjóðhagsstofnunar.

*Löndunarbann.*

[Mál nr. 6/2000: Dómur frá 8. júní 2000.](#) Samtök atvinnulífsins vegna Ísfélag Vestmannaeyja gegn Alþýðusambandi Íslands vegna Verkamannasambands Íslands f.h. Einingar-Iðju.

*Vetrarleyfi.*

[Mál nr. 1/2000: Dómur frá 17. febrúar 2000.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðs- og sjómannafélags Keflavíkur og nágrennis gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaðþjónustunnar vegna Flugleiða hf.

*Uppsögn.*

[Mál nr. 11/1999: Dómur frá 11. febrúar 2000.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Verkamannasambands Íslands vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar og Landssambands íslenskra verslunarmanna vegna Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka iðnaðarins vegna Íslenska álfélagsins hf.

***Uppsögn trúnaðarmanns:***

Mál nr. [2/2014](#). Dómur 6. október 2014. Alþýðusamband Íslands vegna Rafiðnaðarsambands Íslands f.h. Félags íslenskra rafvirkja gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Rio Tinto Alcan á Íslandi hf.

Mál nr. [6/2013](#). Dómur 10. júlí 2013. Alþýðusamband Íslands vegna Rafiðnaðarsambands Íslands, vegna Félags íslenskra símamanna, vegna K gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Já upplýsingaveitna hf.

[Mál nr. 10/2009: Dómur frá 1. nóvember 2010](#). Alþýðusamband Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands vegna JMD gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Háskólans á Bifröst.

[Mál nr. 8/2009: Dómur frá 16. september 2009](#). Alþýðusamband Íslands fyrir hönd Starfsgreinasambands Íslands vegna AFLS starfsgreinafélags vegna GÓS gegn Smiðum ehf.

[Mál nr. 3/2003: Dómur frá 19. maí 2004](#). Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambandsins vegna Verkalýðsfélagsins Hlífar gegn Bátagerðinni Samtaki ehf.

#### **Verkfall:**

Mál nr. [8/2015](#). Dómur 25. mars 2015. Samtök atvinnulífsins f.h. Ríkisútvarpsins ohf. gegn Alþýðusambandi Íslands f.h. Rafiðnaðarsambands Íslands vegna Félags tæknifólks í rafiðnaði og Félags rafeindavirkja.

[Mál nr. 2/2011: Dómur frá 3. febrúar 2011](#). Samtök atvinnulífsins gegn Alþýðusambandi Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Afls stéttarfélags.

[Mál nr. 1/2011: Dómur frá 3. febrúar 2011](#). Samtök atvinnulífsins gegn Alþýðusambandi Íslands f.h. Starfsgreinasambands Íslands vegna Drífanda stéttarfélags.

#### **Annað:**

*Afsal kjarasamningsbundinna réttinda.*

[Mál nr. 11/2011: Dómur frá 30. júní 2011](#). Alþýðusamband Íslands f.h. Samiðnar vegna Fagfélagsins gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Fonsa ehf.

*Skuldbinding kjarasamnings.*

[Mál nr. 9/2002: Dómur frá 8. nóvember 2002](#) Alþýðusamband Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins.

*Mál fellt niður að ósk aðila.*

[Mál nr. 12/2000: Úrskurður frá 21. nóvember 2000](#). Bifreiðastjórafélagið Sleipnir gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Allrahanda/Ísferðir ehf.

#### **Sjór**

##### **Félagsréttindi:**

[Mál nr. 2/2008: Úrskurður frá 19. júní 2008](#). JG gegn Farmanna- og fiskimannasambandinu vegna Félags skipstjórnarmanna.

##### **Túlkun kjarasamnings:**

*Mótmælaaðgerðir útvegsmanna gegn frumvörpum sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til breytinga á lögum um stjórn fiskveiða og veiðigjöld*

Mál nr. [3/2013](#). Dómur 11. október 2013. Alþýðusamband Íslands f.h. aðildarfélaga þess gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Landsambands íslenskra útvegsmanna.

*Ráðning. Uppsagnarfræstur.*

[Mál nr. 6/2007: Dómur frá 21. desember 2007](#). Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f.h. Félags skipstjórnarmanna gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Samherja hf.

*Frí:*

*Hafnarfrí.*

[Mál nr. 5/2006: Dómur frá 22. desember 2006.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Brims hf.

*Skerðing á vetrarfrí.*

[Mál nr. 6/2006: Dómur frá 12. október 2006.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Hitaveitu Suðurnesja hf.

*Frí.*

[Mál nr. 7/2005: Dómur frá 21. desember 2005.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Snæfellsness vegna Soffaníasar Cecilssonar hf.

*Frí.*

[Mál nr. 6/2005: Dómur frá 21. desember 2005.](#) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f.h. Félags skipstjórnarmanna gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Snæfellsness vegna Soffaníasar Cecilssonar hf.

*Úthald skips.*

[Mál nr. 5/2005: Dómur frá 16. júní 2005.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasamband Íslands vegna Sjómannafélags Eyjafjarðar gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélagi Norðurlands vegna Brims hf.

*Úthald skips.*

[Mál nr. 4/2005: Dómur frá 16. júní 2005.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélagi Norðurlands vegna Brims hf.

*Hafnafrí.*

[Mál nr. 3/2005: Dómur frá 15. apríl 2005.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Útgerðarfélaginu Sólbaki ehf.

*Hafnafrí.*

[Mál nr. 14/2004: Dómur frá 24. febrúar 2005.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Brims hf.

*Frí við löndun.*

[Mál nr. 11/2003: Dómur frá 22. desember 2003.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélags Eyjafjarðar gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Samherja hf.

*Frí við löndun.*

[Mál nr. 10/2003: Dómur frá 22. desember 2003.](#) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f.h. Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Samherja hf.

*Frí við löndun.*

[Mál nr. 9/2003: Dómur frá 22. desember 2003.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Samherja hf.

*Frí.*

[Mál nr. 8/2003: Dómur frá 12. desember 2003.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Samherja hf.

*Frí.*

[Mál nr. 7/2003: Dómur frá 12. desember 2003.](#) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f.h. Skipstjóra- og stýrimannafélags Norðlendinga gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands vegna Samherja hf.

*Hafnarfrí.*

[Mál nr. 12/2002: Dómur frá 20. desember 2002.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélagsins Jötnunn gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsbændafélags Vestmannaeyja f.h. Ufsabergs ehf.

*Haldið til veiða á sjómannadaginn.*

[Mál nr. 11/2002: Dómur frá 20. desember 2002.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélagsins Jötuns gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landsambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsbændafélags Vestmannaeyja f.h. Ísfélags Vestmannaeyja hf.

*Hafnarfrí.*

[Mál nr. 5/2001: Dómur frá 27. apríl 2001.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómannafélagsins Jötuns gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Útvegsbændafélags Vestmannaeyja vegna Útgerðarfélags Vestmannaeyja hf.

## **Laun**

*Aflaverðmæti/laun.*

[Mál nr. 10/2004: Dómur frá 20. desember 2004.](#) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands f.h. Félags skipstjórnarmanna gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Reykjavíkur vegna Péturs Stefánssonar ehf.

*Hluti af aflaverðmæti.*

[Mál nr. 6/2002: Dómur frá 11. júlí 2002.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna aðildarfélags þess gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landsambands íslenskra útvegsmanna vegna aðildarfélaga þess.

*Ákvörðun launa.*

[Mál nr. 7/2001: Dómur frá 18. apríl 2001.](#) Farmanna- og fiskimannasamband Íslands vegna Félags íslenskra skipstjórnarmanna gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Eimskipafélags Íslands hf.

*Laun.*

[Mál nr. 3/2001: Dómur frá 27. febrúar 2001.](#) Vélstjórafélag Íslands f.h. JH gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Norðurlands f.h. Siglfirðings ehf.

*Samningur um skiptaverð rækju.*

[Mál nr. 8/1999: Dómur frá 14. janúar 2000.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Þórmóðs ramma-Sæberg hf.

## **Verkfall/verkbann:**

*Veiðar eftir að verkfall hófst.*

[Mál nr. 15/2001: Dómur frá 8. apríl 2002.](#) Vélstjórafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna f.h. Útvegsmannafélags Snæfellsness vegna Bervíkur ehf.

*Verkbann.*

[Mál nr. 14/2001: Dómur frá 12. nóvember 2001.](#) Alþýðusamband Íslands og Alþýðusamband Vestfjarða vegna Verkalýðsfélags Patreksfjarðar, Verkalýðs- og sjómannafélags Tálknafjarðar, Verkalýðsfélagsins Varnar, Verkalýðsfélagsins Brynju, Verkalýðsfélagsins Skjaldar, Verkalýðs- og sjómannafélagsins Súganda, Verkalýðs- og sjómannafélags Álftfirðinga, Verkalýðsfélags Hólmavíkur og Verkalýðsfélags Kaldrananeshrepps gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Vestfjarða.

## **Gerðardómur:**

*Túlkun gerðardóms.*

[Mál nr. 19/2001: Dómur frá 10. desember 2001.](#) Alþýðusamband Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna aðildarfélaga þess gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna aðildarfélaga þess.

## **Flug**

### **Túlkun kjarasamnings:**

*Þóknun af sölu varnings um borð í flugvélum félagsins.*



Mál nr. [11/2014](#). Dómur 20. febrúar 2015. Alþýðusamband Íslands, f.h. Flugfreyjufélags Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins, f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar, vegna Icelandair ehf.

*Vaktafrí/aukafrídagur.*

[Mál nr. 5/2012: Dómur frá 4. október 2012](#). Félag íslenskra atvinnuflugmanna v/BA gegn Samtökum atvinnulífsins v/Flugfélagsins Atlanta ehf.

*Forgangsréttur.*

[Mál nr. 1/2012: Dómur frá 1. mars 2012](#). Alþýðusamband Íslands f.h. Flugfreyjufélags Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Iceland Express.

*Ráðning í starf.*

[Mál nr. 4/2010: Dómur frá 2. júlí 2010](#). Flugvirkjafélag Íslands f.h. gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Icelandair ehf.

*Forgangsréttur. Kjör.*

[Mál nr. 11/2009: Dómur frá 10. mars 2010](#). Alþýðusamband Íslands f.h. Flugfreyjufélags Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Icelandair ehf.

*Störf þjónustustjóra voru því lögð niður.*

[Mál nr. 7/2009: Dómur frá 28. júlí 2009](#). Félag flugumsjónarmanna á Íslandi gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Flugþjónustunnar á Keflavíkurflugvelli ehf.

*Starfsaldurslisti.*

[Mál nr. 1/2009: Úrskurður frá 3. apríl 2009](#). BA, HK, JMH, KS og ÖG gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Air Atlanta Icelandic og Félagi íslenskra atvinnuflugmanna vegna starfsráðs Air Atlanta Icelandic.

*Uppsögn.*

[Mál nr. 7/2006: Dómur frá 23. janúar 2007](#). Flugvirkjafélag Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Flugfélagsins Atlanta ehf.

*Breytinga á starfsskyldum.*

[Mál nr. 10/2006: Dómur frá 15. janúar 2007](#). Alþýðusamband Íslands f.h. Flugfreyjufélags Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Icelandair ehf.

*Hvíldardagar.*

[Mál nr. 9/2006: Dómur frá 15. janúar 2007](#). Alþýðusamband Íslands f.h. Flugfreyjufélags Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Icelandair hf.

*Ráðning. Uppsögn. Forgangur.*

[Mál nr. 4/2002: Dómur frá 26. júní 2002](#). GKE o.fl. gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Flugleiða hf. og Flugfélags Íslands hf. og Arngrími Arngrímssyni o.fl.

*Forgangur flugmanna á starfsaldurslista.*

[Mál nr. 21/2001: Dómur frá 24. janúar 2002](#). JE o.fl. gegn Samtökum atvinnulífsins vegna Flugleiða hf. og Flugfélags Íslands hf. og meðalgöngusök AA o.fl.

*Upphaf uppsagnarfrests.*

[Mál nr. 20/2001: Dómur frá 21. desember 2001](#). Alþýðusamband Íslands f.h. Flugfreyjufélags Íslands gegn Samtökum atvinnulífsins f.h. Flugleiða hf.

**Verkfall:**

*Verkfall.*

[Mál nr. 4/2012: Dómur frá 29. mars 2012](#). Samtök atvinnulífsins f.h. Samtaka ferðaþjónustunnar vegna Iceland Express ehf. gegn Alþýðusambandi Íslands vegna Flugfreyjufélags Íslands.

## **Viðauki II**

**Lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.**

## Lög nr. 29/1976 um kjarasamninga Bandalags starfsmanna ríkis og bæja.

### I. KAFLI

#### 1. gr.

Lög þessi taka til allra starfsmanna sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess og skipaðir eru, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum. enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til

1. ráðherra, hæstaréttardómara né saksóknara ríkisins;
2. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

#### 2. gr.

Um laun og önnur starfskjör þeirra starfsmanna, sem lög þessi taka til, skal fara eftir ákvæðum laga þessara og kjarasamninga er gerðir eru samkvæmt þeim. Kjarasamningur greinist í tvo þætti, aðalkjarasamning og sérkjarasamning.

#### 3. gr.

Fjármálaráðherra fer með fyrirvar ríkissjóðs við gerð og framkvæmd kjarasamninga samkvæmt lögum þessum. Hann skipar nefnd manna til að annast samninga af sinni hendi.

#### 4. gr.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja fer með fyrirvar starfsmanna um gerð aðalkjarasamnings samkvæmt lögum þessum og aðrar ákvarðanir í sambandi við hann.

Bandalagið skal velja sér samninganefnd sem fer með umboð þess til samningagerðar. Tilkynna skal samninganefnd ríkisins eigi síðar en við uppsögn samninga hverjir skipi samninganefnd.

Einstök félög innan bandalagsins fara með fyrirvar félagsmanna sinna um gerð sérkjarasamninga. Stjórnir einstakra félaga eða sérstaklega kjörnar nefndir skulu fara með umboð félags síns til samningagerðar. Heimilt er þó félagi að fela samninganefnd heildarsamtakanna að annast gerð sérsamninga. Stjórn heildarsamtakanna skal eigi síðar en við uppsögn kjarasamninga tilkynna samninganefnd ríkisins hvaða félög fari með sammingsrétt um gerð sérkjarasamninga.

#### 5. gr.

Ríkisstarfsmaður, sem lög þessi taka til, á rétt til að vera félagi Bandalags starfsmanna ríkis og bæja eða félags innan vébanda þess, eftir nánari reglum í samþykktum bandalagsins. Ríkisstarfsmaður samkvæmt þessum lögum má eigi vera félagi eða aðili að félagi annarra viðurkenndra heildarsamtaka.

#### 6. gr.

Ríkisstarfsmaður, sem eigi er innan vébanda heildarsamtaka þeirra sem viðurkenningu hafa hlotið samkvæmt þessum lögum eða öðrum, skal greiða gjald til þeirra heildarsamtaka og aðildarfélags er hann ætti að tilheyra sem er jafnt og það gjald er mönnum í sambærilegri stöðu er gert að greiða séu þeir innan heildarsamtaka.

### II. KAFLI

#### 7. gr.

Í aðalkjarasamningi skal kveðið á um fjölda launaflokka, meginreglur til viðmiðunar um skipan í launaflokka, föst laun, vinnutíma, þar með taldar vinnuvökur, laun fyrir yfirvinnu, orlof, ferðakostnað, fæðisaðstöðu, fæðiskostnað, tryggingar, starfsmenntun og annað sem aðilar verða sammála um.

Í sérkjarasamningi skal kveðið á um röðun manna og starfsheita í launaflokka svo og þau kjaraatriði sem aðalkjarasamningur tekur ekki til og eigi eru lögbundin.

Um aukatekjur og hlunnindi, sem líkt er farið, skal kveða á í reglugerð sem fjármálaráðherra setur.

**8. gr.**

Kjarasamningar skulu vera skriflegir. Þeir skulu gerðir til eigi skemmri tíma en tveggja ára miðað við mánaðamót.

**9. gr.**

Uppsagnarfrestur kjarasamnings af hendi beggja aðila skal eigi vera skemmri en 3 mánuðir. Uppsögn aðalkjarasamnings felur í sér uppsögn sérsamninga. Sérkjarasamningum verður ekki sagt upp sérstaklega.

Uppsögn skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

**10. gr.**

Kjarasamningur framlengist um eitt ár í senn, m. a. með óbreyttum uppsagnarfresti, hafi honum eigi verið sagt upp réttilega.

**11. gr.**

Í samþykktum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja skal vera ákveðið hver taki ákvörðun um uppsögn kjarasamnings, boðun verkfalls og hvernig ákvörðun þar um skuli tekin.

**12. gr.**

Aðili, er segir upp kjarasamningi, skal samtímis uppsögn senda gagnaðila sínum kröfugerð og megingtillögur um nýjan aðalkjarasamning og skulu samningsviðræður þá þegar upp teknar.

Þegar liðinn er mánuður frá upphafi uppsagnarfrests skulu aðildarfélög Bandalags starfsmanna ríkis og bæja senda gagnaðila sínum megingtillögur sínar og kröfugerð um sérsamninga.

**13. gr.**

Endurrit af uppsögn aðalkjarasamnings svo og tillögur og kröfugerð um nýja samninga skal senda sáttasemjara ríkisins í vinnudeilum samtímis og gögn þessi eru send gagnaðila.

**14. gr.**

Nú rennur kjarasamningur út vegna uppsagnar og skal þó eftir honum farið uns nýr kjarasamningur hefur verið gerður eða vinnustöðvun hefst.

**15. gr.**

Hafi samningar ekki tekist á fyrstu 60 dögum uppsagnarfrests skal sáttasemjari ríkisins í vinnudeilum taka deilu um aðalkjarasamning til meðferðar og leita um sættir. Heimilt er hvorum aðila að vísa kjaradeilu fyrr til sáttasemjara.

Sáttasemjari skal kveðja tvo menn með sér til að vinna að lausn kjaradeilu. Menn þessir skulu hafa réttindi og skyldur sáttasemjara í starfi sínu.

**16. gr.**

Unnið skal að gerð sérkjarasamninga jafnhliða því sem unnið er að gerð aðalkjarasamnings.

Ef gerð sérkjarasamninga er ekki lokið innan 45 daga frá undirritun aðalkjarasamnings, samþykkt sáttatillögu eða miðlunartillögu skal Kjaranefnd skv. 30. gr. taka deilu til meðferðar. Skal nefndin úrskurða um ágreiningsefni innan 45 daga. Gildir úrskurður hennar sem samningur sama tíma og aðalkjarasamningur.

**17. gr.**

Aðilar kjarasamnings bera fébótaábyrgð á samningsrofum þeim sem þeir sjálfir eða lögmætir fulltrúar þeirra gerast sekir um í störfum sínum fyrir þá. Á samningsrofum einstakra félagsmanna bera heildarsamtök eða einstök félög því aðeins ábyrgð að þeim verði gefin sök á samningsrofinu.

Ekki er heimilt að gera aðför í fundarhúsum, styrktarsjóðum, orlofsjóðum, orlofsheimilum eða menningarsjóðum heildarsamtaka eða einstakra félaga vegna þessarar ábyrgðar enda séu eignir þessar skýrt aðgreindar frá öðrum eignum og óheimilt að verja þeim til almennra þarfa.

### III. KAFLI

#### 18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 33/1915, um verkfall opinberra starfsmanna, er Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja heimilt að gera verkfall í þeim tilgangi að stuðla að framgangi krafna sinna í deilu um aðalkjarasamning með þeim skilyrðum og takmörkunum sem sett eru í lögum þessum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

#### 19. gr.

Ákvörðun um vinnustöðvun ber að tilkynna ríkissáttasemjara og þeim, sem hún beinist gegn, skemmst 15 sólarhringum áður en hún skal hefjast. Verkfallsboðun skal vera skrifleg og send í ábyrgðarbréfi eða kynnt viðtakanda á annan sannanlegan hátt.

#### 20. gr.

Óheimilt er að hefja vinnustöðvun

1. ef ágreiningur er einungis um atriði sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnægingar dómum hans;
2. ef tilgangur vinnustöðvunarinnar er að þvinga stjórnvöld til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ber ekki að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir þar sem stjórnvöld eru aðili sem vinnuveitandi;
3. ef samþykkt hefur verið sáttatillaga sáttanefndar samkvæmt 24. gr.;
4. til stuðnings aðila í annarri kjaradeilu.

#### 21. gr.

Hafi verkfall verið boðað skal sáttanefnd leggja fram sáttatillögu um aðalkjarasamninga a. m. k. fimm sólarhringum áður en verkfall skal hefjast. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram sáttatillögu.

Sáttanefnd ákveður í samráði við samninganefndir aðila hvernig atkvæðagreiðsla skuli háttað, þar á meðal um fjölda kjörstaða, og hvenær hún skuli fram fara.

Fjármálaráðherra greiðir atkvæði vegna ríkissjóðs.

Hver ríkisstarfsmaður innan Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem á í kjaradeilu, hefur atkvæðisrétt. Leggja skal fram kjörskrá áður en atkvæðagreiðsla hefst. Félagsdómur dæmir um kjörskrárdeilur.

Atkvæðagreiðsla skal vera skrifleg og leynileg og standa í minnst 2 daga. Sáttanefnd eða fulltrúum hennar er heimilt að vera á kjörfundum.

#### 22. gr.

Þegar sáttatillaga samkvæmt 21. gr. hefur verið lögð fram getur sáttanefnd frestað boðuðu verkfalli í allt að 15 sólarhringa. Haft skal samráð við samninganefndir aðila áður en verkfallsfrestun er ákveðin.

#### 23. gr.

Jafnskjött og atkvæðagreiðsla er lokið skulu atkvæði og kjörgögn send sáttanefnd.

Talning atkvæða fer fram undir stjórn sáttanefndar og er hvorum aðila heimilt að hafa umboðsmann viðstaddan talningu.

#### **24. gr.**

Sáttatillaga telst felld ef helmingur greiddra atkvæða hið minnsta er á móti henni enda hafi ekki færri en helmingur atkvæðisbærra ríkisstarfsmanna á kjörskrá greitt atkvæði. Annars telst sáttatillaga samþykkt.

Sáttanefnd úrskurðar um öll vafaatriði sem rísa kunna við atkvæðagreiðslur. Er úrskurður sáttanefndar endanlegur.

Sáttatillaga, sem hefur verið samþykkt, telst gildur aðalkjarasamningur frá þeim degi er atkvæðagreiðsla fór fram og næstu 24 mánuði, sbr. 8. gr.

#### **25. gr.**

Nú er vinnustöðvun hafin og sáttatilraunir sáttanefndar hafa ekki borið árangur og er henni þá rétt að leggja fram miðlunartillögu til lausnar kjaradeilu. Sáttanefnd ber að ráðgast við samninganefndir aðila áður en hún leggur fram miðlunartillögu.

Um atkvæðagreiðslur um miðlunartillögu gilda ákvæði 21., 23. og 24. gr. eftir því sem við á.

### **IV. KAFLI**

#### **26. gr.**

Þótt löglegt verkfall sé hafið er starfsmönnum, sem í verkfalli eru, skylt að starfa svo að haldið verði uppi nauðsynlegri öryggisvörslu og heilsugæslu. Kjaradeilunefnd ákveður hvaða einstakir menn skuli vinna í verkfalli og hún skiptir vinnuskyldu á milli manna. Um laun og kjör þessara manna meðan á verkfalli stendur skal fara eftir þeim kjarasamningi sem gerður verður að loknu verkfalli.

#### **27. gr.**

Kjaradeilunefnd skal skipuð níu mönnum. Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna til þrjú menn. Fjármálaráðherra skal nefna til þrjú menn. Tveir skulu kosnir af sameinuðu Alþingi og einn nefndur af Hæstarétti og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu valdir á sama hátt. Nefndarmenn skulu skipaðir eða kosnir til fjögurra ára.

Neiti bandalagið eða fjármálaráðherra að nefna menn í nefndina eða menn þeir sem nefndir hafa verið neiti að starfa, skulu þeir þrír nefndarmenn sem kjörnir eru af Alþingi og Hæstarétti nefna menn í nefndina þannig að hún verði fullskipuð.

### **V. KAFLI**

#### **28. gr.**

Þrátt fyrir önnur ákvæði laga þessara er mönnum þeim, sem skipa störf þau er upp eru talin í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum, og eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, óheimilt að gera verkfall.

#### **29. gr.**

Um laun og önnur kjör þeirra manna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja og um ræðir í 28. gr., skal samið af samninganefnd bandalagsins og viðkomandi starfsmannafélagi. Hafi samningar eigi tekist innan 45 daga frá gerð aðalkjarasamnings skal leggja deiluna fyrir Kjaranefnd sem úrskurðar endanlega um hana.

### **VI. KAFLI**

#### **30. gr.**

Kjaranefnd skal skipuð fimm mönnum til fjögurra ára í senn.  
Hæstiréttur skipar þrjá nefndarmenn. Skal einn þeirra vera lögfræðingur og formaður nefndarinnar.

Fjármálaráðherra skipar einn nefndarmann.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna einn mann í nefndina.

Sömu aðilar skipa varamenn í Kjaranefnd.

Neiti heildarsamtök eða fjármálaráðherra að nefna menn í nefndina eða neiti þeir menn, sem nefndir hafa verið, að starfa í nefndinni, skulu þeir þrír nefndarmenn sem skipaðir eru af Hæstarétti nefna menn í þeirra stað þannig að nefndin verði fullskipuð.

### **31. gr.**

Kjaranefnd sker til fullnaðar úr ágreiningi aðila um þessi atriði:

1. Röðun manna og starfsheita í launaflokka og önnur atriði í sérkjarasamningi, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 2. mgr. 16. gr.

2. Deilum sem rísa kunna á samningstímabili um skipan manna í launaflokka og önnur kjaraatriði sem um er fjallað í sérkjarasamningi.

3. Laun og starfskjör þeirra manna sem um ræðir í 28. gr., sbr. 29. gr.

4. Kjör þeirra sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja en ekki í einstöku aðildarfélagi bandalagsins.

Einstök félög fara með fyrirsvor starfsmanna fyrir Kjaranefnd þegar fjallað er um þau mál sem um ræðir í 1.-3. tl.

### **32. gr.**

Aðilar skulu leggja ágreiningsefni sín skriflega fyrir Kjaranefnd, lýsa því sem þeir eru sammála um og setja fram sjónarmið sín og rökstyðja.

### **33. gr.**

Kjaranefnd aftar sér sjálf nauðsynlegra gagna og upplýsinga og er henni rétt að krefjast skýrslna, munnlegra og skriflegra, af einstökum mönnum, þar með töldum embættismönnum.

Kjaranefnd getur kvatt sérfróða menn til starfa í þágu nefndarinnar og til ráðuneytis um úrlausn mála.

## **VII. KAFLI**

### **34. gr.**

Félagsdómur dæmir í málum sem rísa á milli sammingsaðila um gildi verkfalls, ágreining um skilning á kjarasamningi, félagsréttindi ríkisstarfsmanna, kjörskrárdeilur og hverjir falli undir ákvæði 29. gr. laga nr. 38/1954.

### **35. gr.**

Þegar Félagisdómur fer með slík mál nefnir Bandalag starfsmanna ríkis og bæja svo og fjármálaráðherra dómara til setu í dómnum í stað þeirra sem nefndir hafa verið af Alþýðusambandi Íslands og Vinnuveitendasambandi Íslands.

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja rekur mál fyrir Félagisdómi vegna sjálfs sín, félaga innan sambanda sinna og svo starfsmanna sem hlut eiga að máli. Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum laga um stéttarfélag og vinnudeilur um sóknaraðild máls fyrir Félagsdómi.

## **VIII. KAFLI**

### **36. gr.**

Ríkisstafsmenn emu skulu velja menn í samninganefndir og í þeim mega aðeins eiga sæti félagsmenn í félögum ríkisstafsmanna. Sama gildir þegar stjórnir félaga fara með samninga og aðrar þær ákvarðanir eru teknar er varða kjör ríkisstafsmanna.

Enginn ríkisstafsmaður má taka þátt í atkvæðagreiðslu eða ákvörðun um kjaramál nema í einu félagi innan heildarsamtakanna.

#### **37. gr.**

Ákvæði í ráðningarsamningi er ógilt ef það brýtur bága við kjarasamning starfsmanni í óhag.

#### **38. gr.**

Nú er sett á fót ný ríkisstofnun og skal þá ákveða kjör starfsmanna hennar með samkomulagi milli fjármálaráðherra og þeirra aðildarfélaga viðurkenndra heildarsamtaka sem í hlut eiga.

Náist ekki samkomulag milli þessara aðila skal Kjaranefnd skera úr deilunni.

Sama gildir ef stofnaðar eru nýjar stöður við stofnanir ríkisins.

#### **39. gr.**

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja skal nefna tvo menn í samstarfsnefnd og fjármálaráðherra tvo. Hlutverk nefndarinnar skal vera að stuðla að samræmingu á framkvæmd laga þessara. Þá skal leggja fyrir nefndina deilumál sem upp kunna að rísa. Verði samkomulag í samstarfsnefnd um atriði skal það bindandi fyrir báða aðila.

Heimilt er að koma á fót sérstökum samstarfsnefndum einstakra félaga og fjármálaráðherra til að fjalla um ágreiningsmál sem upp koma.

#### **40. gr.**

Kostnaður við Kjaradeilunefnd og Kjaranefnd, þar á meðal laun nefndarmanna eftir ákvörðun ráðherra, greiðist úr ríkissjóði.

#### **41. gr.**

Starfsmenn borgar-, bæjar- og sveitarstjórna svo og sýslufélaga hafa samningsrétt samkvæmt ákvæðum laga þessara að því breyttu að einstök félög starfsmanna, sem hlutaðeigandi sveitarstjórnir eða sýslunefndir viðurkenna, fara með allan samningsrétt. Skal nánar kveðið á um þetta í reglugerð er félagsmálaráðherra skal setja að höfðu samráði við stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja. Í reglugerð þessari má kveða á um aðra fresti en ákveðnir eru í lögum þessum svo og hliðstæð ákvæði og um getur í 29. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum.

### **IX. KAFLI**

#### **42. gr.**

Á hverri vinnustöð, þar sem a. m. k. fimm menn vinna, er starfsmönnum heimilt að kjósa úr sínum hópi einn trúnaðarmann. Á vinnustöð, þar sem fimmtíu menn eða fleiri vinna, má kjósa tvo trúnaðarmenn. Trúnaðarmenn skal kjósa til tveggja ára í senn. Val trúnaðarmanna skal tilkynna vinnuveitanda og stjórn stéttarfélags þegar í stað.

Heimilt er einstökum félögum að semja um aðra skipan á vali trúnaðarmanna en að framan greinir.

#### **43. gr.**

Trúnaðarmaður skal gæta þess að vinnuveitandi og fulltrúar hans haldi kjarasamning og réttur starfsmanna sé í hvítvetna virtur, einkum um orlof, vinnuvernd, öryggi og hollustuhætti.

Starfsmönnum ber að snúa sér til trúnaðarmanns með umkvartanir sínar. Ber trúnaðarmanni að rannsaka málið þegar í stað er umkvartanir berast eða hann hefur ástæðu til að ætla að gengið sé á rétt starfsmanna eða stéttarfélags á vinnustöð hans af hálfu vinnuveitanda. Komist trúnaðarmaður að þeirri



niðurstöðu að umkvartanir eða grunur hafi við rök að styðjast her honum að krefja vinnuveitanda eða umboðsmann hans um lagfæringu.

Trúnaðarmaður skal gefa starfsmönnum á vinnustöðinni svo og stéttarfélagi, er í hlut á, skýrslu um kvartanir starfsmanna jafnskjótt og við verður komið. Enn fremur gefur hann sömu aðilum skýrslu um hvað vinnuveitandi hafi brotið af sér við starfsmenn og stéttarfélag þeirra svo og hvaða lagfæringar hafi fengist fram.

Trúnaðarmaður á rétt til að rækja skyldur sínar í vinnutíma enda geri hann yfirmanni sínum grein fyrir erindi sínu hverju sinni.

Á vinnustaðnum skal honum veitt aðstaða til þess m. a. að eiga einkaviðræður við samstarfsmenn sína, halda með þeim fundi í kaffitímum eða við lok vinnudags, þar sem því verður við komið, veita honum aðgang að síma o. s. frv.

#### **44. gr.**

Gefa skal trúnaðarmanni upplýsingar um ef staða losnar á vinnustað hans eða í ráði er að bæta við starfsmanni. Jafnframt skal láta honum í té upplýsingar um ráðningarkjör og um það hverjir sækja um starfann.

Trúnaðarmaður skal í engu gjalda þess í starfi eða á annan hátt að hann hefur valist til þessa trúnaðarstarfs.

Óheimilt er að flytja trúnaðarmann í lægri launaflokk meðan hann gegnir starfi trúnaðarmanns.

Sé trúnaðarmaður valinn úr hópi starfsmanna sem ráðnir eru með uppsagnarfresti skal hann að öðru jöfnu sitja fyrir um að halda vinnunni.

#### **45. gr.**

Brot á lögum þessum varða stöðumissi, sektum eða varðhaldi.

#### **46. gr.**

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1977, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Jafnframt falla úr gildi gagnvart félagsmönnum Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og félaga innan vébanda þess ákvæði laga nr. 33/1915.

### **Ákvæði til bráðabirgða.**

#### **I.**

Ákvæði II. kafla laganna svo og ákvæði VI. kafla skulu gilda um þá sérkjarasamninga sem gerðir verða í framhaldi af aðalkjarasamningi, dags. 1. apríl 1976, eftir því sem við á, svo og ákvæði VII. kafla. Ef gerð sérkjarasamninga á árinu 1976 verður ekki lokið fyrir 1. júní skal Kjaranefnd samkvæmt II. kafla taka deilu til meðferðar og ljúka úrskurði um ágreiningsefni fyrir 1. júlí og gildir úrskurður hennar sem samningur frá og með 1. júlí.

#### **II.**

Heimilt er að segja upp aðalkjarasamningi, dags. 1. apríl 1976, með þeim fyrirvara er um getur í 9. gr. laganna miðað við 1. júlí 1977. Skal um aðdraganda þeirrar samningsgerðar, verkfallsboðanir o. fl. farið samkvæmt þessum lögum eftir því sem við á.

#### **III.**

Kjaradeilunefnd samkvæmt IV. kafla laga þessara skal skipuð og taka til starfa eigi síðar en 1. jan. 1977.